



ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

**Úttekt á viðbrögðum og
málsmeðferð KSÍ vegna
kvartana og ábendinga sem
KSÍ hafa borist um kynbundið
og kynferðislegt ofbeldi
2010 til 2021.**

**Hafrún Kristjánsdóttir,
Kjartan Bjarni Björgvinsson og Rán Ingvarsdóttir**



Efnisyfirlit

1. kafli.	4
1.1. Inngangur	4
1.2. Starfsgrundvöllur nefndarinnar og vinnuaðferðir	5
1.3. Helstu niðurstöður	10
1.4. Tillögur að úrbótum	12
2. kafli: Lagaumhverfi og reglur	14
2.1. Inngangur	14
2.2. Lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna	15
2.3. Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015	21
2.4. Skyldur KSÍ sem atvinnurekanda í málum sem varða ofbeldi	22
2.4.1. Almenn	22
2.4.2. Hversu formlegar þurfa upplýsingar eða tilkynningar um ofbeldi að vera svo að KSÍ sé skylt að bregðast við?	24
2.4.3. Skyldur KSÍ sem atvinnurekanda þegar kemur að leikmönnum landsliða á meðan á landsliðsverkefni stendur	26
2.5. Meðferð tilkynninga um ofbeldi – helstu álitæfni	28
2.5.1. Persónuverndarreglur	28
2.5.2. Ætti leikmaður sjálfkrafa ekki að vera valinn í landsliðshóp ef tilkynnt hefur verið um ofbeldi eða áreitni af hans hálfu?	29
2.5.3. Einstaklingur sem tilkynnir um ofbeldi eða áreitni er utanaðkomandi aðili	31
2.5.4. Er hægt að skylda leikmenn til að upplýsa um kærur úr málaskrá lögreglu?	32
2.5.5. Önnur álitæfni	33
2.6. Lög nr. 45/2019 um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs	34
2.6.1. Almenn	34
2.6.2. Hlutverk samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs þegar kemur að tilkynningum um brot af hálfu leikmanna A-landsliða meðan á landsliðsverkefni stendur	35
2.7. Ákvæði sem varða ofbeldi og ósæmilega hegðun í lögum, reglugerðum og starfsreglum ÍSÍ og KSÍ (innra regluverk KSÍ)	37
2.8. Nær innra regluverk KSÍ til leikmanna A-landsliða meðan á landsliðsverkefni stendur?	40
2.9. Samantekt	41



3. kafli.	43
3.1. Aðdragandi að afsögn formanns og stjórnar KSÍ og meðferð einstakra tilkynninga og ábendinga um ofbeldi	43
3.2. Frásögn um að A hafi beitt ofbeldi	45
3.3. Frásögn um að B hafi beitt ofbeldi	47
3.4. Frásögn Z um að C og D hafi beitt hana ofbeldi	51
3.5. Önnur mál	83
3.6. Niðurstöður	84
3.6.1. Vitneskja innan stjórnar og meðal starfsmanna KSÍ um frásagnir af kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi	84
3.6.2. Um það hvort nauðgunar- og þöggunarmenning sé til staðar innan KSÍ	86
4. kafli: Eru einhverjar aðstæður uppi innan KSÍ sem hamla þátttöku kvenna í starfi sambandsins?	92
4.1. Staða kvenna innan íþróttahéimsins	92
4.1.1. Erlendar rannsóknir	92
4.1.2. Staðan á Íslandi	95
4.1.3. Knattspyrnusamband Íslands	97
4.2. Hvað hefur KSÍ gert til að vinna að auknu kynjajafnrétti?	97
4.3. Eru einhverjar aðstæður uppi innan KSÍ sem hamla þátttöku kvenna í starfsemi KSÍ? – upplifun viðmælenda	100
4.4. Samantekt og ályktanir	103
5. kafli: Tillögur að útbótum	104
5.1. Grundvöllur að tillögum er varða umbætur á verkferlum	105
5.2. Grundvöllur að tillögum er miða að því að auka hlut kvenna í starfsemi KSÍ	106



1. kafli

1.1. Inngangur

Sunnudaginn 29. ágúst sl. ákvað Guðni Bergsson að segja af sér sem formaður Knattspyrnusambands Íslands („KSÍ“) á stjórnarfundinum þar sem rætt var hvort KSÍ hefði brugðist með viðunandi hætti við frásögnum af kynferðisofbeldi og öðru ofbeldi leikmanna íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu. Næsta dag sagði öll stjórn KSÍ af sér í kjölfar yfirlýsingar Íslensks toppfótbolta („ÍTF“), hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum knattspyrnunnar á Íslandi, þar sem stjórn og framkvæmdastjóri KSÍ voru hvött til að axla ábyrgð á þeim málum sem hefðu verið til umfjöllunar dagana á undan.

Sama dag gerðu Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands („ÍSÍ“), Alþjóðaknattspyrnusambandið („FIFA“) og Knattspyrnusamband Evrópu („UEFA“) stjórn og framkvæmdastjóra KSÍ grein fyrir mikilvægi þess að réttkjörin stjórn sæti áfram þar til að ný stjórn yrði kjörin á aukabíngi 2. október 2021. Ef KSÍ yrði stjórnarlaust var að mati UEFA raunveruleg hættu á því að FIFA tæki starfsemi KSÍ yfir. Kanna þyrfti hvort slík yfirtaka myndi hafa þær afleiðingar að öll landslið Íslands misstu þátttökurétt sinn á mótum innan vébanda FIFA.

Að beiðni stjórnar KSÍ ákvað framkvæmdastjórn ÍSÍ síðan í framhaldinu að setja á fót nefnd til að framkvæma úttekt á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ, stjórnarmanna þess og starfsmanna vegna kvartana og ábendinga sem KSÍ hafa borist um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi iðkenda innan hreyfingarinnar á árabílinu 2010 til 2021. Sú ákvörðun byggðist á 18. gr. laga ÍSÍ en samkvæmt því ákvæði er það m.a. hlutverk framkvæmdastjórnar ÍSÍ að fylgjast með störfum þeirra sársambanda sem tilheyra ÍSÍ og fylgjast með því að lögum og reglum ÍSÍ og sambandsaðila þess sé hlýtt.

Samkvæmt ákvörðuninni var hlutverk nefndarinnar afmarkað með eftirfarandi hætti:

- *Leitast við að staðreyna eins og kostur er þá atburðarás sem leiddi til afsagnar formanns og fyrirhugaðrar afsagnar stjórnar KSÍ í september 2021 ásamt því að skoða ásanir sem fram hafa komið m.a. um svokallaða „nauðgunar- og þöggunarmenningu“ innan sambandsins.*
- *Staðreyna eins og kostur er hvaða vitneskja hafi verið innan stjórnar og/eða starfsmanna KSÍ um að leikmenn landsliða eða aðrir sem starfa fyrir KSÍ hafi beitt kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi á árunum 2010–2021.*

- Lýsa því hvernig eftirliti og viðbrögðum við slíkum atvikum var háttað innan KSÍ á fyrrgreindu tímabili.
- Taka til athugunar hvort einhverjar þær aðstæður séu uppi innan KSÍ sem hamla þátttöku kvenna í starfseminni í tengslum við fullyrðingar sem fram hafa komið í opinberri umræðu um að KSÍ sé mjög karllægt samband og fráhrindandi fyrir konur. Í því sambandi verður skoðað hvort skipulag KSÍ eða aðrir þættir í starfseminni séu hamlandi fyrir þátttöku kvenna í starfinu.
- Leggja grundvöll að tillögum um umbætur verkferla eða frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Í nefndina, sem fékk heitið úttektarnefnd, voru skipuð dr. Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur og deildarforseti Íþróttafraeðideildar Háskólans í Reykjavík, Rán Ingvarsdóttir, lögfræðingur og sérfræðingur í jafnréttis- og mismununarlöggjöf, og Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Í samkomulagi sem gert var við meðlimi nefndarinnar var gengið út frá því að úttektarnefndin væri sjálfstæð og óháð í störfum sínum og tæki ekki við fyrirmælum frá neinum um hvernig hún ynni störf sín. Þá ábyrgðist KSÍ gagnvart nefndinni að hún fengi aðgang að öllum þeim gögnum sem sambandið hefði með höndum.

1.2. Starfsgrundvöllur nefndarinnar og vinnuaðferðir

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. íþróttalaga nr. 64/1998 er ÍSí æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar, en samsvarandi ákvæði er í grein 2.1. í lögum ÍSí. Meðal helstu markmiða ÍSí er að vinna að því að efla stöðu kvenna í íþróttum og íþróttamálum á grundvelli jafnréttis sem og efla virðingu siðareglna í íþróttum, sbr. 1. gr. laga ÍSí. Í grein 4.1.(i) í lögum ÍSí er sambandinu falið það hlutverk að berjast gegn hvers kyns mismunun og ofbeldi í íþróttum, hvort sem um er að tefla mismunun vegna kynþáttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar eða af öðrum toga. Þá er það einnig hlutverk sambandsins að vinna í því að tryggja að í íþróttum ríki drengskapur og að ofbeldi verði bannað.

Í siðareglum ÍSí sem samþykktar voru í framkvæmdastjórn 15. nóvember 2018 og gilda um alla aðila innan ÍSí og sambandsaðila, þ.e. sérsambönd og héraðssambönd/íþróttabandalög, og í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af íþróttahreyfingunni er kveðið sérstaklega á um að þeir sem þær gilda um skuli koma fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum sér og öðrum. Í hegðunarviðmiðum ÍSí fyrir iðkendur er lagt til grundvallar



að þeir séu góð fyrirmynd innan sem utan vallar, auk þess að vera sanngjarnir, tillitssamir og heiðarlegir og misnoti ekki stöðu sína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.¹

Úttektarnefndin sækir starfsheimildir sínar til ofangreinda reglna í lögum ÍSí sem og þess hlutverks framkvæmdastjórnar ÍSí að fylgjast með því að sérsambönd á borð við KSÍ fari að lögum og reglum ÍSí, sbr. f-lið 18. gr. laga ÍSí. Af hálfu nefndarinnar er lagt til grundvallar að við beitingu þessara heimilda starfi hún í umboði framkvæmdastjórnar ÍSí, en samkvæmt 4. mgr. 19. gr. eru aðrar nefndir ÍSí en fastanefndir skipaðar eftir því sem tilefni gefst að mati framkvæmdastjórnar.

Innan ÍSí er KSÍ sem er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSí sem iðka og keppa í knattspyrnu. KSÍ er sérsamband sem á aðild að ÍSí, FIFA og UEFA.² Hjá KSÍ starfa að jafnaði tæplega 30 einstaklingar á skrifstofu sambandsins og sem þjálfarar í fullu starfi. Auk þess starfa fjölmargir verktakar hjá KSÍ í tilteknum verkefnum í afmarkaðan tíma, svo sem læknar og sjúkrabjálfarar sem fylgja landsliðum í landsliðsverkefni. Einnig fá dómarar greiðslur frá KSÍ sem launþegar.

Samkvæmt skipuriti KSÍ skiptist KSÍ í þrjú svið, innanlandssvið, knattspyrnusvið og markaðssvið, sem og þrjár deildir, fjármála- og rekstrardeild, samskiptadeild og fræðsludeild. Einnig er yfirstjórn skilgreind í skipuriti KSÍ.³ Stjórn KSÍ samanstendur af 17 einstaklingum; níu aðalstjórnarfulltrúum, þremur fulltrúum sem sitja í varastjórn og fjórum landshlutafulltrúum, ásamt formanni.⁴

Knattspyrnuping (ársþing KSÍ) fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög. Stjórn KSÍ fer hins vegar með æðsta vald í málefnum á milli knattspyrnupinga. Knattspyrnuping fer fram árlega, eigi síðar en 28. febrúar. Setu- og atkvæðarétt á knattspyrnupingi hafa fulltrúar aðildarfélaga KSÍ, eru þeir 143 talsins. Knattspyrnuping kýs formann og alla stjórnarmenn nema einn í beinni kosningu. Sá stjórnarmaður sem ekki er

¹ Sbr. c- og e-lið 3. gr. hegðunarviðmiða ÍSí fyrir iðkendur.

² Knattspyrnusamband Íslands. (2020, 22. febrúar). Lög KSÍ. <https://www.ksi.is/um-ksi/log-og-reglugerdir/logksi/>

³ Knattspyrnusamband Íslands. (e.d.) Skipurit. Sótt 28. nóvember af <https://www.ksi.is/umksi/mannaudur/skipurit/>

⁴ Knattspyrnusamband Íslands. (e.d.). Stjórn KSÍ. Sótt 28. nóvember af <https://www.ksi.is/umksi/mannaudur/stjorn-ksi/>

kosinn beint af knattspyrnubingi er fulltrúi ÍTF en tilnefning hans er engu að síður lögð fyrir ársþing til staðfestingar.

Þegar fjallað er um KSÍ í skýrslu þessari er verið að fjalla um vinnustaðinn KSÍ og svo stjórn sambandsins sem fer með æðsta vald í málefnum þess á milli knattspyrnubinga.

Í verksamningi um störf nefndarinnar, sem KSÍ er aðili að, er kveðið á um að KSÍ ábyrgist að úttektarnefndin hafi fullan aðgang að þeim gögnum málsins sem nefndin telur nauðsynlegt að afla við gerð úttektarinnar. Í þessu skyni hefur nefndin notið óhefts aðgangs að gögnum í skjalasafni KSÍ. Við athugun sína hefur nefndin kannað hundruð skjala, tölvupósta og annarra gagna, sem flest hafa ekki birst opinberlega.

Í ljósi viðfangsefnis úttektarnefndarinnar var þó ekki unnt að láta við það sitja að skoða aðeins gögn sem fyrir lægju í vörslum KSÍ og víðar. Þannig er eðli málsins samkvæmt ekki unnt að rannsaka hvort þöggunarmenning hafi ríkt um kynferðislegt og annars konar ofbeldi innan KSÍ eða hvort KSÍ hafi reynt að kveða slíkt niður án þess að ræða við sem flesta aðila sem höfðu mögulega vitneskju um frásagnir af slíkum brotum. Af þeim sökum taldi úttektarnefndin nauðsynlegt að taka viðtöl við yfir 50 einstaklinga sem starfað hafa hjá KSÍ eða á vegum KSÍ eða setið þar í stjórn frá árinu 2010, suma hverja oftari en einu sinni. Þá ræddi nefndin einnig við tugi annarra einstaklinga sem annaðhvort tengjast þeirri atburðarás sem nefndin hefur haft til athugunar eða nefndin hefur talið rétt að kalla eftir sjónarmiðum frá.

Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að þeim bæri engin lagaleg skylda til að ræða við úttektarnefndina eða veita nefndinni liðsinni við rannsókn hennar færðist enginn starfsmaður eða stjórnarmaður KSÍ undan því að koma í viðtal við nefndina eða afhenda henni tiltæk gögn sem óskað var eftir. Á það jafnt við um núverandi sem fyrrverandi starfsmenn og stjórnarfólk. Eiga þau öll þökk skilið fyrir framlag sitt að þessu leyti. Sama gildir um alla aðra einstaklinga sem nefndin leitaði til um viðtöl og gögn.

Úttektarnefndin vill einnig færa sérstakir þakkir til þeirra sem hafa stigið fram og deilt með nefndinni frásögnum af kynferðislegu og/eða kynbundnu ofbeldi, annaðhvort miðað við eigin reynslu eða náins aðstandanda. Nefndinni er ljóst að það hefur ekki verið auðvelt að deila þessum frásögnum og það hefur krafist hugrekksis. Þá er brýnt að hafa í huga að það reynist mörgum einstaklingum afar erfitt að greina frá kynferðisbrotum eða öðrum ofbeldisbrotum sem þeir hafa sætt. Persónuleg reynsla af slíkum brotum liggur því oft í



þagnargildi vegna þess að þolendur þora ekki að segja frá af ótta við hver viðbrögðin verða gagnvart þeim og fjölskyldum þeirra, ekki síst ef gerandi er þekktur og nýtur álits í samfélaginu. Hluti þeirra sem greindu nefndinni frá því að hafa sætt ofbeldi lýsti líka áhyggjum af því að þurfa hugsanlega að sæta málshöfðun ef vitnað yrði til þeirra í tengslum við lýsingar á ofbeldi og þurfa því að verja sannleiksgildi lýsinga sinna fyrir dómstólum, með ærum tilkostnaði og álagi sem því fylgir.

Eins og áður er rakið er eitt meginverkefni nefndarinnar að staðreyna eins og kostur er hvaða vitneskja hafi verið innan stjórnar og/eða meðal starfsmanna KSÍ um að leikmenn landsliða eða aðrir sem starfa fyrir KSÍ hafi beitt kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi á árunum 2010–2021. Rétt er þó að taka fram að það er ekki hlutverk nefndarinnar að rannsaka eða taka afstöðu til þess hvort tilteknir einstaklingar hafi gerst sekir um ofbeldi, hvort sem það er kynferðislegt eða annars konar ofbeldi. Það verkefni er í höndum lögreglu, ákærvalds og dómstóla sem hafa auk þess meiri og ríkari aðgang að upplýsingum og gögnum til að varpa skýrara ljósi á refsiverð brot en nefnd sem sett er á fót innan frjálsra félagasamtaka á borð við ÍSí. Við rannsókn nefndarinnar hefur enn fremur verið nauðsynlegt að taka mið af því að lýsing atburðarásar í einni frásögn um kynferðisofbeldi sem KSÍ barst er nú til rannsóknar hjá lögreglu. Til þess að spilla ekki þeirri rannsókn er því takmarkað hversu miklum upplýsingum nefndin getur greint frá um atvik málsins í þessari skýrslu.

Þrátt fyrir að úttektarnefndin sé ekki hluti af stjórnsýslu ríkis eða sveitarfélaga tók nefndin þá ákvörðun í upphafi starfa sinna að hún myndi fylgja sömu reglum um hæfi nefndarmanna og gilda samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993 um starfsfólk ríkisins, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Ef nefndin taldi þannig aðstæður vera fyrir hendi sem voru fallnar til þess að draga óhlutdrægni nefndarmanns í efa með réttu tók sá nefndarmaður ekki þátt í umfjöllun og ályktunum nefndarinnar um það mál.

Við gerð þessarar skýrslu og frekari afmörkun á athugun sinni hefur úttektarnefndin lagt til grundvallar að með hugtakinu „kynbundið ofbeldi“ sé átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, og einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.⁵ Þá hefur nefndin gengið út frá því í störfum sínum að

⁵ Um er að ræða sömu skilgreiningu og fram kemur í 6. tölul. 2. gr. laga nr. 125/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (jafnréttislaga), og var áður að finna í 5. tölul. 2. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem giltu fram til þess að lög nr. 125/2008 tóku gildi. Þessi skilgreining er í samræmi við yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gegn konum.

hugtakið „kynferðislegt ofbeldi“ nái til allrar þeirrar háttsemi sem skilgreind er sem refsiverð samkvæmt ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um hugtakið „nauðgunarmenning“ sem vísað er til hér að framan við lýsingu á hlutverki nefndarinnar hefur úttektarnefndin ekki neinar lögákveðnar skilgreiningar að styðjast við. Hugtakið er hins vegar þekkt í fræðiskrifum en nokkuð mismunandi er eftir höfundum hvernig það er skilgreint.

Þegar orðið „nauðgunarmenning“ er notað í þessari skýrslu er stuðst við skilgreiningu í umfjöllun dr. Finnborgar Salome Steinþórsdóttur, nýdóktors í kynjafræði, og Gyðu Margrétar Pétursdóttur, prófessors í kynjafræði við Háskóla Íslands, um hugtakið nauðgunarmenning þar sem hugtakið er skilgreint sem „menning sem ýtir undir og viðheldur kynferðislegu ofbeldi gegn konum og samþykkir það ofbeldi og ótta kvenna við ofbeldið sem norm“.⁶ Þar kemur fram að Buchwald, Fletcher og Roth bendi á að slík menning fái að viðgangast og án gagnrýni, almennt viðhorf í samfélaginu sé að slík menning sé „eðlileg“ og óhjákvæmileg og með þeim hætti sé undirokaðri stöðu kvenna í samfélaginu viðhaldið. Nauðgunarmenning sé því ein af birtingarmyndum kynjamisréttis.⁷

Við afmörkun á hugtakinu „þöggunarmenning“ var nefndinni vandi á höndum. Ekki eru til lögákveðnar skilgreiningar á hugtakinu en hugtakið hefur heldur ekki verið skilgreint í íslenskum fræðiskrifum né annar staðar svo nefndinni sé kunnugt um. Fjallað hefur verið um sambærilegt hugtak „organizational silence“ í erlendum fræðiskrifum.⁸ Í þeim skrifum er vísað til hugtaksins á mismunandi hátt við mismunandi aðstæður. Þó má ætla út frá þeim

⁶ Þessi umfjöllun birtist 2019 í fræðigreini í Ritinu, tímariti Hugvísindastofunnar (1. tbl. 19. árg. bls. 15-40) og í ráðstefnuriti Þjóðarspeglisins frá 2014. Umfjöllun Finnborgar og Gyðu byggir á skilgreiningu Buchwald, Fletcher og Roth frá 2005.

⁷ Úttektarnefndin hefur einnig haft hliðsjón af skilgreiningu nauðgunarmenningar í bók Buchwald, Fletcher og Roth, *Transforming A Rape Culture*, sem kom út árið 2005, sbr. bls. xi. Í íslenskri þýðingu dr. Finnborgar Salome Steinþórsdóttur, nýdóktors í kynjafræði, er fyrirbærinu lýst sem flóknu „samspili hugmynda sem ýtir undir kynferðislegan yfirkang karla og viðheldur ofbeldi gegn konum. Það er samfélag þar sem valdbeiting er álitin kynsandi og kynverund ofbeldisfull. Í nauðgunarmenningu skynja konur stöðugt ótta við ofbeldi, allt frá kynferðislegum athugasemdum til kynferðislegrar snertingar eða nauðgana. Nauðgunarmenning samþykkir líkamleg og tilfinningaleg hryðjuverk gegn konum, og setur það fram sem norm.“ Á frummálinu er skilgreiningin svohljóðandi: „What is rape culture? It is a complex of beliefs that encourages male sexual aggression and supports violence against women. It is a society where violence is seen as sexy and sexuality as violent. In a rape culture, women perceive a continuum of threatened violence that ranges from sexual remarks to sexual touching to rape itself. A rape culture condones physical and emotional terrorism against women and presents it as the norm.“ (Buchwald, E., Fletcher, P. og Roth, M. (ritstj.). (2005). *Transforming a rape culture*, Milkweed Editions, bls. xi.)

⁸ Sjá m.a. Morrison, E.W. og Milliken, F.J. (2000). *Organizational Silence: A Barrier to Change and Development in a Pluralistic World*. The Academy of Management Review, 25(4), 706–725. Í þessu samhengi er einnig rætt um „institutional silence“ eða „suppression of voice“, sbr. hér m.a. Buchanan, D. og Badham, R.J. (2020). *Power, Politics, and Organizational Change*, London, bls. 184.



skrifum að þöggunarmenningu megi lýsa sem hegðun hóps sem kemur sér saman um, annaðhvort í orði eða með þegjandi samþykki allra, að nefna ekki, ræða eða viðurkenna ákveðin viðfangsefni sem þykir óþægilegt að ræða. Sú ákvörðun er oftast tekin með hagsmuni hópsins í huga.

1.3. Helstu niðurstöður

Úttektarnefnd ÍSí hefur sannreynt að formaður og lykilstarfsfólk KSÍ fengu sumarið 2021 upplýsingar frá ungri konu um að hún hefði sætt alvarlegu kynferðisofbeldi af hálfu tveggja leikmanna A-landsliðs Íslands í knattspyrnu eftir landsleik liðsins í Kaupmannahöfn árið 2010. Upplýsingarnar birtust fyrst í opinberri færslu konunnar á samfélagsmiðlum í maí 2021 án þess að leikmennirnir væru nafngreindir. Formaður og lykilstarfsfólk KSÍ fengu 3. júní 2021 upplýsingar um hverjir ættu í hlut í gegnum samtal við tengdamóður konunnar sem hefur verið starfsmaður KSÍ til áratuga.

Ljóst er að stjórn KSÍ fékk ekki upplýsingar um þetta mál þrátt fyrir að stjórnarmaður hafi spurt Guðna Bergsson, formann KSÍ, sérstaklega út í hvaða upplýsingar lægju fyrir hjá KSÍ um þau ofbeldismál sem getið var um í skoðanapistli Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur sem birtist á visir.is 13. ágúst 2021. Í þeim pistli var KSÍ sagt bera ábyrgð á þöggun frásagna um kynferðislegt ofbeldi og heimilisofbeldi landsliðsmanna. Úttektarnefndin telur jafnframt ljóst að stjórn KSÍ hafi ekki fengið upplýsingar um að starfsmaður sambandsins hefði tilkynnt mál tengdadóttur sinnar til sambandsins fyrr en föstudaginn 27. ágúst 2021, þegar starfsmaðurinn sendi allri stjórninni og öllu starfsfólki KSÍ upplýsingar um málið í kjölfar viðtals við formann KSÍ í Kastljósi RÚV.

Úttektarnefndin telur að yfirlýsingar sem formaður gaf í nafni KSÍ til fjölmiðla og almennings um tilvist ofbeldismála innan KSÍ hafi verið villandi, enda var formaðurinn á sama tíma með á borði sínu tilkynningu starfsmanns um ofbeldi gagnvart tengdadóttur hennar, auk þess að vera í samskiptum við leikmann landsliðsins vegna málsins. Yfirlýsingarnar samræmdust ekki heldur því að KSÍ hafði rúmlega þremur árum áður tekið við tilkynningu um kærú á hendur öðrum leikmanni vegna ofbeldis. Að mati nefndarinnar voru yfirlýsingarnar sem fram komu til þess fallnar að gera lítið úr málum þeirra kvenna sem greint höfðu KSÍ frá ofbeldi í sinn garð.

Nefndin telur ekki efni til að fullyrða að framganga stjórnar, framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna KSÍ í málinu beri almennt einkenni þöggunar- og/eða nauðgunarmenningar

umfram það sem gerist í íslensku samfélagi. Gögn nefndarinnar og viðtöl bera t.d. vott um að bæði stjórnarfolk, framkvæmdastjóri KSÍ og starfsfolk sem kom að málinu hafi gert verulegar athugasemdir við þær yfirlýsingar sem formaður lét frá sér fara.

Ef frá eru taldar þær yfirlýsingar sem birtust í fjölmiðlum fyrir hönd KSÍ í ágúst 2021 telur nefndin ekki forsendur til að fullyrða að fyrir hendi séu önnur atvik í formannstíð Guðna Bergssonar sem beri sérstök einkenni þöggunar- og nauðgunarmenningar. Úttektarnefndin hefur t.d. engin gögn fundið eða aðrar vísbendingar fengið sem gefa til kynna að KSÍ hafi boðið kæranda í máli B sem kom til kasta KSÍ í mars 2018 þagnarskyldusamning eða komið með öðrum hætti að slíkum tilboðum. Þá telur nefndin sig ekki hafa neinar forsendur til að álykta að KSÍ hafi með einum eða öðrum hætti reynt að aftra því að mál B kæmi til meðferðar hjá lögreglu eða latt kæranda frá því að leita réttar síns í málinu.

Úttektarnefndin hefur ekki fundið merki þess á því rúmlega ellefu ára tímabili sem athugun nefndarinnar tekur til að einstaklingar sem þegið hafa greiðslur vegna verkefna á vegum KSÍ hafi sinnt slíkum verkefnum áfram á vegum sambandsins eftir að KSÍ bárust ábendingar um kynferðisbrot þeirra.

Úttektarnefndin telur rétt að gera athugasemd við að Geir Þorsteinsson, þáverandi formaður KSÍ, hafi árið 2016 leitað til almannatengils í kjölfar þess að hann frétti af því að lögregla hafi verið kölluð að dvalarstað landsliðsmanns vegna grunsemda um heimilisofbeldi. Í ljósi skýringa þáverandi formanns um að málið hafi verið einkamál leikmannsins og ekki tengst verkefnum KSÍ fær nefndin ekki séð hvert hafi verið tilefni þess að almannatengill hafði samskipti við fjölmiðla um málið fyrir hönd KSÍ.

Þrátt fyrir að konur séu í miklum minnihluta bæði á skrifstofu KSÍ og í stjórn sambandsins telur nefndin ekki unnt að draga þá ályktun af viðtölum og þeim gögnum sem stuðst hefur verið við að einhverjar þær aðstæður séu uppi innan KSÍ sem hamli þátttöku kvenna í starfi sambandsins. KSÍ starfar hins vegar innan hins alþjóðlega knattspyrnuheims þar sem hallað hefur á konur frá upphafi, líkt og í mörgum öðrum íþróttum, og tekjur af karlknattspyrnu eru margfaldar á við tekjur af kvennknattspyrnu.

Ljóst er að KSÍ hefur beitt sér með virkum hætti á síðustu árum til að jafna aðbúnað karla- og kvennalandsliða. Þó er ekki hægt að líta framhjá því að hlutfall kvenna sem starfa innan knattspyrnuhreyfingarinnar er lágt og ekki í takt við hlutfall kvenniðkenda. KSÍ hefur einnig



gripið til fjölmargra aðgerða til að auka hlut kvenna innan hreyfingarinnar sem hafa gengið misjafnlega vel en ljóst er þó að stór skref hafa verið stigin í rétta átt á síðustu árum.

1.4. Tillögur að úrbótum

Nefndin telur KSÍ hafa verulegt svigrúm um hvaða siðferðilegu reglur eða viðmið sambandið setur um val á leikmönnum sem spila fyrir hönd KSÍ. KSÍ getur þannig ákveðið að leikmenn sem hafa hlotið dóm fyrir kynferðislegt eða kynbundið ofbeldi komi ekki til greina í landslið Íslands. Þá getur KSÍ einnig mælt fyrir um að hið sama gildi um leikmenn á meðan þeir hafa stöðu sakbornings í sams konar málum í refsivörslukerfinu. Loks gæti KSÍ að öllum líkindum einnig sett sér það viðmið að ef fram kemur frásögn þolanda um brot leikmanns sem KSÍ telur trúverðuga komi hann heldur ekki til greina í landslið.

Að sama skapi er mikilvægt að hafa í huga að KSÍ hefur ekki frjálsar hendur um hvernig það aflar og vinnur með upplýsingar þar sem fram koma fullyrðingar eða grunsemdir um að einstaklingar, þar á meðal leikmenn, hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi. Þegar KSÍ fær inn á sitt borð tilkynningar og ábendingar um refsiverða háttsemi á borð við kynferðisbrot verður sambandið að fylgja þeim lögum og reglum sem í gildi eru við meðferð slíkra upplýsinga. Ef meðferð upplýsinga fellur undir gildissvið persónuverndarlaga er KSÍ skylt að gæta að meginreglum laganna um að vinnslan sé sanngjörn og gagnsæ, og að upplýsingarnar séu áreiðanlegar. Þá er verulegur vafi um að KSÍ geti gert þeim sem koma til greina í landslið Íslands skylt að leggja fram upplýsingar um kærur úr málaskrá lögreglu eða samþykkja að KSÍ geti aflað slíkra upplýsinga.

Það leiðir af þessum reglum persónuverndarlaga að KSÍ getur að jafnaði ekki unnið með upplýsingar sem sendar eru inn nafnlaust eða í öðrum þeim búningi þar sem ekki er unnt að kanna frekar hvert sannleiksgildi upplýsinganna er. Þá kunna að vera takmarkanir á því að hvaða leyti KSÍ gæti átt frumkvæði að opinberri umfjöllun um að leikmaður hafi ekki verið valinn í landsliðshóp vegna þess að hann hefur annaðhvort verið kærður fyrir kynbundið eða kynferðislegt ofbeldi eða að KSÍ hafi borist frásögn um slíkt brot.

Úttektarnefndin telur að draga megi þann lærdóm af viðbrögðum KSÍ við þeim frásögnum sem bárust um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi leikmanna að það hafi verulega þýðingu við meðferð þessara mála að ákveðin grundvallaratriði liggi fyrir í aðgengilegum reglum eða leiðbeiningum. Þannig telur nefndin mikilvægt að KSÍ geri upp við sig hvaða afleiðingar slíkar upplýsingar geti haft fyrir stöðu leikmanns og hvaða viðmið séu sett í því sambandi.

Að öðrum kosti er óvíst í hvaða tilgangi KSÍ vinnur með slíkar upplýsingar sem er til þess fallið að gera viðbrögð sambandsins ómarkviss og ófyrirsjáanleg, þar sem bæði tilkynnanda og þeim sem tilkynningin beinist að er það óljóst hvers vænta má í framhaldinu. Slík meðferð persónuupplýsinga án skýrs tilgangs kann enn fremur að orka tvímælis út frá persónuverndarlögum.

Nefndin telur einnig ljóst að ef KSÍ setur sér reglur eða viðmið um meðferð tilkynninga um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi verði að liggja fyrir hvaða kröfur verði gerðar til efnis upplýsinga til þess að KSÍ geti fjallað um málið í samræmi við áreiðanleikareglu persónuverndarlaga. Í því fælist þá að KSÍ myndi ekki taka til meðferðar upplýsingar sem sendar væru inn nafnlaust eða í öðrum þeim búið að KSÍ hefði ekki tök á að staðreyna þær.

Að mati úttektarnefndarinnar eru viðbrögð KSÍ í framhaldi af tilkynningu Y um mál tengdadóttur hennar í júní 2021 einnig til merkis um að miklu varði að það liggi ljóst fyrir hver það sé innan KSÍ sem taki við tilkynningum og beri síðan ábyrgð á frekari meðferð þeirra. Í því sambandi hefur fjöldi fyrrverandi og núverandi stjórnarmanna sem og starfsfólk greint nefndinni frá því að verkaskipting milli formanns og framkvæmdastjóra KSÍ hafi oft verið óljós og það hafi komið fyrir að formaður hafi undanfarin ár tekið til sín mál sem að jafnaði heyrðu undir framkvæmdastjóra. Þar sem KSÍ kann í ýmsum tilvikum að hafa verulega fjárhagslega hagsmuni af velgengni landsliða og að A-landslið karla er einn helsti tekjuöflunarliður sambandsins kann að vera rétt að umfjöllun um mál af þessum toga verði í höndum sjálfstæðs aðila innan KSÍ sem KSÍ hefur ekki beint boðvald yfir.

Úttektarnefndin leggur einnig til að KSÍ ljúki boðaðri forvarnar- og viðbragðsáætlun sem taki á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni fyrir vinnustaðinn og átti að vera tilbúin 15. apríl 2021.

Úttektarnefndin telur einnig rétt að KSÍ leiti allra leiða til þess að leiðrétta þann kynjahalla sem felst í að konur eru í miklum minnihluta í allri starfsemi KSÍ og knattspyrnuhreyfingarinnar í heild sinni. Lagt er til að þær aðgerðir sem lagðar eru til í skýrslu KSÍ frá 2021 um heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna komi til framkvæmda eins fljótt og auðið er. KSÍ er hvatt til þess að halda áfram að hvetja aðildarfélög sín til þess að tilnefna konur sem þingfulltrúa á knattspyrnuþingi en auk þess er lagt til að fjallað verði um kosti þess og galla að taka upp kynjakvóta á þinginu. Lagt er til að KSÍ festi ákvörðun sína um kynjakvóta í stjórn og nefndir í lög sambandsins. Einnig er KSÍ hvatt til þess að nýta heimildir nágildandi laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, til að beita sértækum aðgerðum þegar verið er að ráða í nýjar stöður innan skrifstofu KSÍ.



2. kafli: Lagaumhverfi og reglur

2.1. Inngangur

Eins og áður er rakið er það eitt af hlutverkum úttekta nefndar ÍSÍ að lýsa því hvernig eftirliti og viðbrögðum við upplýsingum eða tilkynningum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi af hálfu leikmanna A-landsliðs karla var háttað innan KSÍ á árunum 2010–2021. Í því samhengi er nefndinni einnig falið að kanna ásanir um nauðgunar- og þöggunarmenningu innan KSÍ og leggja grundvöll að tillögum um umbætur verkferla eða frekari viðbrögð ef ástæða þykir til. Jafnframt er nefndinni ætlað að kanna hvort skipulag KSÍ eða aðrir þættir í starfsemi séu hamlandi fyrir þátttöku kvenna í starfinu.

Þegar hugað er að því hvaða grundvöllur sé fyrir tillögum að umbótum eða frekari viðbrögðum í samræmi við ofangreint hlutverk er nauðsynlegt að gera fyrst grein fyrir þeim lögum og reglum sem gilda um meðferð tilkynninga, ábendinga eða annars konar upplýsinga sem KSÍ berast um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi. Í umfjöllun um þessi mál er þannig ekki unnt að horfa framhjá því að KSÍ er, rétt eins og önnur sambærileg félagasamtök og vinnustaðir, bundið af ýmiss konar lögum og reglum á þessu sviði sem ekki verður undan vikist. Sama gildir um það atriði hvort skipulag eða aðrir þættir í starfsemi KSÍ séu hamlandi fyrir þátttöku kvenna. Þar sem viðbrögð KSÍ við þessum atriðum verða alltaf að taka mið af lögum og reglum, mynda gildandi lög og reglur því eðli málsins samkvæmt megingrundvöllinn að umfjöllun um hvort tilefni sé til umbóta á þessu sviði.

Í samræmi við framangreint verður því fyrst lýst hvernig KSÍ skuli almennt vinna með upplýsingar sem því berast um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og hvers konar forvörnum sambandinu er ætlað sinna og aðgerðaáætlunum sem sambandinu er ætlað að gera og framkvæma lögum samkvæmt. Verður síðan vikið að því hvort eitthvað annað gildi í þessu samhengi þegar kemur að leikmönnum A-landsliða.

Fjallað verður um lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglugerð gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, sem sett er á grundvelli sömu laga. KSÍ er einnig bundið af ákvæðum laga og reglna um ofbeldi sem KSÍ hefur sjálft sett sér. Vísað verður til þeirra reglna sem og innri reglna KSÍ í skýrslu þessari. KSÍ skal auk þess gæta samræmis við ákvæði um ofbeldi í reglum og ákvörðunum ÍSÍ, UEFA og FIFA.⁹

Hér á eftir verður fjallað um framangreind lög og reglur í þeirri röð sem að framan greinir. Einnig verður vikið að lögum nr. 45/2019, um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs.

2.2. Lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

Almennt um markmið og helstu ákvæði jafnréttislaga

Lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, hér eftir kölluð jafnréttislög, leggja skyldur á herðar KSÍ, bæði sem atvinnurekanda og sem félagasamtökum og skipuleggjanda íþróttastarfs, til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni.¹⁰

Með hugtakinu *kynbundin áreitni* er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Með hugtakinu *kynferðisleg áreitni* er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu þess sem fyrir henni verður, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Með hugtakinu *kynbundið ofbeldi* er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.¹¹ Um tilurð og þróun framangreindra hugtaka má lesa í skýringum við 2. gr. frumvarpsins er varð að lögum nr. 150/2020.¹²

Markmið jafnréttislaganna, sbr. 1. gr., er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum, án þess að kyn hafi þar áhrif, á öllum sviðum samfélagsins. Í því skyni er skýrt kveðið á um að mismunun vegna kyns sé óheimil, hvort heldur um er að ræða beina eða óbeina mismunun. Er þar jafnframt átt við fjölpætta

⁹ Um reglur og ákvarðanir UEFA og FIFA verður ekki fjallað í skýrslu þessari.

¹⁰ Jafnréttisstofa hefur eftirlit með lögnum, sbr. II. kafla laga nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála. Þau sem telja að lögin hafi verið brotin gagnvart sér geta leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála, sbr. 9. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála.

¹¹ Sbr. 4.–6. tölul. 2. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

¹² <https://www.althingi.is/lagas/151c/2020150.html>



mismunun. Er slíkt talið mikilvægt, m.a. til að unnt sé að stuðla að virkri þátttöku sem flestra í íslensku samfélagi óháð kyni. Allt fólk skal eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Með orðinu kyn í lögnum er átt við konur, karla og fólk sem hefur hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá.¹³

Í ákvæðinu eru lagðar til ýmsar leiðir til að ná markmiðum laganna án þess þó að sá listi sé tæmandi og ýmis önnur atriði komi þar einnig til greina. Ein leiðin sem talin er upp er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni, sbr. i-lið.

Almennt bann við mismunun á grundvelli kyns er að finna í 1. mgr. 16 gr. jafnréttislaga. Þar er sérstaklega tekið fram að kynbundin áreitni eða kynferðisleg áreitni teljist til mismununar samkvæmt lögnum sem og hvers konar óhagstæð meðferð einstaklings sem rekja má til þess að hann hafi vísað á bug kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða hafi látið hana yfir sig ganga. Efnislega samhljóða ákvæði var að finna í 1. mgr. 24. gr. eldri jafnréttislaga nr. 10/2008.

Í 1. mgr. 21. gr. jafnréttislaga er kveðið á um að í skólum, öðrum menntastofnunum, frístundaheimilum og í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi sé hvers konar mismunun á grundvelli kyns óheimil. Skyld er að gæta þessa í námi og kennslu, þjálfun, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur og iðkendur. Önnur málsgrein kveður á um að yfirmaður stofnunar skuli gæta þess að nemandi, iðkandi eða skjólstæðingur sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynbundna eða kynferðislega áreitni eða kynjamismunun. Sambærilegt ákvæði var í 28. gr. eldri jafnréttislaga nr. 10/2008 en nokkrar breytingar voru gerðar á ákvæðinu með lögum nr. 150/2020, m.a. var mismunun á grundvelli kyns í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi bönnuð á skýrari hátt en áður var.

Skylda til að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.

Í 1. mgr. 14. gr. jafnréttislaga er kveðið á um að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþrótta- og æskulýðsfélaga skuli gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum. Önnur málsgrein kveður svo á um að ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til

¹³ Sbr. 1. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir. Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 22. gr. eldri jafnréttislaga nr. 10/2008.

Ekki er fjallað um í athugasemdum með 14. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 150/2020 né í athugasemdum með 22. gr. laga nr. 10/2008 hvað við sé átt með sérstökum ráðstöfunum en þar er vísað til athugasemda með 17. gr. jafnréttislaga nr. 96/2000. Þar kemur fram að sem dæmi um sérstakar ráðstafanir sem atvinnurekendur og skólastjórnendur geti gert til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað og í skólum sé að lýsa yfir að allir starfsmenn eigi rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Jafnframt sé gefið skýrt til kynna að kynferðislegri áreitni sé með öllu hafnað og verði ekki liðin og að starfsmenn sem verði fyrir slíkri framkomu hafi rétt til að kæra viðkomandi háttsemi.

Skylda til að setja sér jafnréttisáætlun.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. jafnréttislaga skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2.–4. mgr. 18 gr. eldri jafnréttislaga nr. 10/2008. Með samþættingu jafnréttissjónarmiða í starfsmannastefnu er átt við að fyrirtæki og stofnanir flétti sjónarhorn kynjajafnréttis skýrt inn í starfsmannastefnu sína. Jafnframt skulu fyrirtæki og stofnanir gera áætlun um hvernig ná skuli þeim markmiðum er koma fram í jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu þeirra. Er fyrirtækjum og stofnunum gert að fara yfir málin þriðja hvert ár þegar þau endurskoða jafnréttisáætlun eða samþættingu jafnréttissjónarmiða í starfsmannastefnu sem og framkvæmdaáætlun er byggist á þeim.

Í jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu á að koma fram markviss stefna og verkefnaskrá fyrirtækis eða stofnunar um hvernig jafnrétti kynjanna verði náð og því viðhaldið til framtíðar. Er miðað við að þar komi fram lykiltölur um stöðu kynjanna í viðkomandi fyrirtæki eða stofnun og sérstaklega kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki þau réttindi sem kveðið er á um í 6.–14. gr. frumvarpsins, þar á meðal um það hvernig tryggja skuli starfsfólki þau réttindi að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir að það verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað. Jafnframt er gert ráð fyrir að þar sé fjallað um viðbrögð við kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni enda sé það ekki gert í áætlun fyrirtækis eða stofnunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, sbr. XI. kafla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.



Jafnréttisstofa hefur eftirlit með að fyrirtæki og stofnanir af framangreindri stærðargráðu hafi gilda jafnréttisáætlun eða samþætti jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína, að viðlögðum dagsektum.¹⁴

Jafnréttisstefna KSÍ.

KSÍ setti sér í febrúar 2021 jafnréttisstefnu.¹⁵ Sú sem var í gildi fyrir þann tíma var frá árinu 2010 og var þá hluti af jafnréttisáætlun.

Í jafnréttisstefnu KSÍ kemur fram að hún byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og greinum 2.2. og 5.7. í lögum KSÍ þar sem kveðið er á um að aðildarfélög skuldbindi sig til að vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis og kynhneigðar. Einnig kemur m.a. fram að KSÍ skuldbindi sig til að hafa skýrar siðareglur og hegðunarviðmið fyrir alla sem að starfinu koma. Jafnframt kemur fram að kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi sé hafnað með öllu og allar tilkynningar um slíkt séu teknar alvarlega.

Enn fremur kemur fram að KSÍ hvetji félögin til að hafa skýra forvarnar- og viðbragðsáætlun og að vera í góðu samstarfi við samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs í málum er varða ofbeldi og áreitni.

Samkvæmt aðgerðaáætlun vegna jafnréttismála árin 2021–2023 sem finna má í jafnréttisstefnunni var vinnustofu- og fræðslufundur haldinn fyrir fulltrúa allra aðildarfélaga um viðbrögð við kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi af fræðsluviði í febrúar 2020 og verður endurtekin í febrúar 2022.

¹⁴ Gert er ráð fyrir framangreind fyrirtæki og stofnanir afhendi Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun eða eftir atvikum starfsmannastefnu ásamt framkvæmdaáætluninni þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því. Þá er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa geti óskað eftir skýrslu frá fyrirtæki eða stofnun um framgang mála þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því. Jafnréttisáætlun telst hafa öðlast gildi þegar Jafnréttisstofa hefur samþykkt hana. Í þeim tilvikum þegar fyrirtæki eða stofnun lætur hjá líða að gera jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína hefur Jafnréttisstofa heimild til að leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki eða stofnun þar til viðeigandi úrbætur hafa verið gerðar enda hafi Jafnréttisstofa áður beint þeim fyrirmælum til hlutaðeigandi að gera viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests. Um dagsektir Jafnréttisstofu er fjallað í 6. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslýslu jafnréttismála.

¹⁵ Knattspyrnusamband Íslands (e.d.). Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun. Sótt 26. nóvember 2021 af <https://www.ksi.is/um-ksi/ymrar-upplysingar/jafnréttisstefna-og-jafnréttisaetlun/>



Jafnréttisáætlun KSÍ.

KSÍ setti sér í febrúar 2021 nýja jafnréttisáætlun.¹⁶ Jafnréttisáætlunin sem í gildi var fyrir þann tíma var frá árinu 2010.

Í jafnréttisáætlun KSÍ kemur fram að hún sé í samræmi við 5. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Í áætluninni er tiltekið hvernig sambandið hyggst tryggja starfsfólki sínu þau réttindi sem tilgreind eru í 6.–14. grein laganna. Auk laga nr. 150/2020 verði lög nr. 86/2018 höfð til hliðsjónar en í þeim kveður á um bann við allri mismunun fólks á vinnumarkaði á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Einnig kemur fram að auk jafnréttisstefnu knattspyrnusambandsins leggi KSÍ áherslu á að öll sín aðildarfélög setji fram sína eigin jafnréttisáætlun og að sú áætlun sé virk innan félaganna. Jafnframt kemur fram að Knattspyrnusambandið vilji setja gott fordæmi og að jafnréttisáætlunin gildi fyrir starfsfólk KSÍ.

Jafnréttisáætlun KSÍ kveður á um aðgerðir er varða launajafnrétti, ráðningu í starf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Enn fremur fjallar áætlunin um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni. Þar kemur fram að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþróttar- og æskulýðsfélaga skuli gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum. Tilteknar eru tvær aðgerðir hvað þetta varðar og framkvæmdastjóri er tilgreindur sem ábyrgðaraðili í báðum tilvikum.

Fyrri aðgerðin miðar við að við ráðningu nýrra starfsmanna verði óskað eftir framvísun sakavottorðs (við ráðningu) og að allt starfsfólk KSÍ fái fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni og skal sú fræðsla fara fram í janúar ár hvert. Síðari aðgerðin setur sem skilyrði að forvarnar- og viðbragðsáætlun sem tekur á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni sé til fyrir vinnustaðinn. Jafnréttisáætlun KSÍ gerir ráð fyrir að viðbragðsáætlun verði útbúin sem inniheldur verklagsreglur og tekur til forvarna og áætlunin skal kynnt öllu starfsfólki og verða endurskoðuð og kynnt aftur árlega. Tímaramminn sem var veittur í jafnréttisáætluninni fyrir gerð viðbragðsáætlunarinnar var 15. apríl 2021. Jafnréttisáætlunin gildir til þriggja ára (2021, 2022 og 2023) og verður endurskoðuð næst vorið 2023.

¹⁶ Knattspyrnusamband Íslands (e.d.). Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun. Sótt 26. nóvember 2021 af <https://www.ksi.is/um-ksi/ymsar-upplýsingar/jafnréttisstefna-og-jafnréttisaetlun/>



KSÍ og skilyrði jafnréttislaða.

Af framangreindu má ráða að KSÍ sé að uppfylla skyldur sínar samkvæmt jafnréttislögum að miklu leyti. Margt hefur verið gert innan KSÍ síðastliðin ár til að auka jafnrétti kynjanna, sbr. það sem fram kemur í kafla 4.2. hér á eftir. Glæný jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun eru til staðar sem eru í samræmi við ný jafnréttislög og ætla má að ef stefnunni og áætluninni sé fylgt markvisst eftir sé skilyrðinu í 14. gr. um sérstakar ráðstafanir fullnægt.¹⁷

Einni mikilvægri aðgerð hefur þó ekki verið fylgt eftir en það er aðgerð sem hefur mikla þýðingu fyrir skýrslu þessa. Það er aðgerðin sem lýtur að því að gera viðbragðsáætlun um ofbeldi. Samkvæmt jafnréttisstefnu KSÍ á forvarnar- og viðbragðsáætlun sem tekur á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni að vera til fyrir vinnustaðinn og átti hún að vera tilbúin 15. apríl 2021 eins og að framan segir. Samkvæmt gögnum sem úttektarnefndin hefur stuðst við var hafin vinna að gerð slíkrar viðbragðsáætlunar vorið 2021, m.a. með aðstoð Auðnast sem sinnir heilsutengdri þjónustu fyrir atvinnulífið, en samkvæmt viðtölum hafi sú vinna tafist vegna aðstæðna sem tengjast kórónuveirufaraldrinum. Þessi viðbragðsáætlun hefur enn ekki litið dagsins ljós. Skýrir verkferlar í viðbragðsáætlun sem kveða á um það til hvaða aðgerða skuli grípa þegar fram koma upplýsingar eða tilkynningar um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan vinnustaðarins liggja því ekki fyrir.

Annað sem unnt er að nefna þar sem skortir á eftirfylgni er að jafnréttisstefna KSÍ kveður á um að KSÍ skuldbindi sig til að hafa skýrar siðareglur og hegðunarviðmið. Engin sérstök hegðunarviðmið KSÍ liggja fyrir og ekki verður séð að í innri reglum KSÍ sé vísað til hegðunarviðmiða ÍSÍ með skýrum hætti ef ætlunin er að miða við þau. KSÍ hefur vissulega siðareglur til staðar en af viðtölum og þeim upplýsingum sem úttektarnefndin hefur aflað verður ekki ráðið að umræða og umfjöllun um þær hafi verið mjög virk innan sambandsins. Þannig verður ekki annað séð en að siðanefnd KSÍ, sem hefur það hlutverk að fjalla um þau mál sem til hennar er beint samkvæmt siðareglum KSÍ, hafi verið nánast óvirk frá árinu 2010 til ársins 2021, eða á þeim tíma sem umboð úttektarnefndarinnar tekur til.

¹⁷ Hér er þó minnt á að það er hlutverk Jafnréttisstofu að meta hvort jafnréttisáætlanir fyrirtækja og stofnana uppfylli skilyrði jafnréttislaða eða ekki samkvæmt lögum nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

2.3. Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015

Almennt um ákvæði laga og reglugerðar um vinnuvernd sem tengjast kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og kynbundnu ofbeldi.

Hér eftir verða lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, kölluð lög um vinnuvernd. Samkvæmt þeim ber öllum atvinnurekendum skylda til að sjá til þess að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað án tillits til stærðar vinnustaðarins.¹⁸ Það ríkir því lögbundin skylda atvinnurekenda að tryggja góðan aðbúnað á vinnustað og gera skriflegt áhættumat sem tekur m.a. tillit til félagslegra þátta í tengslum við vinnuaðstæður.

Samkvæmt 1. gr. laganna er tilgangur þeirra að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu, sbr. a-lið ákvæðisins. Þá sé með þeim leitast við að tryggja skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfrá sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur, ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits, sbr. b-lið ákvæðisins.¹⁹

Samkvæmt 13. gr. laganna hvílir sú almenna skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Í 1. mgr. 37. gr. laganna er

¹⁸ Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um vinnuvernd gilda þau um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, að undanskildum þeim sem sérstaklega eru undanþegnir lögnum í a- og b-lið ákvæðisins.

¹⁹ Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með því að lögum nr. 46/1980 og ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt, sbr. 10. gr. Brot á ákvæðum reglugerðarinnar geta varðað við ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 (sektir, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum), sbr. 11. gr. Vinnueftirlitið tekur á móti ábendingum/kvörtunum og kannar hvort gert hafi verið áhættumat með áherslu á félagslega vinnuumhverfið á vinnustaðnum og hvort til staðar sé stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og/eða ofbeldi. Ef hún er ekki til er gerð krafa um að hún sé gerð í samræmi við reglugerðina. Vinnueftirlitið rannsakar ekki einstaklingsmál heldur skoðar vinnuaðstæður og leggur áherslu á að fá upplýsingar um félagslegt vinnuumhverfi sem felur í sér skipulag og samskipti á vinnustaðnum í heild sinni. Hlutverk Vinnueftirlitsins er að tryggja að aðbúnaður starfsmanna sé í samræmi við lög um vinnuvernd.



starfsmanna í huga, m.a. með því að veita ekki óviðkomandi aðilum upplýsingar um mál og tryggja að utanaðkomandi aðilar sem kunna að koma að meðferð máls geri slíkt hið sama.

Mál skal síðan reka eftir fyrirmælum 7. gr. reglugerðarinnar þar sem í 1. mgr. segir að atvinnurekandi skuli bregðast við eins fljótt og kostur er þegar honum berst kvörtun af umræddum toga. Honum ber að meta aðstæður í samvinnu við vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins, eftir því sem við á, og utanaðkomandi aðila ef með þarf. Atvinnurekanda ber jafnframt að tryggja að við matið sé hlutaðeigandi starfsmönnum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að alla jafna sé rætt við einn aðila máls í senn. Í 2. mgr. 7. gr. kemur fram að leiði framangreint mat á aðstæðum í ljós rökstuddan grun um að kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða ofbeldi eigi sér stað eða hafi átt sér stað á vinnustaðnum skuli atvinnurekandi grípa til aðgerða í samræmi við skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað í því skyni að stöðva hegðunina, sé hún enn til staðar, sem og í því skyni að koma í veg fyrir að hún endurtaki sig á vinnustaðnum.

Í 4. mgr. 7. gr. eru síðan fyrirmæli þess efnis að atvinnurekandi skuli skrá allt sem tengist meðferð máls og halda hlutaðeigandi starfsmönnum sem og vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins upplýstum meðan á meðferð stendur, m.a. með því að veita þeim aðgang að öllum upplýsingum og gögnum í málinu, að teknu tilliti til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Loks er mælt fyrir um það í 5. mgr. 7. gr. að þegar atvinnurekandi lítur svo á að máli sé lokið af hans hálfu skuli hann upplýsa hlutaðeigandi starfsmenn sem og vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins um það.

2.4. Skyldur KSÍ sem atvinnurekanda í málum sem varða ofbeldi

2.4.1. Almenn

Sem atvinnurekandi er KSÍ bundið af framangreindum lögum og reglugerð um vinnuvernd. Mikilvægt er því að æðstu stjórnendur hjá KSÍ, eins og annars staðar, taki virkan þátt í að gera og innleiða áætlun um forvarnir og viðbrögð til að fyrirbyggja einelti, áreitni og annað ofbeldi á vinnustað á markvissan hátt. Í erfiðum starfsmannamálum geta stjórnendur þurft að leita sér aðstoðar utan vinnustaðar. Það er alveg ljóst að stjórnendur eiga að bregðast við þegar upp koma mál um ofbeldi og áreitni.

Líkt og fram hefur komið í kafla 2.4. virðist engin viðbragðsáætlun um kynferðislegt ofbeldi og kynferðislega áreitni vera til staðar innan vinnustaðarins. KSÍ er því ekki að uppfylla þá

skyldu samkvæmt lögum og reglugerð um vinnuvernd frekar en samkvæmt jafnréttislögum.²² Þrátt fyrir að vinna við slíka áætlun hafi vissulega verið hafin er henni enn ekki lokið og því er engri skýrri viðbragðsáætlun til að dreifa. Það er mikilvægt að úr þessu verði bætt þar sem slík áætlun er mikilvæg til að leiðbeina og styðja stjórnendur og aðra á vinnustöðum í að fyrirbyggja og bregðast við hvers kyns óviðeigandi hegðun sem getur komið upp við mismunandi aðstæður á vinnustöðum. Þar sem stefna og viðbragðsáætlun er fyrir hendi eru minni líkur á að einelti, áreitni og ofbeldismál komi upp á vinnustað.²³

Það er mikilvægt að KSÍ, rétt eins og aðrir vinnustaðir, gæti samræmis við almenn lög í landinu við útfærslu reglugerðarinnar, þ.e. þegar þau eru að setja sínar innri reglur (t.d. verklagsreglur, viðbragðsáætlun) um hvernig þau ætli að bregðast við kvörtunum og ábendingum um áreitni og ofbeldi samkvæmt reglugerðinni. Það er mikilvægt að innri reglurnar séu eins skýrar og hægt er og að reynt sé að hugsa fyrir öllum mögulegum tilvikum sem gætu átt sér stað í starfsemi KSÍ.

Afar mikilvægt er að við útfærslu reglugerðarinnar séu ekki settar verklagsreglur sem stangast á við almenn lög í landinu, t.d. barnaverndarlög nr. 80/2002. Ef mál varðar ofbeldi gegn einstaklingi undir 18 ára ber KSÍ tilkynningarskyldu til barnaverndarnefndar. Eins þarf að gæta verulega að því að vinna með málið í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Þegar verið er að fylgja fyrirmælum reglugerðarinnar um vinnuvernd vegna þess að ábendingar eða tilkynningar um ofbeldi hafa komið fram og KSÍ (eða annar atvinnurekandi) er að skrá niður allt sem tengist meðferð máls líkt og 4. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar um vinnuvernd mælir fyrir um þarf KSÍ að gæta að áreiðanleikareglu og öðrum meginreglum persónuverndarlaga.

Einnig þarf að hafa í huga að þessi mál geta varðað refsivert atferli. Það þarf því að gæta að skörun við hlutverk lögreglu um rannsókn sakamála. Óvarleg miðlun upplýsinga um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sem ekki hefur tekist að staðreyna eða kanna frekar sannleiksgildi á getur spillt rannsókn lögreglu og athugun málsins á vettvangi KSÍ. Ef brot er kært til lögreglu væri eðlilegt að KSÍ hefði samráð við lögreglu um hvort birting eða miðlun

²² Í athugasemdum með greinargerð jafnréttislaga kemur fram að gert sé ráð fyrir að í jafnréttisáætlun sé fjallað um viðbrögð við kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni enda sé það ekki gert í áætlun fyrirtækis eða stofnunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, sbr. XI. kafla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

²³ Handbók Vinnueftirlitsins um einelti, áreitni og ofbeldi, bls. 3: <https://wp.vinnueftirlitid.is/wp-content/uploads/2021/09/enginn-a-ad-saetta-sig-vid-einelti-areitni-ofbeldi.pdf>



upplýsinga gæti spillt fyrir rannsókn málsins. Slíkt samráð getur m.a. beinst að því hvort, hvenær og hvernig KSÍ getur upplýst aðra um atvik málsins.

2.4.2. Hversu formlegar þurfa upplýsingar eða tilkynningar um ofbeldi að vera svo að KSÍ sé skylt að bregðast við?

Sumarið 2021 fékk KSÍ á sig opinberlega gagnrýni um að vera m.a. að hylma yfir og þagga niður kynferðisbrot innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Í tengslum við þá umræðu hefur því verið velt upp hversu formlegar upplýsingar eða tilkynningar um ofbeldi þurfi að vera svo að KSÍ sé skylt að bregðast við. Nú verður það atriði skoðað nánar út frá reglugerðinni um vinnuvernd, sem byggist eins og fyrr segir á lögum um vinnuvernd.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar skal atvinnurekandi gera grein fyrir þeim aðgerðum sem grípa skuli til komi fram kvörtun, ábending eða rökstuddur grunur um að kynferðisleg eða kynbundin áreitni eða ofbeldi eigi sér stað á vinnustaðnum eða verði atvinnurekandi var við slíka hegðun. Skal gert grein fyrir slíku ferli í áætlun um heilsuvernd. Hið sama á við verði atvinnurekandi var við aðstæður á vinnustaðnum sem líkur eru á að leitt geti til slíkrar hegðunar verði ekki gripið til aðgerða. Sjá einnig b- og c-lið 2. gr. reglugerðarinnar.

Í b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar er gert ráð fyrir að kvörtun eða ábendingu sé komið á framfæri af starfsmanni en þar segir að í áætlun um heilsuvernd þurfi m.a. að koma fram hvert starfsmenn geti komið á framfæri kvörtun eða ábendingu um m.a. kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum. Í b-lið 2. mgr. 5. gr. segir að taka skuli m.a. fram í áætluninni um heilsuvernd til hvaða aðgerða skuli gripið, hvort sem mat á aðstæðum leiðir í ljós rökstuddan grun um að hegðunin eigi sér stað eða hafi átt sér stað á vinnustaðnum eða ekki.

Í 9. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir þeirri hegðun sem hér um ræðir á vinnustað eða hefur rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustað skuli upplýsa atvinnurekanda eða vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins um það enda sé ekki gert ráð fyrir að viðkomandi starfsmaður upplýsi annan aðila um það samkvæmt skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Skal starfsmaðurinn jafnframt vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar.

Samkvæmt gátlista í handbók Vinnueftirlitsins um einelti, áreitni og ofbeldi um hvað skuli koma fram í viðbragðsáætlun ætti að koma fram yfirlýsing um að mál verði skoðuð, hvort sem grunur er um ósæmilega hegðun eða að ábending eða kvörtun hafi borist.²⁴

Af framangreindu leiðir að upplýsingarnar um ofbeldi og áreitni þurfi að vera í formi kvörtunar, ábendingar eða um sé að ræða rökstuddan grun og að starfsfólk þurfi að vera reiðubúið að skýra mál sitt nánar ef það lætur vita um einelti, áreitni eða ofbeldi. Engar frekari leiðbeiningar eru veittar hvað þetta atriði varðar að öðru leyti en því að ekki verður séð af framangreindu að skylt sé að veita upplýsingarnar skriflega og af niðurlagi 9. gr. má ráða að reglugerðin geri ekki ráð fyrir kvörtun eða ábendingu sem ekki berst undir nafni.

Fjórða málsgrein 6. gr. reglugerðarinnar kveður á um að við meðferð máls skuli atvinnurekandi sýna varfærni og nærgætni í aðgerðum sínum með virðingu og einkahagi hlutaðeigandi starfsmanna í huga, m.a. með því að veita ekki óviðkomandi aðilum upplýsingar um mál og tryggja að utanaðkomandi aðilar sem kunna að koma að meðferð máls geri slíkt hið sama. Í 1. mgr. 7. gr. er jafnframt kveðið á um að atvinnurekandi skuli tryggja að við matið á því hvort grípa skuli til aðgerða sé hlutaðeigandi starfsmönnum gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og að alla jafna sé rætt við einn aðila máls í senn.

Í nýföllnum dómi Hæstaréttar var atvinnurekanda ekki heimilt að lofa þeim sem leggur fram kvörtun nafnleynd og trúnaði gagnvart þeim starfsmanni sem kvörtunin beinist að. Um er að ræða dóm Hæstaréttar í máli nr. 15/2021 (Borgarleikhúsið) en í því máli höfðu atvinnurekanda borist kvartanir frá „ótengdum aðilum“ í aðdraganda uppsagnar þar sem því var haldið fram að starfsmaður hefði beitt konur kynferðislegri áreitni og ofbeldi og hefði atvinnurekandi sjálf rætt við konurnar. Þær hefðu í öllum tilvikum farið fram á trúnað gagnvart sér sem hún hefði talið rétt að virða. Í því fólst m.a. að starfsmaðurinn sem kvartanirnar beindust að yrði hvorki upplýstur um nöfn þeirra né nánar um atvik. Í dómi Hæstaréttar sagði að sá trúnaður sem heitið var hafi hlotið að þrengja heimildir atvinnurekandans til aðgerða gagnvart starfsmanninum, ekki síst við beitingu uppsagnar gagnvart honum á þeim grundvelli, sbr. niðurlag 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1009/2015.

²⁴ Bls. 11: <https://wp.vinnueftirlitid.is/wp-content/uploads/2021/09/enginn-a-ad-saetta-sig-vid-einelti-areitni-ofbeldi.pdf>



Ekki verður með vissu dregin ályktun um hvort ábendingar um ofbeldi eða áreitni á vinnustað á hendur starfsmanni á samfélagsmiðlum myndu nægja einar og sér til þess að teljast sem rökstuddur grunur þannig að atvinnurekandi yrði að meta aðstæður og grípa svo til aðgerða. Það þyrfti væntanlega að meta í hverju tilviki fyrir sig, m.a. eftir því hvernig tilkynningin eða ábendingin væri sett fram á samfélagsmiðlinum.

2.4.3. Skyldur KSÍ sem atvinnurekanda þegar kemur að leikmönnum landsliða á meðan á landsliðsverkefni stendur

Hér að framan var farið yfir með almennum hætti hverjar skyldur KSÍ eru sem atvinnurekanda almennt í skilningi laganna og reglugerðar um vinnuvernd þegar kemur að starfsfólki. En hverjar eru skyldur KSÍ sem atvinnurekanda gagnvart leikmönnum A-landsliða Íslands? Þeirri spurningu hefur verið velt upp hvort KSÍ sem atvinnurekandi sé bundinn af lögum og reglugerð um vinnuvernd þegar kemur að leikmönnum A-landsliða á meðan á landsliðsverkefni stendur. Ástæðan fyrir því er sú að samband KSÍ við leikmenn landsliða í landsliðsverkefnum er að mörgu leyti sérstakt og ljóst er að ekki er um hefðbundið vinnuveitendasamband að ræða.

Í 1. gr. reglugerðarinnar kemur fram að hún gildi um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum sem falla undir gildissvið laga nr. 46/1980. Í 3. mgr. 6. gr. kemur fram að atvinnurekanda ber skylda til að láta m.a. kynferðislega og kynbundna áreitni eða ofbeldi ekki viðgangast á vinnustað. „Atvinnurekandi“ merkir í lögum nr. 46/1980 „hvern þann, sem rekur atvinnustarfsemi samkvæmt 90. gr.“. Í 90. gr. laganna kemur fram að „starfsemi“ merki í lögunum „skipulögð aðgerð eða framkvæmd, hvort sem um vinnustað samkvæmt 41. gr. er að ræða eða ekki“. Í 41. gr. laganna kemur fram að „vinnustaður“ merki í lögunum „umhverfi innan húss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna“.

Væntanlega gæti leikstaður, hótelsvæði o.s.frv. sem leikmenn þurfa að sækja og dvelja á meðan landsliðsferð stendur talist sem vinnustaður en það er að því tilskildu að leikmaður landsliðs teljist starfsmaður KSÍ í skilningi laga nr. 46/1980.

Rétt er að hafa í huga að lög nr. 46/1980 um vinnuvernd og einkum reglugerðin nr. 1009/2015 um vinnuvernd miðast að verulegu leyti við það að um starfsmenn sé að ræða. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 46/1980, sem reglugerðin byggist á, er starfsmaður „[h]ver sá, sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu“. Samkvæmt almennum reglum íslensks vinnuréttar teljast einstaklingar ekki til starfsmanna nema þeir hafi stofnað til einhvers konar

ráðningarsambands gagnvart atvinnurekanda, þar sem þeir fallast á að taka að sér ákveðnar skyldur gegn föstu endurgjaldi. Þær skyldur lúta m.a. að því að starfsmaður undirgangist að láta af hendi persónulegt vinnuframlag í þágu atvinnurekanda, lúta stjórn hans og vinna verkefni samkvæmt fyrirmælum hans. Á móti nýtur starfsmaðurinn síðan ákveðinna réttinda.²⁵

Ljóst er að KSÍ hefur ekki gert skriflega samninga við einstaka leikmenn landsliða Íslands um hvernig sambandi þeirra við KSÍ er háttað.²⁶ Leikmenn A-landsliða Íslands sem gert hafa samninga við félagslið eru hins vegar starfsmenn félagsliða sinna en félögin eru skuldbundin samkvæmt reglum FIFA til að leyfa leikmönnum sínum að leika með landsliðum sínum á tilteknum tímum, ef þeir eru valdir í landsliðið. Það er hins vegar undir leikmönnum sjálfum komið hvort þau gefa kost á sér.

Í viðtölum við úttektarnefndina hefur komið fram að formenn KSÍ hafa samið við fyrirliða A-landsliða karla og kvenna um ákveðnar bónusgreiðslur sem KSÍ greiðir leikmönnum fyrir hvert stig sem liðinu áskotnast í undankeppni fyrir stórmót á borð við EM og HM. Þessar greiðslur eru alfarið árangurstengdar og ef liðið nær ekki stigi úr leik koma engar greiðslur til þeirra vegna leiksins. Komist liðin í úrslitakeppni stórmóts fær KSÍ greiðslur frá UEFA eða FIFA. Samkvæmt þeim upplýsingum sem úttektarnefndin hefur fengið hafa leikmenn landsliðanna ekki gert samninga við KSÍ um að taka á sig sérstakar skyldur er varða hegðun heldur er litið svo á að þjálfari fari með aga- og boðvald gagnvart leikmönnum í hverju landsliðsverkefni.

Þegar litið er til þeirra upplýsinga sem úttektarnefndin hefur stuðst við um samband leikmanna landsliða Íslands og KSÍ telur nefndin ljóst að leikmenn landsliða Íslands, þar á

²⁵ Í EES-rétti, sem ákvæði 24. gr. laga nr. 46/1980, eins og því var breytt með 6. gr. laga nr. 68/2003, byggist á kann þessi skilgreining þó að vera rýmri, t.d. á þann veg að hún geri ekki kröfu um formlega ráðningarsamninga. Eins og fram kemur í athugasemdum við 6. gr. laga nr. 68/2003 sem breytir 24. gr. laga nr. 46/1980, þá byggist sú breyting sem var gerð á a-lið 3. gr. tilskipunar nr. 89/391/EEB, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, sem vísað er til í 8. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins er hugtakið starfsmaður (e. worker) túlkað með nokkuð öðrum hætti, sbr. dóm dómstólsins í máli C-316/13 Fenoll v Centre d'Aide par le Travail "La Jouvene" EU:C:2015:2000 [2016], 27. mgr., þar sem segir: „the term “worker” [...] must be defined in accordance with objective criteria that distinguish the employment relationship by reference to the rights and duties of the person is concerned. So, any person who pursues real, genuine activities, to the exclusion of activities on such a small scale as to be regarded as purely marginal and ancillary, must be regarded as a ‘worker’. The essential feature of an employment relationship is that for a certain period of time a person performs services for and under the direction of another person in return for which he receives remuneration.”

²⁶ Þess má geta að sérstakir leikmannasamningar eru gerðir milli leikmanna og félagsliða. Samkvæmt reglugerð KSÍ nr. 16/2021 um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga er skilgreining á Leikmannasamningur (professional contract): Samningur sem leikmaður gerir við félag, sem heimilar honum að taka við greiðslu fyrir knattspyrnuíðkun.



meðal A-landsliða karla og kvenna, hafa frekar samstöðu með verktökum en starfsmönnum í verkefnum þeirra fyrir hönd KSÍ.

2.5. Meðferð tilkynninga um ofbeldi – helstu álitæfni

2.5.1. Persónuverndarreglur

Kvörtun eða ábending um kynferðislegt ofbeldi eða annað ofbeldi er alvarlegs eðlis og í tengslum við þessi mál vakna upp spurningar um hvað má skrá niður og hverjir mega skrá það niður. Ef einhvers konar tölvutæk eða stafræn upplýsingakerfi eru að einhverju leyti notuð við slíka skráningu gilda lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir kölluð persónuverndarlög), um meðferð og vinnslu upplýsinganna.²⁷ Í því felst að þeim sem annast skráninguna („ábyrgðaraðila“ samkvæmt lögnum) ber að fylgja reglum persónuverndarlaga, m.a. um að vinnslan styðjist við fullnægjandi heimildir samkvæmt lögnum, sbr. 9., 11. og 12. gr. laganna.

Að því er varðar upplýsingar um hvort einhver sé grunaður um refsiverða háttsemi er kveðið á um það í 3. mgr. 12. gr. persónuverndarlaga að einkaaðilar meggi ekki vinna með upplýsingar um refsiverða háttsemi nema hinn skráði hafi veitt til þess afdráttarlaust samþykki sitt eða vinnslan sé nauðsynleg í þágu lögmætra hagsmuna sem auðsjáanlega vega þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða.²⁸ Sem dæmi um slíka hagsmuni í tilviki KSÍ væri ef sambandið skráði slíkar upplýsingar með það í huga að tilkynna lögreglu um meint brot eða að vinnsla með slíkar upplýsingar væri nauðsynleg forsenda þess að fylgja eftir reglum sambandsins eða ákvæðum í samningum leikmanna.

Ef viðunandi heimildir eru fyrir því að vinna upplýsingar um refsiverða háttsemi verður KSÍ sem ábyrgðaraðili auk þess að gæta að því að vinnslan sé í samræmi við þær meginreglur um vinnslu sem fram koma í 8. gr. persónuverndarlaga. Í því felst m.a. að persónuupplýsingar séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða, sbr. 1. tölul. 8. gr., og að þær séu fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi, sbr. 2. tölul. sama ákvæðis. Þá er gerð sú krafa í 4. tölul. 8. gr. að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Í ákvæðinu er enn fremur sérstaklega áréttað að

²⁷ Um gildissvið laganna er fjallað nánar í nýútgefnu riti Bjargar Thorarensen: Persónuverndarréttur, Reykjavík 2021, bls. 99 o.áfr.

²⁸ Í skrifum fræðimanna er miðað við að orðasambandið „refsiverð háttsemi“ sé túlkað rúmt þannig að það taki ekki einungis til upplýsinga um hvort maður hafi verið kærður eða ákærður fyrir refsiverðan verknað heldur líka hvort maður sé grunaður um slíkan verknað, sbr. Björg Thorarensen: Persónuverndarréttur, bls. 201. Í ljósi þess hversu miklar afleiðingar dreifing upplýsinga um að einstaklingur sé ásakaður um refsiverðan verknað hefur fyrir friðhelgi einkalífs viðkomandi, sbr. 71. gr. stjórnskrárlinnar, telur úttektarnefndin sterk rök hníga að því að slíkar upplýsingar falli einnig undir 12. gr.

persónuupplýsingum sem eru óreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli eyða eða þær leiðréttar án tafar.

Hvað varðar kröfur um sanngjarna og málefnalega vinnslu og áreiðanleika persónuupplýsinga, samkvæmt 1. og 4. tölul. 8. gr. laganna, verður að miða við að skráðar upplýsingar gefi sem réttasta mynd af hinum skráða. Sérstaka varúð kann að þurfa að sýna við skráningu upplýsinga sem getur haft mjög neikvæð áhrif fyrir hinn skráða. Í slíkum tilvikum ber almennt að athuga hversu áreiðanlegar upplýsingarnar eru. Þá ber að líta svo á að þegar um ræðir upplýsingar sem fela í sér afstöðu annarra einstaklinga til hins skráða eigi hinn skráði almennt rétt á að fá færðar inn athugasemdir sínar við þær upplýsingar.

2.5.2. Ætti leikmaður sjálfkrafa ekki að vera valinn í landsliðshóp ef tilkynnt hefur verið um ofbeldi eða áreitni af hans hálfu?

Þessari spurningu hefur verið velt upp í tengslum við þær ábendingar eða tilkynningar sem komu fram sumarið 2021 um brot af hálfu einstaka landsliðsleikmanna. Það er landsliðsþjálfari sem velur leikmannahóp fyrir landsliðsverkefni hverju sinni og ýmis sjónarmið eru uppi um hvort eðlilegt sé að KSÍ grípi inn í þá atburðarás eða taki ákvörðun um hvort leikmenn séu ekki gjaldgengir í landslið vegna þess að fram hafa komið fram tilkynningar eða ábendingar um ofbeldi eða áreitni af þeirra hálfu, jafnvel ekki í samráði við landsliðsþjálfara.

Um þetta atriði eru skoðanir hins vegar mjög skiptar. Að mati sumra eiga leikmenn þar sem tilkynnt hefur verið um ofbeldisbrot af þeirra hálfu eða ósæmilega hegðun ekkert erindi í landslið Íslands og eiga ekki að vera settir á stall sem fyrirmyndir og eiga tafarlaust að vera teknir úr landsliðinu eða ekki valdir í landsliðið þegar tilkynnt hefur verið um ofbeldi eða áreitni af þeirra hálfu. Að mati annarra er ekki hægt að líta framhjá því gríðarlega alþjóðlega samkeppnisumhverfi sem um er að ræða og hættunni á því að óprúttir aðilar sendi inn ábendingar til þess að koma höggi á aðra, sérstaklega ef það er gert í skjóli nafnleysis. Slíkar ábendingar geta – jafnvel þótt þær eigi ekki við rök að styðjast – haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem bent er á. Innan knattspyrnuheimsins eru einnig dæmi um að ákveðnir stuðningsmenn liða reyni að koma af stað meiðandi og ósönnum orðrómi um einstaka leikmenn og lið andstæðinga liðsins til þess að trufla undirbúning þeirra fyrir mikilvæga leiki. Eitt er víst, að KSÍ þarf að stíga varlega til jarðar þegar kemur að þessu atriði.

Þar sem leikmenn eru ekki í föstu ráðningarsambandi við KSÍ, sbr. það sem kemur fram í 2.4.3., hefur KSÍ verulegt svigrúm um hvort leikmenn séu valdir í hóp eða ekki.



Til dæmis er KSÍ í fullum rétti til að setja reglur um að leikmenn séu ekki valdir í hóp ef þeir sæta rannsókn lögreglu um alvarleg kynferðisbrot. Leikmenn eiga hins vegar rétt á því eins og aðrir einstaklingar að njóta friðhelgi um einkalíf sitt, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, og réttar um það hvernig unnið er með persónuupplýsingar um þá, sbr. lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Líkt og kom fram í 2.5.1. hér að framan eru gagnsæis- og áreiðanleikareglur persónuverndarlaga, sbr. 1. og 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna, meðal þeirra reglna sem KSÍ þarf að gæta í þessu sambandi. Þetta þýðir að varasamt er fyrir KSÍ að útiloka leikmenn á grundvelli nafnlausra tilkynninga, svo dæmi sé nefnt, eða upplýsinga sem ekki er hægt að staðreyna með einhverjum hætti, sbr. ákvörðun Persónuverndar frá 9. nóvember 2010 í máli nr. 2010/412, en þar var komist að þeirri niðurstöðu að það fyrirkomulag hins svokallaða svikahnapps VÍS, sem þá var við lýði, þ.e. að mönnum væri sérstaklega veittur kostur á nafnlausum ábendingum, stæðist ekki kröfur 1. og 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. þágildandi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. og 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. núgildandi persónuverndarlaga.²⁹

Út frá framangreindri 71. gr., en einnig 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt er sönnuð, eru KSÍ einnig ákveðnar skorður settar um hvernig sambandið stendur að opinberri umfjöllun um málefni leikmanna. Jafnvel þótt KSÍ berist upplýsingar um kæru til lögreglu og gögn máls sem telja verður áreiðanleg er ekki þar með sagt að KSÍ geti haldið blaðamannafund og sagt frá því að nú sé búið að kæra tiltekinn leikmann fyrir tiltekin brot og þar með sé hann ekki í landsliðinu, t.d. ef slíkar upplýsingar hafa hvergi birst áður.

Rétt er að hafa í huga að ef leikmaður teldist starfsmaður og mál leikmanns sem KSÍ fengi til umfjöllunar fellur undir gildissvið reglugerðarinnar um vinnuvernd nr. 1009/2015 bæri KSÍ auk þess samkvæmt fyrirmælum reglugerðarinnar að gæta bæði að réttindum þess sem kvartar og þess starfsmanns sem kvörtunin beinist að. Ef leikmaður teldist t.d. starfsmaður í

²⁹ Hnappurinn var fyrir þá sem vildu tilkynna um meint vátryggingasvik annarra án þess að koma fram undir nafni. Persónuvernd taldi umrætt kerfi ekki samrýmast tilgreindum reglum, m.a. ekki reglum um sanngirni og áreiðanleika. Þá hafi loforð um trúnað gagnvart tilkynnanda verið villandi. Persónuvernd lagði fyrir VÍS að endurskoða fyrirkomulag þeirrar söfnunar á persónuupplýsingum sem fram fór með umræddum svikahnappi. Sjá einnig úrlausn Persónuverndar í máli nr. 2012/531. Rétt er að taka fram að úttektarnefndin telur ekki unnt að útiloka að sá sem tilkynnir eða kemur með ábendingu um kynferðisbrot geti í einhverjum tilvikum átt rétt á nafnleynd gagnvart þeim sem tilkynning eða ábending beinist að, t.d. ef hagsmunir tilkynnanda vega þyngra en hagsmunir hins skráða, sbr. 3. mgr. 17. gr. Slíkt jafngildir þó ekki því að KSÍ geti sem ábyrgðaraðili unnið með nafnlausar tilkynningar, sem ekki er unnt að staðreyna, þannig að áhrif hafi á leikmenn.

skilningi laga um vinnuvernd og reglugerðarinnar bæri KSÍ að tryggja að hlutaðeigandi leikmaður fengi að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en tekin yrði ákvörðun um að hann fengi ekki að vera í landsliðshóp vegna ásakana, einkum sbr. 4. mgr. 6. gr. Einnig má leiða af dómi Hæstaréttar í máli nr. 15/2021 (Borgarleikhúsið), sem vikið var að í 3. 2. 2., að KSÍ gæti ekki haldið upplýsingum um eðli ásakana frá viðkomandi leikmanni á þeim grundvelli að þau hefðu lofað meintum þolanda trúnaði. Hér er þó áréttað að það er engan veginn sjálfgefið að ákvæði reglugerðarinnar um vinnuvernd gildi um leikmenn landsliða í verkefnum þeirra fyrir hönd KSÍ.

Sá vandi sem KSÍ stendur frammi fyrir er einnig sá að það er hugsanlegt að KSÍ gæti bakað sér skaðabótaskyldu vegna ætlaðs tjóns sem leikmaður gæti talið sig verða fyrir með því að vera ekki valinn í landsliðshóp eða verið tekinn út úr landsliðshóp vegna frásagna um kynferðisofbeldi af hans hálfu og þeirra ávirðinga í hans garð sem legið hafa þeirri ákvörðun til grundvallar.

Leikmaður hefur persónulega og fjárhagslega hagsmuni af því að vera valinn í landsliðshóp en um er að ræða vettvang þar sem unnt er að koma sér á framfæri á alþjóðavettvangi. Tekjuöflunarhæfi og tækifæri eru að miklu leyti háð ímynd og orðspori sem gætu beðið hnekki og gætu lýst sér m.a. í því að ekki verði eftirspurn eftir starfskröftum viðkomandi leikmanns, hvort heldur sem er innan vallar eða utan, svo sem vegna tekna af auglýsingum.

KSÍ gæti ekki dulist að brotthvarf leikmanns úr landsliðshóp eða að lykillleikmaður sé ekki valinn í landsliðshóp, þrátt fyrir að vera ekki meiddur og eftir að hafa gefið kost á sér, kemur til með að kalla á skýringar, vekja athygli og komast í hámæli í opinberri umræðu.

2.5.3. Einstaklingur sem tilkynnir um ofbeldi eða áreitni er utanaðkomandi aðili

Einnig hefur því verið velt upp hver sé skylda KSÍ til að bregðast við frásögn um ofbeldi og áreitni ef ábendingar eða tilkynningar koma frá utanaðkomandi aðila, þ.e. aðila sem er ekki hluti af landsliðshóp KSÍ í landsliðsverkefni (svo sem aðrir leikmenn, þjálfarar, sjúkraþjálfarar eða aðrir starfsmenn KSÍ) á þeim tíma sem sagt er að brotið hafi farið fram.

Þrátt fyrir að það sé engan veginn sjálfgefið að ákvæði reglugerðarinnar um vinnuvernd gildi um leikmenn landsliða í verkefnum þeirra fyrir hönd KSÍ, eins og fram kom í 2.4.3., þá er lítið annað að miða við í þessum efnum. KSÍ gæti mögulega haft hana til hliðsjónar við gerð verkferils um það til hvaða aðgerða skuli grípa þegar komið hefur fram tilkynning um ofbeldi eða áreitni af hálfu landsliðsmanna frá utanaðkomandi aðila.



Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um vinnuvernd segir að við gerð áhættumats skuli atvinnu-rekandi m.a. greina áhættuþætti er varða samskipti starfsmanna viðkomandi vinnustaðar við einstaklinga sem ekki teljast til starfsmanna vinnustaðarins en samskiptin eiga sér stað í tengslum við þá starfsemi sem fram fer á vinnustaðnum. Líklegt er því að til þess að KSÍ yrði gert að grípa til aðgerða vegna ábendinga eða tilkynninga frá utanaðkomandi aðila þyrftu samskiptin samt sem áður að hafa átt sér stað í tengslum við þá starfsemi sem færi fram á vegum KSÍ.

Þess má geta að eitt af því sem vinnustaðurinn ætti að bjóða upp á samkvæmt gátlista um viðbragðsáætlun í handbók Vinnueftirlitsins um einelti, áreitni og ofbeldi eru upplýsingar um hvernig brugðist verði við á vinnustað ef aðili máls er utanaðkomandi.³⁰ Ef reglugerðin um vinnuvernd yrði höfð til hliðsjónar við gerð verkferla KSÍ þegar landsliðsmenn eiga í hlut ætti KSÍ að gera ráð fyrir að þess háttar tilvik gætu mögulega átt sér stað og í fyrsta lagi að reyna að koma í veg fyrir þau (taka tillit til þeirra við áhættumat) og í öðru lagi að hafa til staðar áætlun um hvað skyldi gera ef slík atvik kæmu upp.

2.5.4. Er hægt að skylda leikmenn til að upplýsa um kærur úr málaskrá lögreglu?

Haustið 2021, í kjölfar þeirrar gagnrýni sem KSÍ hefur sætt, hefur verið til umræðu hvort rétt sé að KSÍ biðji leikmenn um að skrifa undir samning þar sem þeir m.a. samþykki að afhenda KSÍ upplýsingar um sig úr málaskrá lögreglu til að unnt sé að sjá hvort leikmenn hafi verið kærðir fyrir ofbeldisbrot.

Hafa verður í huga að upplýsingar í málaskrá lögreglu eru, ólíkt því sem gildir um upplýsingar í sakaskrá, óstaðfestar í þeim skilningi að þær hafa ekki hlotið formlega umfjöllun innan dómskerfisins. Í málaskrá birtast því m.a. upplýsingar um grun um afbrot sem ekki hefur verið staðfestur með dómi. Þá birtast þar upplýsingar um það sem haft er eftir fólki á vettvangi slysa, afbrota eða annarra þeirra atvika sem lögregla hefur afskipti af. Gera má ráð fyrir að þessar upplýsingar geti í ákveðnum tilvikum birst í slíku samhengi að viðkomandi einstaklingur virðist hafa verið viðriðinn eitthvað misjafnt og það jafnvel að ósekju. Heimild KSÍ til að biðja um þessar upplýsingar yrði að meta í því ljósi. Þá verður að líta til 71. gr. stjórnarskrárinnar sem hefur að geyma grunnregluna um réttinn til friðhelgi einkalífs.

³⁰ Bls. 11: https://wp.vinnueftirlid.is/wp-content/uploads/2021/09/saettum_okkur_ekki_vid_einelti_areitni_ofbeldi.pdf

Á sambærilegt álitaefni reyndi fyrir Persónuvernd í máli nr. 2015/1617 sem laut að öflun Öryggismiðstöðvar Íslands hf. á upplýsingum um starfsmenn sína úr málaskrá lögreglu. Tilgangurinn var að fá upplýsingar um hvort starfsmenn hafi ítrekað komið við sögu lögreglu í tengslum við grun um refsiverð brot. Komi slíkar upplýsingar fram rýri það traust sem starfsmaður í öryggisgæslu verði að njóta. Niðurstaða Persónuverndar var að umrædd vinnsla persónuupplýsinga samrýmdist ekki kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um málefnalega og sanngjarna vinnslu, meðalhóf og áreiðanleika við vinnslu persónuupplýsinga. Samsvarandi ákvæði eru í 1. mgr. 8. gr. núgildandi persónuverndarlaga.

Af þessari niðurstöðu Persónuverndar leiddi að Öryggismiðstöðinni, sem vildi gera auknar kröfur til starfsmanna sem ynnu að öryggismálum, var óheimilt að gera þær kröfur til starfsmanna sinna að þeir legðu fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu. Að teknu tilliti til þess að starfsmenn Öryggismiðstöðvarinnar hafa oft lyklavöld að heimilum og fyrirtækjum, aðgang að gögnum úr eftirlitskerfum og annast í starfi sínu gæslu fólks og verðmæta, má leiða að því líkur að KSÍ væri ekki unnt að gera samsvarandi kröfur til leikmanna í landsliðum Íslands.

2.5.5. Önnur álitaefni

Fjölmörgum öðrum spurningum hefur verið velt upp þegar kemur að því álitaefni hversu langt eigi að ganga varðandi ábyrgð KSÍ gagnvart athöfnum leikmanna landsliða. Dæmi má nefna: Ber KSÍ ábyrgð á landsliðsmanni sem tilkynning eða ábending hefur komið fram um að hafi framið brot í frítíma sínum og landsliðsverkefni stendur enn yfir? Hvað ef landsliðsverkefni er ekki formlega lokið þó svo að síðasti leikurinn hafi verið flautaður af? Ber KSÍ ábyrgð á landsliðsmanni sem tilkynning eða ábending hefur komið fram um að hafi brotið á öðrum milli landsliðsverkefna?

Ætla má að ólíklegt sé að það geti komi til ábyrgðar KSÍ á grundvelli laga og reglugerðar um vinnuvernd í slíkum tilvikum. Gera má ráð fyrir að ef ekki er um starfsmann að ræða og hegðunin á sér ekki stað í skipulagðri ferð á vegum KSÍ eða í nokkurs konar skilgreindu umhverfi sem KSÍ hefur yfirráð yfir sé afar langsótt að KSÍ beri t.d. skaðabótaábyrgð.³¹

³¹ Um umfang skaðabótaábyrgðar vinnuveitanda vegna kynferðislegrar áreitni í norrænum rétti er fjallað í grein danska Hæstaréttardómarans Jørgen Nørgaard: „Arbejdsgiveransvar ved seksuel chikane“, sem birt er í Rettsteori og rettsliv, Festskrift til Carsten Smith til 70-årsdagen 13. juli 2002, Kaupmannahöfn, 2002, bls. 645–659.



Að þessu sögðu mætti varpa fram þeirri spurningu hvort KSÍ ætti ekki engu að síður að sýna siðferðilega ábyrgð með því að velja viðkomandi ekki í landsliðið, ef hann hefur gerst sekur um óíþróttamannslega hegðun sem skaðar ímynd KSÍ út á við og fer í bága við ákvæði um bann við ofbeldi og ósæmilegri hegðun í lögum KSÍ og siðareglum KSÍ. Eins og rakið er hér að framan í kafla 2.5.2. hefur KSÍ verulegt svigrúm um hvort leikmenn séu valdir í hóp eða ekki og leikmenn eiga ekki tilkall til þess að vera valdir í hóp. Er það þá undir landsliðsþjálfara komið, eða eftir atvikum formanni og framkvæmdastjóra og stjórn KSÍ, eftir því sem ákveðið er í reglum KSÍ hverju sinni hvort viðkomandi yrði valinn í landsliðshóp.

Um það álitaefni hvort tilkynningum um ofbeldi eða áreitni af hálfu leikmanna A-landsliða eigi að beina til samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs verður fjallað hér á eftir í kafla 2.6.2.

2.6. Lög nr. 45/2019, um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs

2.6.1. Almenn

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 45/2019, um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, hér eftir kölluð lög um samskiptaráðgjafa, nær starfssvið samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs til skipulagðrar starfsemi eða starfsemi í tengslum við hana á vegum ÍSí, Ungmennafélags Íslands („UMFÍ“), æskulýðssamtaka sem starfa á grundvelli æskulýðslaga og aðila sem gera samning við það ráðuneyti sem fer með íþrótt- og æskulýðsmál um rekstrarframlag vegna sambærilegrar starfsemi.

Markmið laganna samkvæmt 2. gr. er að íþrótt- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingar.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. er hlutverk samskiptaráðgjafans að bæta umgjörð samtaka og félaga, sem falla undir lögin, í samráði við þau. Hann skal stuðla að öryggi þeirra sem taka þátt í starfi þeirra samtaka og félaga. Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. rækir hann hlutverk sitt m.a. með því að leiðbeina þeim einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu starfi félaga og samtaka sem falla undir lögin eða í tengslum við það um þau úrræði sem standa til boða, hvernig kvörtun er komið á framfæri við rétt yfirvöld og eftir atvikum um þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á. Samkvæmt 3. og 4. tölul. 2. mgr. 5. gr. rækir hann hlutverk sitt með því að aðstoða samtök og félög sem falla undir lögin við að gera viðbragðsáætlun vegna atvika og misgerða sem verða í starfi

þeirra og stuðla að samræmingu og veita ráðgjöf til þeirra sem taka þátt í starfsemi félaga og samtaka sem falla undir löginn um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Í almennum athugasemdum frumvarpsins sem varð að lögum um samskiptaráðgjafann kemur fram að það er ekki skilyrði að atvik eða misgerðir hafi átt sér stað á æfingatíma heldur nær starfssvið samskiptaráðgjafa einnig til atvika sem verða í tengslum við skipulagt starf, t.d. á skemmtunum, og samskipta í frítíma. Í athugasemdum með 5. gr. frumvarpsins kemur fram að ekki sé aðeins átt við þátttakendur í þeim skilningi að um ræði iðkendur eða þá sem stunda íþróttar- og æskulýðsstarf, heldur alla sem koma að starfinu að einhverju leyti, t.d. sjálfboðaliða, þjálfara og aðra starfsmenn. Jafnframt segir að ráðgjafi skuli gæta hlutleysis í störfum sínum og veita ráðgjöf og leiðbeiningar í samræmi við bestu þekkingu og gildandi lög á hverjum tíma. Hann skuli forðast að taka afstöðu í þeim málum sem leitað er með til hans og sýna þeim sem til hans leita virðingu og tillitssemi. Í frumvarpinu segir að með vísan til hlutverks samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs muni hann ekki taka stjórnvaldsákvæðanir og því ekki líklegt að það reyni á stjórnsýslulög, nr. 37/1993, í störfum hans.

Af framangreindu má ráða að löginn miði fyrst og fremst að öruggu umhverfi þeirra sem stunda íþróttir og koma að einhverju leyti að skipulögðu starfi félaga og samtaka sem falla undir löginn. Ekki verður því séð að það sé hlutverk samskiptaráðgjafans samkvæmt lögnum að taka til umfjöllunar kvörtun eða ábendingu ef brotapolí er ekki iðkandi eða kemur að skipulögðu starfi félaga og samtaka sem falla undir löginn að einhverju leyti.

2.6.2. Hlutverk samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs þegar kemur að tilkynningum um brot af hálfu leikmanna A-landsliða meðan á landsliðsverkefni stendur

Í tengslum við þær ábendingar eða tilkynningar sem komu fram sumarið 2021 á hendur einstaka landsliðsleikmönnum var þeirri spurningu velt upp hvort slíkum tilkynningum ætti að beina til samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs. Eins og fram hefur komið nær starfssvið samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs samkvæmt 1. gr. samnefndra laga nr. 45/2019 til skipulagðrar starfsemi eða starfsemi í tengslum við hana á vegum Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, æskulýðssamtaka sem starfa á grundvelli æskulýðslaga og aðila sem gera samning við það ráðuneyti sem fer með íþróttar- og æskulýðsmál um rekstrarframlag vegna sambærilegrar starfsemi.

Ætla má að landsliðsverkefni, t.d. landsliðsferð í útlöndum, gæti fallið undir skipulagða starfsemi á vegum ÍSí (þó svo að ferðin væri vissulega á vegum KSÍ) og þannig undir gildissvið



laganna um samskiptaráðgjafann. Hvort allt það sem gerist í landsliðsferðinni myndi falla undir þau lög er svo annað mál og þyrfti að meta í hverju tilviki fyrir sig og með hliðsjón af markmiði laganna. Samkvæmt 2. gr. er markmiðið með lögunum að íþrótt- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingar.

Sá sem vill tilkynna til samskiptaráðgjafa að viðkomandi hafi sætt ofbeldi eða áreitni af hálfu leikmanns landsliðs í landsliðsferð þyrfti samkvæmt framangreindu að hafa verið þátttakandi í landsliðsferðinni sjálfri eða hluti af skipulagðri starfsemi í kringum hana. Það er hins vegar ekki gert að skilyrði, til að falla undir gildissvið laganna um samskiptaráðgjafann, að atvik eða misgerðir hafi átt sér stað á æfingatíma heldur nær starfssvið samskiptaráðgjafa einnig til atvika sem verða í tengslum við skipulagt starf, t.d. á skemmtunum, og samskipta í frítíma, sbr. það sem segir í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Þetta þýðir að ekki er unnt að fella öll tilvik sem gerast í landsliðsferð undir einn hatt heldur þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig. Sum mál myndu væntanlega falla undir gildissvið samskiptaráðgjafans, önnur ekki. Þannig mætti ætla að ef leikmaður landsliðsins myndi áreita t.d. starfsmann eða stjórnarmann KSÍ, þjálfara, sjálfboðaliða eða einhvern annan í fylgdarliði landsliðsins í landsliðsferð þá gæti þolandinn leitað til samskiptaráðgjafans. Ef um væri hins vegar að ræða tilvik þar sem leikmaður hefur áreitt utanaðkomandi aðila sem væri á engan hátt að taka þátt í landsliðsferðinni sjálfri, t.d. starfsmann hótels sem gist er á eða gest á veitingastað sem borðað er á, má ætla að það tilvik myndi falla utan gildissviðs laganna um samskiptaráðgjafann og með það tilvik þyrfti að leita annað. Hvert tilvik þyrfti því að skoða fyrir sig.

Þegar koma upp tilvik líkt og það sem varð tilefni að gerð skýrslu þessarar verður ekki séð að réttu viðbrögðin hjá KSÍ séu að senda þau öll til afgreiðslu hjá samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs í stað þess að meta hvert tilvik fyrir sig, líkt og áður segir. Þar með er ekki verið að segja að KSÍ ætti að hafa frítt spil þegar kemur að slíkum málum. Sambandið þarf hins vegar að setja sér verkferla í viðbragðsáætlun um til hvaða aðgerða skuli grípa þegar mál varða leikmenn landsliða og utanaðkomandi aðila og vísast til kaflans um tillögur til úrbóta í kafla 5.

Í samræmi við 3. og 4. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna um samskiptaráðgjafann væri samskiptaráðgjafinn hugsanlega góður kostur til að aðstoða KSÍ við að skrifa slíka verkferla og/eða veita KSÍ ráðgjöf um fyrirbyggjandi aðgerðir. Ef vilji stendur til þess að samskiptaráðgjafi fjalli einnig um tilvik sem eru sambærileg þeim sem nefnd eru hér að framan verður það þó ekki gert öðruvísi en að hlutverki hans verði breytt með lögum.

2.7. Ákvæði sem varða ofbeldi og ósæmilega hegðun í lögum, reglugerðum og starfsreglum ÍSÍ og KSÍ (innra regluverk KSÍ)

Ákvæði laga og reglna ÍSÍ um ofbeldi og ósæmilega hegðun.

Líkt og fyrr segir er KSÍ einnig bundið af ákvæðum laga og reglna um ofbeldi sem það hefur sjálft sett sér. Vísað hefur verið til þeirra reglna sem innri reglna KSÍ hér fyrir framan. KSÍ skal auk þess gæta samræmis við ákvæði um ofbeldi í reglum og ákvörðunum ÍSÍ, UEFA og FIFA.³² Í ljósi skyldu sinnar að þessu leyti ber KSÍ að fylgja þeim reglum um ofbeldi og ósæmilega hegðun í lögum ÍSÍ sem raktar eru í kafla 1.2. hér að framan, sbr. i-og l-lið 4. gr. laganna. Þá gilda siðareglur ÍSÍ einnig um KSÍ, en reglurnar eiga við um alla aðila innan ÍSÍ og sambandsaðila, þ.e. sérsambönd og héraðssambönd/íþróttabandalög, og í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af íþróttahreyfingunni. Í reglunum er m.a. kveðið á um að koma skuli fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum sér og öðrum. Einnig kemur fram að gæta skuli jafnræðis og varast að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa, t.d. hvað varðar kynþátt, kynhneigð o.fl.³³

Samkvæmt 1. gr. reglna ÍSÍ um keppnisferðir skulu íþróttamenn, fararstjórar, flokkstjórar, þjálfarar og dómara ávallt vera til fyrirmyndar um alla framkomu í ferðum á vegum ÍSÍ og sýna hæversku og reglusemi á leikvangi og utan.³⁴ Reglurnar kveða með skýrum hætti á um það hvert sé hlutverk hvers og eins meðan á ferðinni stendur sem og ábyrgð. Í hegðunarviðmiðum ÍSÍ fyrir þjálfara, iðkendur, stjórnarmenn og starfsfólk er auk þess fjallað um að koma skuli fram af virðingu og sem góð fyrirmynd, bæði innan vallar sem utan.³⁵

³² Um reglur og ákvarðanir UEFA og FIFA verður ekki fjallað í skýrslu þessari.

³³ [https://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/Ny-skjol/Si%3b0areglur%20%3d%3d%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/Ny-skjol/Si%3b0areglur%20%3d%3d%20-%20Copy%20(1).pdf)

³⁴ <https://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/Ny-skjol/Reglur%20%3d%3d%20um%20keppnisfer%3b0ir.pdf>

³⁵ <https://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/Ny-skjol/Hegdunarvidmid-Allt.pdf>



Ákvæði laga og reglna KSÍ um ofbeldi og ósæmilega hegðun.

Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laga KSÍ skal KSÍ gæta jafnræðis og jafnréttis. Í því felst að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum KSÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.³⁶

Samkvæmt 7. mgr. 5. gr. laga KSÍ skuldbindur aðildarfélag KSÍ sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum. Samkvæmt 10. mgr. 5. gr. ber sérhvert aðildarfélag ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna á mælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum og reglugerðum KSÍ.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga KSÍ hefur stjórn KSÍ eftirlit með því að lög KSÍ, reglugerðir KSÍ og leikreglur séu virtar og getur hún vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Í 3. mgr. sömu greinar segir að stjórn KSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum KSÍ skuli fara eftir þeim lögum og reglugerðum, sem gilda á hverjum tíma. Samkvæmt 4. mgr. 21. gr. skal stjórn KSÍ gæta þess að í nefndum á vegum sambandsins séu skipaðir aðilar af báðum kynjum og þar á meðal fulltrúar félaga eða hagsmunasamtaka félaganna.

Í 3. mgr. 2. gr. starfsreglna stjórnar KSÍ segir að allir þeir sem koma fram á vegum KSÍ skuli fara eftir þeim lögum og reglugerðum, sem gilda á hverjum tíma.³⁷ Stjórn KSÍ hefur samþykkt siðareglur sem fulltrúar í stjórn skulu hafa í heiðri og fylgja því eftir að aðrir þeir sem falla undir reglurnar geri það einnig.

Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Samkvæmt reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd KSÍ sem samþykkt var af stjórn 15. apríl 2021 skal aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafa lögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á.³⁸

³⁶ <https://www.ksi.is/um-ksi/log-og-reglugerdir/log-ksi/>

³⁷ [https://www.ksi.is/library/Skrar/Log-og-reglugerdir/STARFSREGLUR%20stj%C3%B3rnar%202019%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.ksi.is/library/Skrar/Log-og-reglugerdir/STARFSREGLUR%20stj%C3%B3rnar%202019%20-%20Copy%20(1).pdf)

³⁸ [https://www.ksi.is/library/Skrar/Log-og-reglugerdir/Regluger%C3%B0KS%C3%8d%20um%20aga-%20og%20%C3%barskur%C3%B0arm%C3%A1l%20\(apr%C3%adl%202021\).pdf](https://www.ksi.is/library/Skrar/Log-og-reglugerdir/Regluger%C3%B0KS%C3%8d%20um%20aga-%20og%20%C3%barskur%C3%B0arm%C3%A1l%20(apr%C3%adl%202021).pdf)



senn endurspegla stuðning þeirra við grundvallarreglur og markmið KSÍ, aðildarfélaga þess, UEFA og FIFA og ber þeim að forðast allt sem skaðað getur orðstír þeirra, heiður og tilgang. Samkvæmt 2. mgr. 2 gr. skulu fulltrúar aðhyllast siðferðileg viðhorf við skyldustörf sín. Þeim ber að heita því að koma fram af myndugleika og minnst þess að þeim, sem fulltrúum KSÍ, ber að koma fram af fullkomnum trúverðugleika og heilindum.

Í 2. mgr. 4. gr. siðareglanna er kveðið á um að einstaklingar er starfa sem fulltrúar KSÍ skuli kynna sér ákvæði siðareglanna og undirgangast þau skilyrði sem þær setja. Samkvæmt 5. mgr. 1. gr. reglnanna mega fulltrúar ekki misbjóða virðingu einstaklinga, eða hópi einstaklinga, með orðum eða athæfi sem bera í sér fyrirlitningu, manngreinarálit eða mannorðsspjöll hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð eða kynhneigð.

Rétt er að geta þess að samkvæmt gögnum sem úttektarnefndin styðst við er endurskoðun siðareglanna KSÍ nú þegar hafin.

Starfsreglur siðanefndar KSÍ.

Samkvæmt 2. gr. er hlutverk siðanefndarinnar að fjalla um þau mál sem til hennar er beint samkvæmt siðareglum KSÍ.⁴¹ Siðanefnd KSÍ dæmir í málum sem falla undir ákvæði siðareglanna. Framferði fulltrúa KSÍ fellur undir valdsvið hennar. Siðanefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög í samræmi við siðareglurnar. Siðanefndin tekur ákvörðun um það hverju sinni hvort leita skuli aðstoðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ ef vafi er um hvort einstök mál eigi einnig undir siðarnefndu nefndina.

Samkvæmt 3. gr. starfsreglnanna geta stjórn KSÍ, stjórn ÍSÍ og framkvæmdastjóri KSÍ beint málum til siðanefndar KSÍ. Stjórnnum aðildarfélaga KSÍ er jafnframt heimilt að koma á framfæri ábendingum um brot á reglunum til þessara sömu aðila.

2.8. Nær innra regluverk KSÍ til leikmanna A-landsliða meðan á landsliðsverkefni stendur?

Samkvæmt 3. tölul. 17. gr. laga KSÍ skulu stjórn KSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum KSÍ fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma. Samkvæmt orðanna

⁴¹ <https://www.ksi.is/library/Skrar/Log-og-reglugerdir/Starfsreglur%20Si%C3%B0anefndar%20KS%C3%8D.pdf>

hljóðan verður það ekki skilið á annan hátt en að leikmenn A-landsliða geti fallið undir „alla þá sem koma fram á vegum KSÍ“ og þar með gildi lög og reglugerðir KSÍ um þá rétt eins og aðra, a.m.k. meðan á landsliðsverkefni stendur.

Vakin er athygli á því að einar reglur KSÍ undanskilja sérstaklega leikmenn landsliða. Það eru siðareglur KSÍ. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. eiga siðareglurnar við um alla fulltrúa og starfsmenn KSÍ. Til fulltrúa KSÍ og starfsmanna teljast allir meðlimir stjórnar og nefnda, dómarar, þjálfarar, leiðbeinendur og sérhverjir þeir sem starfa á vegum KSÍ og bera ábyrgð á fjárhagslegum, tæknilegum, læknisfræðilegum eða stjórnunarlegum málefnum hjá KSÍ.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. siðareglanna undirgangast leikmenn landsliða hins vegar agareglur landsliðsþjálfara og reglur um keppnisferðir sem byggja á þessum siðareglum. Í viðtölum úttektarnefndarinnar við starfsmenn og stjórnarmenn, bæði fyrrverandi og núverandi, kom fram að með agareglum landsliðsþjálfara er fyrst og fremst um að ræða óskráðar agareglur hvers landsliðsþjálfara fyrir sig.

Þegar spurt var um reglur um keppnisferðir í viðtölum úttektarnefndarinnar könnuðust margir viðmælendur ekki við þær og höfðu ekki heyrt á þær minnst. Þær er ekki að finna á heimasíðu KSÍ eins og annað regluverk sambandsins. Samkvæmt gögnum sem úttektarnefndin hefur undir höndum eru reglur um keppnisferðir til í drögum frá árinu 2010. Ætla má því að engar gildar, skráðar reglur um keppnisferðir gildi hjá KSÍ líkt og eru í gildi hjá ÍSí. Nefndin telur að úr þessu megi bæta, sbr. tillögur til úrbóta í kafla 5.

Af framangreindu má ráða að innra regluverk KSÍ nái til leikmanna A-landsliða á meðan á landsliðsferð stendur nema þeir séu sérstaklega undanskildir í reglunum sjálfum, sbr. siðareglur KSÍ.

2.9. Samantekt

Af framangreindu má ráða að KSÍ ber, rétt eins og öðrum sambærilegum félagasamtökum og vinnustöðum, að fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda í landinu um meðferð tilkynninga, ábendinga eða annars konar upplýsinga sem KSÍ berast um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi. Þrátt fyrir að KSÍ hafi beitt sér með virkum hætti til að auka jafnrétti kynjanna í samræmi við jafnréttislög liggur skýr viðbragðsáætlun um kynbundið ofbeldi og kynbundna og kynferðislega áreitni enn ekki fyrir. Lög og reglugerð um vinnuvernd, sem KSÍ er bundið af sem atvinnurekandi, gera jafnframt kröfu um að slík viðbragðsáætlun sé til staðar innan vinnustaðarins.



Við útfærslu reglugerðarinnar um vinnuvernd þarf að gæta samræmis við almenn lög í landinu, t.d. barnaverndarlög nr. 80/2002, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og gæta að skörun við hlutverk lögreglu um rannsókn sakamála. Samkvæmt reglugerðinni um vinnuvernd þurfa upplýsingarnar um áreitni og ofbeldi að vera í formi kvörtunar eða ábendingar eða að um sé að ræða rökstuddan grun. Ekki er útskýrt nánar hvenær svo sé en að mati úttekta nefndarinnar þyrfti að meta hvert tilvik fyrir sig. Þegar mál fellur undir reglugerðina og tilkynning kemur frá starfsfólki leiðir af ákvæðum reglugerðarinnar að viðkomandi verður að vera reiðubúin(n) að skýra mál sitt nánar ef látið er vita af ofbeldi og áreitni. Ekki verður séð að skylt sé að veita upplýsingarnar skriflega en ekki verður heldur séð að reglugerðin geri ráð fyrir nafnlausri kvörtun eða ábendingu. Atvinnurekandi þarf að sýna varfærni og nærgætni í aðgerðum sínum með virðingu og einkahagi hlutaðeigandi starfsmanna í huga og tryggja þarf að hlutaðeigandi starfsmönnum sé gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Að mati úttekta nefndarinnar hníga rök þó frekar til þess að ákvæði reglugerðarinnar um vinnuvernd gildi ekki um leikmenn A-landsliða í verkefnum þeirra fyrir hönd KSÍ. Þar sem leikmenn eru ekki í föstu ráðningarsambandi við KSÍ hefur sambandið verulegt svigrúm um hvort leikmenn séu valdir í hóp eða ekki. Til dæmis er KSÍ í fullum rétti til að setja reglur um að leikmenn séu ekki valdir í hóp ef þeir sæta rannsókn lögreglu um alvarleg kynferðisbrot. Leikmenn eiga hins vegar stjórnarskrárvarinn rétt á því, eins og aðrir einstaklingar, að njóta friðhelgi um einkalíf sitt og réttar um hvernig unnið er með persónuupplýsingar um þá, sbr. lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Gagnsæis- og áreiðanleikareglur persónuverndarlaga eru því meðal þeirra reglna sem KSÍ þarf að gæta í þessu sambandi. Varasamt er því fyrir KSÍ að útiloka leikmenn á grundvelli nafnlausra tilkynninga, svo dæmi sé nefnt, eða upplýsinga sem ekki er hægt að staðreyna með einhverjum hætti.

Út frá 71. gr., en einnig 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt er sönnuð, og vikið er að hér að framan, eru KSÍ einnig ákveðnar skorður settar um hvernig sambandið stendur að opinberri umfjöllun um málefni leikmanna. Sá vandi sem KSÍ stendur frammi fyrir er einnig sá að það er hugsanlegt að KSÍ geti bakað sér ábyrgð til greiðslu skaða- og/eða miskabóta ef leikmaður er ekki valinn í landsliðshóp eða tekinn út úr landsliðshóp með tilvísun til opinberra frásagna um kynferðisofbeldi af hans hálfu sem hvergi hafa birst áður.

Að mati úttektarnefndarinnar væri KSÍ ekki unnt að gera þær kröfur til leikmanna í landsliðum Íslands að afhenda KSÍ upplýsingar úr málaskrá lögreglu enda um að ræða óstaðfestar upplýsingar sem ekki hafa hlotið umfjöllun innan dómskerfisins, ólíkt því sem gildir um upplýsingar í sakaskrá. Ekki verður heldur séð að réttu viðbrögðin hjá KSÍ séu að senda öll mál sem varða leikmenn A-landsliða meðan á landsliðsverkefni stendur yfir til afgreiðslu hjá samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs heldur þarf að meta hvert tilvik fyrir sig. Sum mál myndu væntanlega falla undir gildissvið samskiptaráðgjafans, önnur ekki. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að til að mál falli undir starfssvið samskiptaráðgjafans þarf þolandi að hafa verið þátttakandi í landsliðsferðinni sjálfri eða hluti af skipulagðri starfsemi í kringum hana.

Með þessu er þó ekki verið að segja að KSÍ ætti að hafa frítt spil þegar kemur að slíkum málum. Sambandið þarf hins vegar að setja sér viðmið og reglur í viðbragðsáætlun um til hvaða aðgerða skuli grípa þegar mál varða leikmenn landsliða og utanaðkomandi aðila. Um frekari sjónarmið í því sambandi vísast hér með til kafla 5 um tillögur til úrbóta.

KSÍ er með sitt eigið regluverk sem bannar ofbeldi og ósæmilega hegðun. Af framangreindu má ráða að innra regluverk KSÍ nái yfir leikmenn landsliða meðan á landsliðsverkefni stendur nema að þeir séu sérstaklega undanskildir í reglunum sjálfum.

3. kafli

3.1. Aðdragandi að afsögn formanns og stjórnar KSÍ og meðferð einstakra tilkynninga og ábendinga um ofbeldi

Eins og fram hefur komið er það eitt af meginhlutverkum úttektarnefndarinnar að staðreyna eins og kostur er þá atburðarás sem leiddi til afsagnar formanns og afsagnar stjórnar KSÍ í ágúst og september 2021 ásamt því að skoða ásakanir sem fram hafa komið, m.a. um svokallaða „nauðgunar- og þöggunarmenningu“ innan sambandsins. Þá er það jafnframt verkefni nefndarinnar að sannreyna eins og kostur er hvaða vitneskja hafi verið innan stjórnar og/eða meðal starfsmanna KSÍ um að leikmenn landsliða eða aðrir sem starfa fyrir KSÍ hafi beitt kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi á árunum 2010–2021.



Úttektarnefndin telur ljóst að atburðarásin í aðdraganda þess að formaður KSÍ og stjórn sögðu af sér um mánaðamótin ágúst/september 2021 verður ekki aðgreind frá umræðu og ásökunum af þeim toga að KSÍ hafi ýmist leynt vitneskju um eða leitast við að draga úr eða kveða niður frásagnir um kynbundið eða kynferðislegt ofbeldi innan vébanda sinna. Af þeim sökum mun nefndin fjalla um þessi atriði samhliða í þessum kafla.

Við eftirgrennslan sína hefur nefndin fengið upplýsingar um að þegar formaður og stjórn KSÍ sögðu af sér hafi formaður og stjórn KSÍ, auk framkvæmdastjóra, haft vitneskju um frásagnir tveggja kvenna sem lutu að því að þrír leikmenn A-landsliða karla hefðu beitt þær kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.⁴² Í framhaldi af tilkynningu um afsögn stjórnar og boðun aukabings hittu framkvæmdastjóri og stjórnarmeðlimur í KSÍ konu sem greindi þeim frá því að hún hefði sætt ofbeldi af hálfu leikmanns A-landsliðs karla á þeim tíma sem úttekt nefndarinnar tekur til. Þá hafa KSÍ borist ábendingar um kynferðisofbeldi sem varða ekki leikmenn A-landsliða. Fyrir þeim er gerð grein í kafla 3.5. hér á eftir.

Úttektarnefndin hefur vitneskju um að stjórn KSÍ hefur í framhaldi af afsögn stjórnar og skipun nefndarinnar fengið tilkynningar frá aðgerðahópnum Öfgum um að nafngreindir leikmenn A-landsliðs karla hafi beitt alvarlegu kynferðisofbeldi eða annars konar kynbundnu ofbeldi. Fulltrúi hópsins sem úttektarnefndin ræddi við lýsti því fyrir nefndinni að umræddar tilkynningar væru byggðar á frásögnum þolenda sem fulltrúar hópsins væru í sambandi við. Meðlimir hópsins hefðu hins vegar heitið þolendum fullum trúnaði um önnur atvik málsins.

Úttektarnefndin gerir að sjálfsgöðu ekki athugasemdir við að þeir sem greini frá því að hafa sætt kynferðisofbeldi eða öðru kynbundnu ofbeldi óski eftir að gætt verði trúnaðar um frásagnir þeirra. Hins vegar vekur nefndin athygli á því að í ljósi áreiðanleikareglu persónuverndarlaga sem fyrr er rakin er það vandkvæðum bundið fyrir bæði starfsfólk, stjórn KSÍ og nefndina að vinna frekar með eða taka afstöðu til upplýsinga sem hún hefur ekki tök á að kanna frekar, þar sem hún hefur ekki vitneskju um frá hverjum þær stafa upphaflega eða upplýsingar um önnur atvik málsins. Að frekari þýðingu þessa var vikið í 2. kafla hér að framan.

3.2. Frásögn um að A hafi beitt ofbeldi

⁴² Í opinberri umræðu hefur auk þess stigið fram Jóhanna Helga Jensdóttir, sem greindi frá því að hún hefði kært B fyrir líkamsárás á skemmtistaðnum B5 árið 2017. Af þeim upplýsingum og gögnum sem úttektarnefndin hefur aflað verður þó ekki séð að Jóhanna, eða nokkur annar fyrir hennar hönd, hafi komið þessu á framfæri við KSÍ áður en fjallað var um málið í fjölmiðlum og áður en formaður og stjórn KSÍ sögðu af sér. Frásögn Jóhönnu birtist á vefnum visir.is 2. september 2021, sbr. <https://www.visir.is/g/20212150604d>.

Í frétt sem birtist í Fréttablaðinu 1. september 2021 segir að lögreglan í Hafnarfirði hafi verið kölluð að heimili í Garðabæ hinn 5. júlí 2016 eftir að A, landsliðsmaður í fótbolta, „gekk þar berserksgang, braut allt og bramlaði og hafði í hótunum við þáverandi eiginkonu sína“. Í fréttinni sagði að þegar lögreglan kom á staðinn hafi A „flúið vettvang en samkvæmt heimildum blaðsins var íbúðin í slæmu ástandi og sjáanlegar skemmdir víða“.

Í fréttinni er því jafnframt lýst að samkvæmt heimildum blaðsins hafi nágrannar þeirra hjóna hringt í KSÍ og tilkynnt um meint heimilisofbeldi A en KSÍ hafi ekkert aðhafst í málinu og það þaggað niður að því er heimildir Fréttablaðsins herma. Í fréttinni er því jafnframt lýst að samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafi lögreglan ekki haft hendur í hári A það kvöld en hann var boðaður í skýrslutöku nokkrum dögum síðar og mætti til hennar ásamt lögmanni sínum. Samkvæmt heimildum blaðsins neitaði hann að hafa beitt eiginkonu sína ofbeldi eða sýnt ógnandi hegðun.⁴³

Klara Bjartmarz greindi frá því að hún hefði fengið símhringingu um svipað leyti eftir að einstaklingur hefði haft samband við skrifstofu KSÍ og fengið farsímanúmerið hennar. Sá einstaklingur hefði greint henni frá því að lögreglan hefði verið kölluð að heimili A vegna óláta og gruns um heimilisofbeldi. Klara hefði deilt þessum upplýsingum með Geir Þorsteinssyni, Magnúsi Gylfasyni og síðar Guðna Bergssyni en KSÍ hefði á sínum tíma ekki haft aðrar upplýsingar en að málið væri í farvegi hjá lögreglu. Þar sem málið hefði átt sér stað utan landsliðsverkefnis hefði KSÍ ekki litið svo á að það væri í verkahring sambandsins heldur lögreglu að aðhafast frekar í málinu. KSÍ hefði löngu síðar fengið þær upplýsingar að kæran á hendur A hefði verið dregin til baka.

Magnús Gylfason, sem árið 2016 sat í landsliðsnefnd A-landsliðs karla en var þá hvorki starfsmaður KSÍ né í stjórn sambandsins, greindi úttektarnefndinni frá því að hann hefði hitt A og eiginkonu hans á kaffihúsi daginn eftir að lögregla var kölluð til. A hefði þá greint honum frá því sem hefði gerst um nóttina. Ekkert hefði bent til þess á þeim fundi að eiginkona A hefði sætt ofbeldi eða að hún hygðist leggja fram kæru á hendur A.

⁴³ <https://www.frettabladid.is/frettir/landslidsmadur-fludi-logreglu-efir-meint-heimilisofbeldi-nottina-efir-em-fognud/>



Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur fengið frá X, nágranna hjónanna á þessum tíma, hafði nágranninn samband við KSÍ og ræddi þar við karlkyns starfsmann. X kvaðst í samtalinu hafa upplýst um tilefni þess að lögreglan var kölluð til og lýst áhyggjum af eiginkonu A. Óskaði X eftir því að einhver af þjálfurum landsliðsins hefði samband við sig vegna málsins og bað fyrir um skilaboð til þjálfara í því sambandi.

Engin viðbrögð bárust hins vegar frá KSÍ í framhaldinu. Úttektarnefndin bar þessar upplýsingar undir báða þjálfara landsliðsins á þessum tíma, þá Lars Lagerbäck og Heimi Hallgrímsson, og kannaðist hvorugur við að hafa fengið skilaboð af þeim toga sem um ræðir.

Gunnar Gylfason, sem á þessum tíma var starfsmaður KSÍ og A-landsliðs karla, greindi úttektarnefndinni frá því í viðtali að hann hefði nokkrum dögum eftir að lögregla var kölluð að heimili A fengið símhringingu frá manni sem hann þekkti ekki. Af lýsingu Gunnars að dæma er um annað samtal að ræða en það sem nágranninn X átti við ótilgreindan starfsmann KSÍ og rakið er hér að ofan.

Samkvæmt Gunnari mun sá sem hringdi í hann hafa sagt honum frá því að A hafi einhverjum kvöldum áður gengið berserksgang í eða við íbúð sína og unnið skemmdir á henni og að nærstaddir hefðu verið óttaslegnir. Gunnar hafi spurt manninn hvort hann hefði ekki hringt í lögreglu og hún komið á staðinn vegna þessa sem hann svaraði játandi. Þegar Gunnar spurði hvað hann ætti að gera í málinu fyrst lögreglan væri með með það snerist málið og maðurinn hafi sagt Gunnari að ef A gerði þetta aftur myndi hann láta brjóta báða fætur hans en það væri væntanlega ekki gott fyrir fótboltamann. Gunnar kvaðst í viðtali við nefndina alveg hafa séð A í ham og talið ólíklegt að þeim sem ætlaði að brjóta á honum fætuna yrði vel ágengt með það.

Nadine Guðrún Yaghi, sem á þessum tíma starfaði sem fréttamaður hjá Vísi og Stöð 2, greindi nefndinni frá því að hún hefði fengið veður af því að lögreglan hefði verið kölluð að heimili A vegna óláta og þess að grunur léki á heimilisofbeldi. Kvaðst Nadine hafa haft samband við KSÍ vegna málsins og spurst fyrir um það. Engin frekari viðbrögð hafi komið frá KSÍ en nokkrum dögum síðar hafi Þ almannatengill hringt í hana og gert lítið úr málinu. Nadine upplýsti nefndina um að hún hefði grennslast frekar fyrir um málið í kjölfarið en hvorki þáverandi eiginkona A né neinn innan KSÍ hafi veitt neinar upplýsingar um það.

Geir Þorsteinsson, sem á þessum tíma var formaður KSÍ, kvaðst í skýringum sínum til nefndarinnar minnst samtals við Magnús Gylfason í landsliðsnefnd um leikmann sem virtist eiga í erfiðleikum í sínu sambandi og að lögreglan hefði verið kölluð til. Geir kvað málið aldrei

hafa verið „formlega á borði KSÍ og um einkalíf leikmannsins var að ræða“. Þá hafi það ekki tengst verkefni KSÍ að því er hann best vissi.

Í skýringum til nefndarinnar kvað Geir þó „vel kunna að vera“ að hann hafi bent Magnúsi á að almannatengillinn þ gæti hjálpað í tengslum við umfjöllun fjölmiðla og að hann hafi rætt við þ, það sem hann hafi gert það „nokkuð reglulega þegar málefni tengd KSÍ voru til umfjöllunar í fjölmiðlum“. Úttektarnefndin hefur við athugun sína fengið upplýsingar og gögn sem sýna fram á að félag sem þ starfaði hjá sinnti verkefnum fyrir KSÍ á þessum tíma og fékk greiðslur frá sambandinu í umræddum mánuði.

Við athugun sína ræddi nefndin við fyrrverandi eiginkonu A sem lýsti vonbrigðum sínum með hvernig KSÍ hefði tekið á þessu máli.

3.3. Frásögn um að B hafi beitt ofbeldi

Mánudaginn 19. mars 2018 sendi Arnar Þór Guttormsson tölvupóst á almennt netfang KSÍ, sem og formann og framkvæmdastjóra KSÍ, auk fimm starfsmanna sambandsins.⁴⁴ Í tölvupóstinum vakti Arnar athygli á því að dóttir hans hefði nýlega kært landsliðsmann fyrir líkamsárás og grófa kynferðislega áreitni en þar segir m.a.:

Ég varð fyrir miklum vonbrigðum um helgina þegar dóttir mín sagði mér að maðurinn sem hún kærði nýlega fyrir líkamsárás og grófa kynferðislega áreitni á skemmtistað í Reykjavík hefði verið valinn aftur í íslenska landsliðið í knattspyrnu. Kæran hefur ekki verið látin niður falla mér vitanlega. Í ljósi umræðu undanfarinna missera heima og erlendis (me too) þykir mér vont að þetta sé það sem knattspyrnuhreyfingin hefur til málanna að leggja. Nú má vel vera að viðkomandi sé sterkur kandidat til að senda andstæðinga okkar á HM heim með skottið á milli lappanna en síðast þegar ég heyrði var enginn þeirra með píku til að rífa í og setja leik þeirra þannig úr skorðum. Sé þetta ákvörðun sem ekki verður haggð finnst mér sanngjarnt að ég segi frá því að ég keypti 2 miða á vináttuleik Íslands og Peru hér í New Jersey fyrir 50.000 isk. en hef engan áhuga á því að fara með son minn að sjá manninn sem réðist á systur hans leika sér með bolta. Mun ég þess vegna hafa samband við yfirvöld hér í USA og vara menn þar á bæ við að mögulega hættulegur einstaklingur verði á ferð með íslenska landsliðinu hér síðar í mánuðinum. Þetta þykir mér svartur blettur á annars mögulega góðri landkynningu.

⁴⁴ Starfsmennirnir sem fengu póstinn voru Gunnar Gylfason sem þá starfaði m.a. sem fjölmiðlafulltrúi hjá sambandinu, Haukur Hinriksson, lögfræðingur KSÍ, Jóhann Ó. Sigurðsson og Óskar Örn Guðbrandsson, starfsmenn samskiptadeildar KSÍ, og Þorvaldur Ingimundarson sem starfaði m.a. sem heilindafulltrúi KSÍ.



Í tölvupóstinum vísar Arnar einnig til þess að hann hafi vitneskju um að annar leikmaður liðsins hafi fengið á sig kæru vegna kynferðisofbeldis og líkamsárásar:

Ég vil einnig láta þess getið að ég veit að annar leikmaður liðsins fékk á sig kæru fyrir ca.2 árum. Þar sem hann barði og nauðgaði ungri konu í bíl í miðbæ Reykjavíkur. Sú kæra var látin niður falla. Því miður veit ég með vissu að það var ekki gert vegna þess að nauðgunin átti sér ekki stað (Ísland er lítið land). Ég mun hins vegar ekki ræða það frekar vegna þess að ég gengst fyllilega undir þá samfélagslegu ábyrgð að maður sé saklaus uns sekt er sönnuð. Það að leikmenn sem eru með opnar ákærur hjá lögreglu eða dómsmálayfirvöldum fyrir ofbeldisbrot séu engu að síður valdir í liðið, get ég hins vegar ekki sætt mig við og ég á frekar von á því að íslenska þjóðin sé á sama máli og jafnvel erlendir aðdáendur íslenska knattspyrnuundursins.

Í Skandinavísku velferðar samfélagi gengur ekki að hetjur og fyrirmyndir unga fólksins okkar séu í raun og veru nauðgarar og ofbeldismenn, það endar ekki vel.

Ég vænti þess að skýr skilaboð verði send til leikmanna allra liða um að ofbeldi verði ekki liðið hvort sem er innan eða utan vallar.

Einnig vona ég heitt og innilega að ofbeldis og nauðgunarmenning verði gerð útlæg úr íslenska fótboltanum með öllum ráðum.

Með vinsemd og virðingu,

Arnar Þór Guttormsson, sonur konu, eiginmaður konu og faðir konu (og einnig faðir pílts sem elskar fótbolta).

Í tölvupóstinum kom einnig fram að Arnar hefði sent afrit á embætti forseta Íslands þar sem honum fyndist eðlilegt að forseti Íslands vissi allt um þau málefni sem hann veldi að styðja. Í þeim pósti hefði hann nafngreint viðkomandi leikmann svo forseti gæti kynnt sér málið „í viðkomandi stofnunum“.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, svaraði erindi Arnars með tölvupósti sama dag en hann var þá staddur í San Francisco ásamt A-landsliði karla og starfsfólki KSÍ. Þar kom fram að þetta væri það fyrsta sem hann heyrði af málinu en hann vildi að Arnar vissi að hann tæki því mjög alvarlega. Í pósti Guðna sagði síðan: „Ég mun kanna þetta mál strax en ég bið þig vinsamlegast um að nafngreina þann leikmann sem þú ert að vísa til, að öðrum kosti liggja allir leikmenn liðsins undir grun. Við getum síðan rætt málið frekar í kjölfarið.“

Í svari Arnars við tölvupóstinum kl. 10:53 næsta dag kemur fram hver leikmaðurinn er sem um ræðir en hann verður eftirleiðis auðkenndur sem B í þessari skýrslu. Þá sagði að kærurnar væru enn á borði lögreglu samkvæmt síðustu upplýsingum frá réttargæslumanni dóttur hans. Í svarpósti Guðna kl. 11:50 sama dag kemur fram að KSÍ sé „í mun að standa rétt að þessu máli“ og að hann vildi gjarnan heyra í honum símleiðis síðar ef það væri í lagi.

Af tölvupóstsamskiptum sem áttu sér sér stað milli Arnars og Guðna verður ráðið að Guðni hafi óskað að ræða við réttargæslumann dóttur hans til að átta sig frekar á málsatvikum og kærinni og að Guðni hafi síðan rætt við Arnar og eiginkonu hans í síma. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í viðtölum fyrir nefndinni mun Guðni í því símtali einnig hafa spurð fyrir um hitt málið sem Arnar vísaði til í tölvupósti sínum og laut að því að landsliðsmaður hefði verið kærður fyrir nauðgun sem átt hefði sér stað í miðbæ Reykjavíkur. Mun Arnar hafa svarað því að það væri ekki hans að segja frá því máli og ekki sagt Guðna nánari deili á landsliðsmanninum sem átti í hlut.⁴⁵

Í kjölfar símtalsins sendi Arnar Guðna tölvupóst 22. mars 2018 en þar sagði m.a. svo:

Við ræddum við dóttur okkar og samkvæmt upplýsingum frá réttargæslumanni og lögreglu þá verður sáttameðferð að fara fram í gegnum lögreglu þar sem málið er enn í rannsókn.

Þetta útilokar ekki möguleikann á sáttum.

Við viljum biðja þig að halda trúnað við okkur gagnvart [B] eða nokkrum öðrum er varðar atvikalýsingu og aðrar upplýsingar sem við deildum með þér þegar við ræddum við þig í síma.

Í viðtali Þórhildar Gyðu Arnarsdóttur við úttektarnefndina kom fram að þessi samskipti foreldra hennar við Guðna hefðu verið með fullri vitund og samþykki hennar. Trúnaðurinn sem faðir hennar hafi óskað eftir hafi snúið að atvikalýsingunni þannig að tryggt væri að B fengi ekki vitneskju um atvikalýsinguna og gæti hagað framburði sínum hjá lögreglu í samræmi við það.

Sama dag, þ.e. 22. mars 2018, hafði sviðsstjóri ákærusviðs lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu samband við Guðna Bergsson í tölvupósti þar sem hann var beðinn um að hringja í hana við tækifæri „vegna máls sem er til rannsóknar og meintra afskipta KSÍ af því“. Sama dag mun Sigríður Björk Guðjónsdóttir, þáverandi lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, einnig hafa haft samband við Víði Reynisson, sem var þá starfsmaður KSÍ og öryggisstjóri í ferðinni, og spurt hvort eitthvað væri hæft í því að KSÍ væri að hafa afskipti af rannsókn málsins. Víðir mun hafa sagt henni að svo væri ekki.

⁴⁵ Í viðtölum nefndarinnar kom fram að það mál varðaði þáverandi leikmann yngri landsliða karla sem hafi verið kærður til lögreglu fyrir nauðgun árið 2014 en málið hafi verið fellt niður árið 2016.



Samkvæmt frásögnum þeirra sem voru með landsliðinu í för í Bandaríkjunum í mars 2018 mun það hafa verið samdóma álit Guðna og Klöru að B yrði að leysa úr þessum málum áður en hann yrði valinn aftur í landsliðið. Í viðtölum kom einnig fram að Guðni, Klara og Víðir Reynisson hefðu átt fund með B í kjölfarið. Hann hafði upplýst þau um að hann hefði verið drukkinn kvöldið sem frásögn Arnars laut að og mögulega slegið til Þórhildar Gyðu, dóttur hans. Á öðrum fundum mun hafa verið rætt að ef B yrði leikfær gæti hann reynst landsliðinu mjög mikilvægur HM í Rússlandi, en B mun m.a. hafa verið tekinn í hópinn til að meta hvort af því gæti orðið. Engu að síður hafi verið afraðið að B myndi fara aftur til Íslands og svara þeirri kæru sem fram var komin. Í tölvupósti frá 25. mars 2018 frá Guðna Bergssyni til sviðsstjóra ákærusviðs lögreglunnar sem úttektarnefndin hefur fengið í hendur kemur fram að B komi til landsins þennan dag og verði laus í skýrslutöku næsta dag.

Heimir Hallgrímsson, þáverandi þjálfari A-landsliðs karla, lýsti því fyrir nefndinni að bréfið sem KSÍ barst um kærana á hendur B hefði verið tekið mjög alvarlega og það hefði orðið til þess að Guðni og Klara ákváðu að B yrði sendur heim. Það hafi „enginn verið með aðrar hugsanir en að hann myndi bara fara heim og klára það dæmi og Guðni átti að aðstoða hann með það“. Heimir sagði enn fremur að þetta hefði verið í fyrsta skipti sem hann heyrði um það að leikmaður hefði beitt einhvern ofbeldi og hann taldi málið líta þannig út að það skaðaði þá góðu ímynd sem landsliðið hafði á þessum tíma. B hefði auk þess glímt við meiðsli og hvort eð er ekki getað tekið þátt í æfingum liðsins.

Við athugun sína hefur úttektarnefndin ekki fundið nein gögn eða heyrt frásagnir um að lögmaður á vegum KSÍ hafi boðið Þórhildi Gyðu samning þar sem hún tækist á herðar skuldbindingu um að segja ekki frá atvikum að baki kæru hennar um árás og áreitni B á skemmtistaðnum B5 í Reykjavík árið 2017. Í viðtölum sínum við nefndina könnuðust hvorki Guðni Bergsson né Klara Bjartmarz við slíkan samning. Í viðtali sínu við nefndina greindi Klara jafnframt frá því að þrátt fyrir að komið hafi fyrir að Guðni keypti ráðgjafabjónustu sem formaður KSÍ án þess að hún vissi sæi hún engu að síður alla reikninga sem bærust KSÍ. Hún hefði kannað málið sérstaklega ásamt fjármálastjóra KSÍ eftir að umræða kom upp um aðild KSÍ að boði um þagnarskyldusamning í fjölmiðlum og engan reikning fundið frá lögmönnum frá vorinu 2018 þegar formaður KSÍ var í samskiptum við föður Þórhildar vegna málsins.

Frásögn Þórhildar Gyðu Arnarsdóttur í viðtali við nefndina gefur einnig til kynna að það megi vel vera að hugmyndir um aðkomu KSÍ að þagnarskyldusamningi byggist á misskilningi,

sem megi rekja til þess að Hörður Felix Harðarson, annar lögmanna B, gegni ákveðnum trúnaðarstörfum fyrir KSÍ með setu í nefndum. Hörður Felix hefur afdráttarlaust og opinberlega hafnað því að hann hafi komið að málinu fyrir hönd KSÍ eða að hann hafi sett fram boð um þagnarskyldusamning fyrir hönd umbjóðanda síns.⁴⁶

Við athugun úttektarnefndarinnar hefur ekki komið fram að stjórn KSÍ hafi á nokkru stigi fengið upplýsingar um tölvupósta Arnars Þórs Guttormssonar, föður Þórhildar Gyðu, til KSÍ. Guðni Bergsson lýsti málinu hins vegar þannig fyrir nefndinni að hann hefði fengist við það á nokkurra daga tímabili erlendis í þremur tölvupóstum og með símtali á meðan æfingaferð landsliðsins stóð. B hefði síðan verið sendur heim úr þeirri æfingaferð. Faðir Þórhildar hefði þakkað honum fyrir skjót viðbrögð í málinu, sagt að málið væri nú komið í farveg með réttargæslumanni og beðið Guðna um algjöran trúnað í málinu. Málið hefði síðan endað með einkaréttarlegri sátt á milli málssaðila án aðkomu KSÍ.

Klara Bjartmarz tók í sama streng í viðtali sínu við nefndina. Guðni hefði svarað föður konunnar strax og það mál hefði farið í farveg þegar í stað. Málið hefði verið algjörlega í baksýnispeglinum hjá henni og hún hefði verið í góðri trú með að því væri bara lokið.

3.4. Frásögn Z um að C og D hafi beitt hana ofbeldi

Sunnudagurinn 9. maí 2021.

Sunnudaginn 9. maí 2021 birti einstaklingur sem hér eftir verður vísað til sem Z eftirfarandi færslu á samfélagsmiðlinum Instagram undir myllumerkinu #metoo:

Ég ligg andvaka, get ekki hætt að hugsa um alla sem hafa þurft að upplifa það sama og ég. Upplifa skömm, reiði, sorg, uppgjöf, vantrú á sínar eigin tilfinningar og upplifanir.

Árið 2010 var mér nauðgað af 2 íslenskum mönnum í útlöndum. Ég var búin að drekka áfengi en grunar að einhver hafi sett eitthvað í glasið mitt, gæti hafa verið hver sem er. Til að gera langa og ömurlega sögu stutta að þá ældi ég yfir annan þeirra í leigubílnum á leið á hótelið þeirra, svo aftur í rúmið á hótelinu en þeir létu það ekki stoppa sig og skiptust á að nauðga mér þar sem ég lá í rúminu ber að neðan með ælu í hárinu, andlitinu og fötunum.

Það eru bráðum 11 ár síðan en það líður ekki sá dagur að þetta kemur ekki upp í hausinn á mér. Þetta rændi mig svo mörgu. Sjálfstraustinu, gleðinni, tækifærum og upplifunum.

Ég ætlaði að kæra, fékk lögfræðing, fór í skýrslutöku en hvar sem ég kom var mér sagt að þetta væri erfitt mál, annað land og þeir tveir gegn mér. Ítrekað var ég spurð hvort ég vildi leggja þetta á mig.

Eftir margra mánaða bið ákvað ég að leggja málið niður, var ekki nógu sterk, gat ekki lagt meira á mig andlega.

⁴⁶ <https://www.visir.is/g/20212150993d/a-kvordun-stjornar-ksi>



*Þessir menn voru þekktir, annar þeirra þjóðþekktur í dag.
Mér var ítrekað bent á að ef ég myndi kæra myndi það hafa áhrif á þeirra feril, þetta færi í blöðin og það myndu allir vita af þessu. Spurningarnar sem ég fékk sem sitja fastast þegar ég sagði frá voru: „Ertu viss?“ „Þú vildir þetta en sást svo eftir því.“ Það sem ég hugsaði þá og hugsa ennþá stundum í dag er að það trúir mér enginn.
Það er ógeðslega fukking erfitt að þurfa að segja #meetoo og ég óska þess engum!
Ég má segja frá, ég má bara ekki nafngreina. Mig langar ekki að burðast með þetta ein í hjartanu, mig langar ekki að hugsa í hvert skipti sem ég fer meðal fólks „Ætli þau viti þetta, ætli þau trúir mér?“ því það er ógeðslega íþyngjandi og heftandi félagslega. Ég er alltaf á varðbergi.
Þennan dag var eitthvað tekið frá mér sem ég mun aldrei fá aftur en ég ætla að halda áfram að vinna í mér og skila skömminni loksins!
FOKKIÐ YKKUR!!*

Samkvæmt þeim upplýsingum sem úttektarnefndin fékk í viðtölum munu einstaklingar sem tengdust A-landsliði karla á þessum tíma í kjölfarið hafa fengið vitneskju um „að eitthvað hefði gerst í ferðinni sem átti ekki að gerast“, eins og einn þeirra orðaði það, og að það hefði lotið að því að tveir landsliðsmenn hefðu verið með stelpu uppi á herbergi hjá sér. Þeir einstaklingar sem nefndin ræddi við báru þó ekki að þeir hefðu heyrt frásagnir um að kynferðisbrot hefði átt sér stað en lögð hafi verið áhersla á að leyna atvikinu með vísan til þess að annar leikmaðurinn hefði átt kærustu sem ekki hefði mátt komast að því hvað hefði gerst.

Allir þessir einstaklingar lögðu þó áherslu á að þeir hefðu ekki verið í aðstöðu til að fullyrða neitt um hvað hafi gerst í raun. Geir Þorsteinsson, þáverandi formaður KSÍ, greindi nefndinni frá því í viðtali að hann hafi ekki heyrt af þessu máli fyrr en í ágúst 2021, löngu eftir að hann hætti störfum hjá KSÍ. Að því er varðar þá einstaklinga sem úttektarnefndin ræddi við um málið og töldu sig geta tjáð sig um atvik málsins af eigin raun hefur nefndin aftur á móti litið til þeirra upplýsinga sem fram hafa komið opinberlega í fjölmiðlum um að hafin sé sakamálarannsókn á málinu. Til þess að raska ekki þeirri rannsókn hefur nefndin komið þeirri ábendingu á framfæri við umrædda einstaklinga og lögreglu að þeir kunni að hafa stöðu vitnis í málinu. Með því er þó ekki tekin nein afstaða til atvika málsins árið 2010 af hálfu nefndarinnar. Af þeim sökum verður sjónum því í kjölfarið beint að viðbrögðum KSÍ þegar ábendingar um frásögn Z komu inn á borð sambandsins sumarið 2021.

Fimmtudagurinn 3. júní 2021 – formaður, framkvæmdastjóri og landsliðsþjálfari fá vitneskju um að frásögn Z varði leikmenn A-landsliðs karla og að atvik hafi átt sér stað erlendis í kjölfar landsleiks.

Með frétt á vef KSÍ 21. maí 2021 var tilkynnt um hverja Arnar Þór Viðarsson, þjálfari A-landsliðs



karla, hefði valið í landsliðshópinn fyrir væntanlega leiki gegn Mexíkó, Færeyjum og Póllandi sem fram fóru 30. maí, 4. júní og 8. júní 2021.

Degi fyrir leik landsliðsins við Færeyjar, eða fimmtudaginn 3. júní 2021, barst Guðna Bergssyni, formanni, og Klöru Bjartmarz, framkvæmdastjóra KSÍ, sem og Arnari Þór Viðarssyni landsliðsþjálfara, nafnlaust bréf. Í bréfinu sagði m.a.:

Varðandi val ykkar á landsliðshópnum fyrir næsta verkefni langaði mig að athuga hvort þið hjá KSÍ hefðuð hugmynd um hverja þið væruð í raun og veru að velja í lið Íslands. Ég efast um að gjörðir og hegðun ákveðinna aðila í hópnum hafi farið framhjá öllum þeim sem vinna fyrir ykkar hönd þar sem þessir ákveðnu aðilar eru sagðir vera kynferðisafbrot- og ofbeldismenn.

Ég velti því fyrir mér hver afstaða ykkar í málum sem þessum er? Viljið þið virkilega að fyrirmyndir allra barna sem hafa áhuga á fótbolta séu kynferðisafbrot- og ofbeldismenn? Þar á meðal barnanna ykkar? Viljið þið vera meðsek í að gefa þessum einstaklingum góða stöðu í samfélaginu til þess að auðvelda þeim að komast upp með að misnota aðra?

Þið hafið öll völdin til að velja í liðið og því miður sér maður þessa aðila valda fyrir hönd Íslands aftur og aftur.

Kveðja,

Aðili sem krefst góðra fyrirmynda fyrir börnin okkar.

Í viðtölum fyrir nefndinni kom fram að Y, starfsmaður KSÍ, hafi tekið á móti bréfinu þennan dag og opnað það. Y hefði síðan skannað bréfið og sent það áfram til Guðna, Klöru og Arnars Þórs í tölvupósti kl. 11:22.

Eftir að Klara opnaði póstinn og las bréfið spurði hún Y hvort hún vissi eitthvað. Sagði Y henni þá að tengdadóttir hennar hefði greint sér frá því tveimur árum áður að tveir leikmenn A-landsliðsins, sem eru auðkenndir sem C og D í þessari skýrslu, hafi í sameiningu nauðgað sér í kjölfar landsleiks Danmerkur og Íslands á þjóðarleikvangi Dana í knattspyrnu árið 2010.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum fór sá leikur fram 7. september 2010. Y hafi sagt Klöru að tengdadóttir hennar hefði þá ekki viljað aðhafast frekar vegna málsins og ekki heldur þegar hún birti færslu um reynslu sína á Instagram 9. maí 2021. Málið hefði hins vegar farið í kærufæri á sínum tíma en tengdadótturina hefði á þeim tíma skort bakland til að fylgja málinu eftir. Y mun þó hvorki hafa haft aðkomu að ritun bréfsins né vitneskju um önnur mál en það sem vísað var til í frásögn tengdadóttur hennar. Viðtöl og aðrar athuganir úttektarnefndarinnar hafa ekki varpað ljósi á hver hafi ritað og sent bréfið.



Klara sendi Guðna og Arnari Þór í kjölfarið tölvupóst þar sem hún greindi frá því í framhaldi af tölvupósti starfsmannsins að birst hefði opinberlega frásögn í tengslum við #metoo sem tengdist landsliðsverkefni sem væri ekki falleg og að frásögnin væri tengd við nafngreindan leikmann A-landsliðs karla. Nefndi Klara jafnframt að hún gæti sagt frá nafninu í símtali. Í viðtölum nefndarinnar kom fram að Guðni og Klara hafi síðar sama dag átt samtal um málið í síma þar sem hún greindi honum nánar frá frásögninni.

Guðni Bergsson, þáverandi formaður KSÍ, greindi nefndinni frá því að hann hefði fyrst heyrt af frásögninni á Instagram í gegnum fjölskyldumeðlim þegar hann var erlendis með landsliðinu um mánaðamótin maí/júní. Þegar nafnlausu bréfið kom hafi hann ekki tengt það sérstaklega við þetta atvik en Klara hefði fengið vitneskju um að málsaðili tengdist starfsmanni KSÍ. Guðni kveðst hafa fengið vitneskju um tengsl Y við málið í júní 2021. Hann og Klara hafi fyrst talað saman um málið og þeim hafi farið það á milli að þetta væri ömurlegt og sársaukafullt mál og erfitt að eiga við, sérstaklega þar sem þeir sem frásögnin beindist að væru ekki nafngreindir í frásögninni, sakargiftirnar væru alvarlegar en engin kæra lægi fyrir.

Guðni og Y munu síðan hafa fyrst rætt saman síðari hluta júnímánaðar en Klara hafi rætt við hana áður. Þau hafi rætt málavexti og hvað hefði gerst í september 2010. Guðni hafi spurt Y hvort tengdadóttir hennar hygðist gera eitthvað frekar í málinu með nafngreiningu eða kæru. Í viðtali við nefndina sagði Guðni að Y hafi þá tjáð honum að tengdadóttir hennar hygðist hvorki leggja fram kæru né ræða þetta við fjölmiðla „eða fara með þetta lengra“ eins og hún hefði orðað það. Eftir þetta hefðu þau síðan rætt málið í nokkur skipti án þess að Guðni fengi frekari skilaboð um vilja þolanda í þeim efnum nema í lok ágúst að hún vildi ræða við C. Honum hafi líka verið umhugað um líðan Y sem var í erfiðri stöðu sem starfsmaður KSÍ.

Þriðjudaginn 20. júlí 2021 greindu íslenskir fjölmiðlar frá því að nokkrum dögum áður, eða föstudaginn 16. júlí, hefði lögreglan í Manchester handtekið F, leikmann A-landsliðs karla, á þeim grundvelli að hann væri til rannsóknar vegna brots gegn barni. Sömu helgi fór í gang umræða á samfélagsmiðlum um handtöku F og sakargiftir á hendur honum. Miðvikudaginn 21. júlí birtist síðan tilkynning á heimasíðu félags leikmannsins um að félagið hefði leyst leikmann aðalliðs félagsins frá störfum á meðan lögreglurannsókn stæði yfir. Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að félagið muni styðja yfirvöld við rannsóknir sínar og ekki tjá sig frekar um málið að sinni.⁴⁷

⁴⁷<https://www.evertonfc.com/news/2193203/club-statement>

Í viðtali Guðna Bergssonar við úttektarnefndina greindi hann frá því að í símtali þeirra í júlímánuði hefði C að fyrra bragði minnst á frásögn Z eftir að fréttir birtust af því að annar leikmaður landsliðsins, F, væri til rannsóknar í Bretlandi. Að sögn Guðna sagði C að hann hefði átt kynferðislegt samneyti við Z ásamt öðrum leikmanni en hafnaði því alfarið að þeir hefðu brotið á henni. Mun C hafa látið svo um mælt við Guðna að lýsingin væri ekki í samræmi við hans upplifun og að hann ætlaði ekki að jata á sig eitthvað sem hann hefði ekki gert. Guðni sagði síðar hafa komið til tals að málsaðilar hittust mögulega þegar Z léði máls á því samkvæmt upplýsingum frá Y en Guðni kveðst ekki hafa talið rétt að KSÍ hefði óumbeðið milligöngu um það né sáttaferli í máli sem þessu.

Arnar Þór Viðarsson sagði í viðtali við nefndina að hann hefði fyrst rætt málið við C í ágúst. C hefði þá greint honum frá sinni hlið málsins sem hafi verið önnur en þolanda. Arnar Þór kveðst á þessum tíma hafa haft í hyggju að velja C í liðið enda hafi hann þá ekki vitað annað en að um væri að ræða óstaðfesta frásögn á internetinu.

Y segist hafa fengið á tilfinninguna á þessum tíma að Guðni, Klara og Arnar Þór hafi verið búin að ákveða að þau gætu ekki gert neitt í málinu. Greindi Y þá tilteknum samstarfsmönnum innan KSÍ frá þeirri tilfinningu sinni. Af viðtölum úttektarnefndarinnar verður ráðið að vitneskjan um málið hafi borist til nokkurra starfsmanna KSÍ sem Y hafi trúað sérstaklega fyrir málinu og jafnframt að Guðni og Klara hafi verið ráðvillt um hvernig taka ætti á því. Klara greindi nefndinni frá því að málið hefði verið erfitt, ekki síst vegna þess að hún vissi ekki hverjar væntingar þolanda voru til KSÍ um viðbrögð. Þannig hafi þau Guðni t.d. fengið þau skilaboð að þolandinn vildi ekki að C hætti að spila fyrir Ísland. Samkvæmt frásögn Y, tengdamóður Z, er það réttur skilningur á afstöðu tengdadóttur hennar á þessum tíma.

Mánaðamótin júlí/ágúst – annar varaformanna KSÍ fær veður af frásögn Z.

Aðspurður um hverjir aðrir hafi vitað af málinu innan KSÍ á þessum tíma taldi Guðni að flestir hefðu vitað af því þegar komið var fram í ágúst að C væri bendlaður við kynferðisbrot í þeirri frásögn þar sem vitneskja um málið hefði verið á allra vitorði. Málið hefði hins vegar komið upp á sumarleyfistíma þegar fólk væri ekki jafnmikið að ræða saman og stjórnarfundur hefði sem dæmi ekki verið haldinn yfir hásumarið eins og venja væri til. Því væri erfitt fyrir hann að segja nákvæmlega til um hvenær hver vissi hvað.



Borghildur Sigurðardóttir, þáverandi varaformaður KSÍ, sagði í viðtali sínu við nefndina að hún hefði fyrst heyrt af frásögn Z í gegnum dóttur sína um verslunarmannahelgina sem séð hefði frásögnina á Instagram og að leikmaður A-landsliðsins hefði verið bendlaður við málið. Hún hefði síðan hringt mánudaginn 2. ágúst 2021 í Klöru og sagst vera í áfalli vegna málsins. Hennar fyrsta hugsun hefði verið að Y, tengdamóðir stúlkunnar sem greindi frá því að hún hefði verið beitt ofbeldi, væri starfsmaður KSÍ og hún hefði beðið Klöru um að það yrði haldið utan um hana. Borghildur mun hafa greint Klöru frá áhyggjum sínum yfir því hversu mikið álag það hlyti að hafa verið fyrir Y að hafa vitað af málinu og verið að vinna fyrir landsliðið á sama tíma. Borghildur greindi nefndinni hins vegar frá því að hún hefði á þessum tíma hvorki vitað af því hvenær Y heyrði sjálf af málinu né að hún hefði greint frá því innan KSÍ.

Mánudagur 9. ágúst 2021 – fréttir um mál F ræddar á stjórnarfundum KSÍ.

Mánudaginn 9. ágúst 2021 var haldinn Teams-fundur í stjórn KSÍ.⁴⁸ Í skýringum til nefndarinnar segir Guðni Bergsson að hann minni að hann hafi reifað frásögn Z lauslega í tengslum við umræðu um landsliðsmál og jafnframt að staðan væri erfið þar sem frásögnin væri á samfélagsmiðlum og gerendurnir ekki nafngreindir.

Stjórnarfolk sem sat fundinn minntist þess hins vegar ekki að þessa frásögn hefði borið á góma á fundinum. Rædd hefði verið fréttaumfjöllun um mál F en stjórnin hefði ekki haft neinar aðrar upplýsingar um það mál.

Borghildur Sigurðardóttir, annar tveggja varaformanna KSÍ, lýsti því fyrir nefndinni að hún hefði tjáð Guðna vitneskju sína um Instagram-færsluna í kringum stjórnarfundinn þennan dag þegar hún kom úr fríi. Hann sagðist þá hafa heyrt af færslunni. Hann hefði hins vegar ekki upplýst hana um að hann hefði þegar rætt við C vegna málsins. Þá hefði henni ekki verið kunnugt um að Y hefði vakið athygli á málinu innan KSÍ.

Gísli Gíslason, annar varaformanna KSÍ, greindi nefndinni frá því að einhvern næstu daga hefði Guðni Bergsson greint honum frá því að það væri Instagram-færsla á netinu um landsliðsmenn. Gísli Gíslason kvaðst þó ekki viss um að nafn Y, starfsmanns KSÍ, hefði verið nefnt í þessu samhengi og hann vissi ekki hvort einhverjum öðrum í stjórn hefði verið kunnugt um Instagram-færslu Z eða efni hennar.

⁴⁸ Fundinn sóttu Guðni Bergsson formaður, Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ásgeir Ásgeirsson, Ingi Sigurðsson, Magnús Gylfason, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Þorsteinn Gunnarsson.

Föstudagur 13. ágúst 2021 – opinber ásökun birtist um að KSÍ beri ábyrgð á að þagga niður frásagnir um að leikmenn A-landsliðs karla beiti konur ofbeldi.

Föstudaginn 13. ágúst birtist á visir.is grein eftir Hönnu Björgu Vilhjálmsdóttur, framhaldsskólakennara, undir fyrirsögninni „Um KSÍ og kvenfyrirlitningu“.⁴⁹ Í greininni sagði m.a.:

Fyrir nokkru steig ung kona fram og sagði frá hópnauðgun sem hún varð fyrir árið 2010. Lýsingin á ofbeldinu er hroðaleg og glæpurinn varðar við margra ára fangelsi. Það hafði þó ekki meiri áhrif á gerendurna (landsliðsmennina) en svo að þeir gerðu grín að nauðguninni daginn eftir. Forherðingin algjör. Í frásögninni kemur fram hvaða afleiðingar þessi unga kona hefur þurft að burðast með. Lýsingin er þyngri en tárur taki. Þolandanum var eindregið ráðlagt að kæra ekki, við ofurefli væri að etja.

Fleiri frásagnir eru um landsliðsmenn sem eru sagðir beita konur ofbeldi – bæði kynferðislegu og heimilisofbeldi. Þetta virðist ekki hafa haft nein áhrif á velgengni þessara manna. Þeim er hampað og njóta mikilla vinsælda meðal þjóðarinnar. Þöggunin er alger, og KSÍ ber vitaskuld ábyrgð á henni.

Í framhaldinu var spurt í greininni hvort KSÍ ætlaði að „halda áfram að þagga niður ofbeldi sem gerendur á þeirra vegum hafa beitt“ og vera „gerendameðvirk og fórn stúlkum og konum á altari keppniskarla“. Í greininni var nefnt að í þessu samhengi væru KSÍ tvær leiðir færar:

... annars vegar að halda áfram að senda þau skýru skilaboð til stráka og karla að þeir geti beitt konur miskunnarlausu ofbeldi, án þess að það hafi nokkur áhrif á velgengni þeirra og því síður að þeir þurfi að axla ábyrgð á gerðum sínum. Skilaboðin til stúlkna og kvenna frá KSÍ eru að þær þurfi að sætta sig við ofbeldið af hálfu karla og þegja yfir því, annars verði þær sakaðar um lygi. Að ofbeldismenning sé sjálfsögð og eðlileg. Að mikilvægi karla sé óumdeilanlega meira en kvenna. Hin leiðin fyrir KSÍ er að verða hluti af lausninni, að rjúfa vítahring ofbeldis, þöggunar og kvenfyrirlitningar. Taka skýra afstöðu með þolandum, jafnrétti og réttlætinu.

Hanna Björg fór einnig í útvarpsviðtal sama dag hjá þættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni. Þar kvaðst hún hafa vitneskju um það að KSÍ hafi vitað af nauðguninni sem um ræðir og einnig að KSÍ vissi um heimilisofbeldi sem annar landsliðsmaður beitti og fleiri brot. Hanna Björg sagðist óviss um hvernig KSÍ ætti að bregðast við en þörf væri á því að grípa í taumana:

⁴⁹ <https://www.visir.is/g/20212142892d>



Það er bara eitthvað skrítið í gangi þarna í KSÍ eins og ég segi í greininni. Þetta loðir við fótboltann þessi kvenfyrirlitning. Þeir eru með finar jafnréttisáætlanir og jafnréttisstefnu en ég sé ekki að þeim gangi neitt rosalega vel með jafnréttismálin sín.

[...]

Ef að KSÍ lætur eins og þetta mál hafi ekki gerst og það sé bara allt í himnalagi, sko ég veit ekki alveg hvað gerist, en ég held bara að stjórn málin munu taka þetta upp og þetta muni hafa miklar afleiðingar. Ég ætla að segja það hér og nú.⁵⁰

Í viðtali við úttektarnefndina lýsti Hanna Björg tildrögum þess að hún skrifaði greinina. Hún hafi verið í sjálfbóðastarfi hjá Stígamótum en hafi síðan séð færslu frá Z þegar hún var í sumarfríi í júlí 2021. Þar sem hún þekki til Z hafi hún farið að spyrjast fyrir um fótboltamenninguna og þá einkum hjá yngra fólki. Hafi hún þá fengið að vita að fleiri frásagnir væru um kynferðisbrot og heimilisofbeldi leikmanna A-landsliðs karla.

Hanna Björg sagðist síðan hafa haft beint samband við Z þegar hún kom heim úr ferðinni og sagst vilja taka þetta skrefinu lengra. Hún hafi byrjað á því að skrifa stöðuuppfærslu á Facebook en síðan skrifað grein. Að sögn Hönnu Bjargar hefur hvert skref sem hún hefur stigið í málinu verið tekið með vitund og í samráði við Z, og hún hafi boðið Z að lesa allt sem hún skrifaði.

Aðspurð um hvað hún hafi átt við með þöggunarmenningu innan KSÍ í grein sinni kvaðst Hanna Björg hafa vitað til þess að Y hafi átt fund um mál tengdadóttur sinnar á skrifstofum sambandsins. Þá vísaði Hanna Björg til þess að hún vissi til þess að annar landsliðsmaður hefði beitt kærustu sína ofbeldi fyrir framan hóp fólks. Hanna Björg kveðst ekki hafa trú að því að KSÍ hafi verið ókunnugt um þessi atvik. Hennar ályktun var að ef forysta og starfsfólk vissi ekkert væru þau annaðhvort vanhæf eða að beita þöggun.

Um fimmleytið sama dag sendi Guðni Bergsson tölvupóst á stjórn KSÍ og framkvæmdastjóra. Í þeim tölvupósti, sem bar yfirskriftina „Gagnrýni á KSÍ í skoðanapistli“, sagði m.a.:

Þið hafið væntanlega séð skoðanapistil á Vísi þar sem fram kemur hörð gagnrýni á KSÍ. Ég ætla ekki að fjölyrða um pistilinn en þar er ýmislegt tiltekið en fyrst og fremst rædd sögusögn um meinta nauðgun tveggja landsliðsmanna.

Við höfum farið yfir þetta ítarlega hér innanhúss og með ráðgjöfum okkar utanhúss og

⁵⁰ <https://www.visir.is/g/20212143109d>

varaformönnum. Að svo stöddu er niðurstaðan sú að tjá okkur ekki um þennan pistil og efni hans þótt það sé vissulega mjög erfitt.

Þessi pistill og fréttir endurspeglar hvert okkar fjölmiðlaumhverfi er komið og erfitt getur verið að takast á við ómálefnalega gagnrýni og á köflum hreinlega meiðandi. Það kæmi mér ekki á óvart að við þyrftum á endanum að tækla og skýra hvenær KSÍ tæklar mál og hvernig. Það er einfaldlega ekki nóg að hafa óstaðfestar, nafnlausar sögusagnir.

Að svo stöddu viljum við þó ekki gefa þessum pistli frekara vægi eða umfjöllun.

Gísli Gíslason, annar varaformanna KSÍ, svaraði tölvupóstinum morguninn eftir, 14. ágúst, með pósti til stjórnar og framkvæmdastjóra. Þar sagði að hann sæti úti í „Stokkhólmi en hugurinn [væri] allt annars staðar“ og að „alvarlegasti þáttur málsins [kallaði] á að stjórnin ræddi saman“. Í tölvupósti sem barst í kjölfarið tók Guðni undir það að stjórnin þyrfti að hittast og setja fram afstöðu sína með skýrum hætti en hann myndi kalla til fundar eftir helgina.

Ingi Sigurðsson, stjórnarmaður í KSÍ, brást sérstaklega við þessum tölvupósti og pistli Hönnu Bjargar með tölvupósti sem sendur var á formann og framkvæmdastjóra og alla stjórn KSÍ mánudagsmorguninn 16. ágúst. Í tölvupósti Inga segir :

Var að lesa þennan pistil og finnst mjög óþægilegt að sitja undir þessum ávirðingum sem þarna koma fram. Þarna er verið að setja fram ávirðingar á KSÍ varðandi það sem átti sér stað eða er talið hafa átt sér stað áður en mörg okkar tóku sæti í stjórn KSÍ.

Ég tek undir með Gísla að við sem stjórn verðum að ræða saman, og a.m.k. ég vil vita hvort og þá hvaða upplýsingar liggja fyrir hjá sambandinu varðandi það sem getið er um í umræddum skoðanapistli.

Guðni svaraði tölvupósti Inga um hálfri annarri klukkustund síðar með tölvupósti til allrar stjórnarinnar og framkvæmdastjóra. Í pósti Guðna sagði m.a.:

Við erum að undirbúa svar í tilkynningu sem við sendum á ykkur á eftir áður en hún birtist. Við myndum síðan funda í kjölfarið og ræða þessi mál. Það sem ég get þó sagt er að þessi pistill er ósannur og ómaklegur.

Engin mál okkar keppnisfólks hafa borist okkur formlega eða verið á okkar borði síðan ég tók við sem formaður. Við munum fara yfir þetta síðar og okkar viðbrögð nú og í framhaldinu.

Priðjudagur 17. ágúst 2021 – KSÍ birtir yfirlýsingu þar sem dylgjum um að KSÍ þaggi niður ofbeldismál er vísað á bug.

Guðni Bergsson lýsti því í viðtali við úttektarnefndina að honum hefði þótt greinin harkaleg og ósanngjörn. Hún vísaði fyrst og fremst til máls C en einnig í aðrar óljósar og ónafngreindar frásagnir. Greinarhöfundur hefði alhæft um gerendameðvirkni og talað m.a. um vítahring



ofbeldis, þöggunar og kvenfyrirlitningar innan KSÍ og fótþoltans. Hún hefði sagt að KSÍ sendi skýr skilaboð til stráka og karla um að þeir gætu beitt konur miskunnarlausu ofbeldi og að þeim væri fórnað á altari keppniskarla. Skilaboðin frá KSÍ væru að stúlkur og konur þyrftu að sætta sig við ofbeldið af hálfu karla og að ofbeldismenningin væri sjálfsögð og eðlileg.

Guðni tjáði nefndinni að honum hefði fundist framsetningin í greininni ekki málefnaleg og að henni væri erfitt að svara. Ásakanirnar hefðu þó verið svo alvarlegar og ítrekaðar í viðtölum að ekki hefði verið hægt að láta þeim ósvarað. Hann hafi því tekið þá ákvörðun að KSÍ yrði að svara en þó málefnalega.

Í viðtölum stjórnar og starfsfólks KSÍ við úttektarnefndina kom fram að Guðni hefði reiðst yfir greininni og farið í að undirbúa svar við henni ásamt almannatengslafyrirtækinu KOM en þeir Gísli Freyr Valdórsson og Friðjón R. Friðjónsson munu hafa komið að ritun yfirlýsingarinnar fyrir hönd KOM ásamt Guðna, en Klara og Ómar Smárasón, deildarstjóri samskiptadeildar KSÍ, munu hafa fengið drög til yfirlstrar.

Annar varaformaður KSÍ, Borghildur Sigurðardóttir, mun hafa gert athugasemdir við aðkomu KOM gagnvart Guðna þar sem þörf væri á liðsinni fagaðila í öðru en almannatengslum til að undirbyggja svar. Mun Borghildur hafa ráðlagt honum að leita til Kolbrúnar Hrundar Sigurgeirsdóttur, verkefnastýru jafnréttismála á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur, sem situr einnig í stjórn ÍSÍ.

Í viðtali Kolbrúnar við nefndina kom fram að Guðni hefði tjáð henni að hann væri að íhuga svar við orðræðunni sem hefði myndast í samfélaginu eftir grein Hönnu Bjargar. Honum þætti að verið væri að ráðast á KSÍ og hann sagðist vera sár yfir orðanotkun í grein Hönnu. Guðni hefði jafnframt sagt henni að sér þætti greinin óvægin þar sem KSÍ hefði leyst þau mál sem kæmu inn á þess borð. Þar innanhúss væri ekki verið að þagga niður mál og stinga þeim undir stól. Guðni lagði í viðtali við nefndina áherslu á að ekkert hefði verið vitað um þau mál sem rædd voru í greininni og hann hafi því ekki viljað ræða um þau. KSÍ hafi verið að reyna að vanda sig og ekki verið í því að þagga mál niður eða hylma yfir þau.

Kolbrún kveðst hafa fengið drög til yfirlstrar sem hún gagnrýndi og benti á að þar væri skautað yfir hluti. Kynferðisofbeldi hefði t.d. ekki verið nefnt í drögunum, heldur einungis talað um „erfið mál“ og ekki minnst á jafnrétti. Kolbrún tók jafnframt fram að á þessum tíma hefði hún enga vitneskju haft um að tengdamóðir konunnar sem sagði frá því að

landsliðsmenn hefðu nauðgað henni væri starfsmaður KSÍ og að KSÍ hefði borist nafnlaust bréf um ofbeldi landsliðsmanna þarna fyrr um sumarið.

Í viðtali við nefndina lýsti Y því að henni hefði þótt gott að mál tengdadóttur sinnar væri komið upp á yfirborðið. Í greininni væri hins vegar alhæft mjög um starfsfólk KSÍ en ljóst væri að starfsfólk skrifstofunnar hefði ekkert vitað um málið, fyrr en hún hefði trúað einstaka samstarfsmönnum fyrir málinu þá um sumarið. Hún gæti þó ekkert sagt til um það hvort þeir starfsmenn sem voru nálægt landsliðinu hafi vitað eitthvað.

Y lýsti því jafnframt í viðtali við nefndina að Guðni hefði haft samband við sig að fyrra bragði um miðjan ágúst. Mun Guðni þá hafa spurt hana hvað Z, sem þolandinn í málinu, vildi gera en honum hafi skilist á Y að Z hefði ekki hug á því að nafngreina C. Að sögn Y mun Guðni einnig hafa grennslast fyrir um það í samtalinu hvort einhvers konar sáttameðferð milli leikmannsins og þolandans kæmi til greina. Samkvæmt Y mun hugmyndin að sáttum hafa komið frá Guðna. Y sagði í viðtali við nefndina að Z hefði síðar verið tilbúin að hitta C og ræða málið en þó aðeins augliti til auglitis til að ræða reynslu sína og sársauka við hann og alls ekki í gegnum síma.

Guðni lýsti samtalinu þannig fyrir nefndinni að það hefði komið til tals við Y og síðar C hvort málsaðilar myndu vilja hittast þar sem málið væri ekki í kærufæri. Þetta hafi verið rætt en Guðni talið að frumkvæðið að þessu þyrfti að koma frá aðilum málsins og hann ekki verið viss um að svona mál væri hægt að sætta.

Klara Bjartmarz sagði í viðtali við nefndina að henni hefði verið kunnugt um að Guðni hefði rætt við C. Þar sem Guðni væri maður sátta hefði hann viljað sannfæra C um að koma til landsins og hitta Z þar sem, samkvæmt Guðna, það hefði verið ósk Z að hitta C augliti til auglitis.

Í viðtali við nefndina greindi Y frá því að hún hefði spurt Guðna að því í samtalinu hvort hann væri búinn að ræða við einhverja aðra en C sem hefðu verið innan KSÍ á þessum tíma og gætu hafa vitað eitthvað um málið. Guðni hefði sagt henni að hann hefði rætt við einstakling sem hefði verið úti með landsliðinu á þeim tíma sem frásögn Z snerti. Y taldi hins vegar ljóst af samtalinu að Guðni hefði á þessum tíma hvorki rætt við Geir Þorsteinsson, sem var formaður KSÍ á þeim tíma sem leikurinn fór fram í Kaupmannahöfn, né Ólaf Inga Skúlason, sem lék með landsliðinu í leiknum en væri nú starfsmaður KSÍ. Y kvaðst síðan hafa spurt Guðna aftur síðar



hvort hann hefði rætt við fólk og aflað sér frekari upplýsinga um málið en skilist að svo væri ekki. Í viðtali við nefndina greindi Y frá því að hún hefði verið ósátt við hvernig Guðni hélt á málinu.

Í viðtali við nefndina greindi Guðni frá því að þetta hefði verið mjög vandasamt að takast á við. Hann hafi litið svo á að Z væri með forræði á því hvað yrði gert í þessu máli og að trúnaðarskylda ríkti gagnvart henni. Hennar vilji með framgang málsins hefði ekki komið skýrt fram fyrr en eftir að hann lét af störfum. Það hafi líka verið erfitt að nálgast meinta gerendur vegna þessa, sem hefðu ekki verið nafngreindir í frásögninni. Guðni sagði nefndinni að hann hefði talið sig vera bundinn trúnaði vegna þessa og í raun ekki með forræði á því að taka málið fyrir stjórn á þessu stigi. Eins og málið væri statt taldi hann að trúnaðurinn ríkti bæði gagnvart Z og C.

Í tölvupósti sem Guðni sendi öllum stjórnarmönnum KSÍ kl. 14:38 þriðjudaginn 16. ágúst 2021 sagði:

Hér koma lokadrög að yfirlýsingu. Þetta hefur tekið aðeins lengri tíma en við vildum fara mjög vel yfir það sem við segjum til þess að gefa engan höggstað á okkur en líka taka tillit til umræðunnar sem í gangi er. Við fengum líka konu úr ranni jafnréttishreyfingarinnar með okkur í þetta.

Við munum ekki taka viðtöl vegna þessa og látum yfirlýsinguna duga að sinni en það má alveg búast við einhverju á næstu dögum og þegar hópurinn verður tilkynntur þann 25. ágúst.

Í viðtali Guðna við nefndina sagði hann að yfirlýsingin hefði ekki verið beint hugsuð sem svar til Hönnu heldur væri henni ætlað að vera almennt svar vegna þjóðfélagsumræðunnar. Níu stjórnarmenn svöruðu tölvupósti Guðna til að lýsa yfir ánægju með yfirlýsinguna.⁵¹

Í framhaldinu var yfirlýsingin birt á vefsíðu KSÍ 17. ágúst undir fyrirsögninni „Að gefnu tilefni“ en hún var svohljóðandi:

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) leggur áherslu á fagleg vinnubrögð þegar fram koma ábendingar eða kvartanir um meint ofbeldi sem með einum eða öðrum hætti má rekja til starfsemi innan hreyfingarinnar. Knattspyrnuhreyfingin á Íslandi er fjölmenn og eru skráðir iðkendur um 30 þúsund. KSÍ hefur ríka hagsmuni af því að sá mikli fjöldi sem starfar eða tekur þátt í starfsemi knattspyrnuhreyfingarinnar hér á landi upplifi öryggi og velferð í starfi sínu eða þátttöku og sambandið tekur skýra afstöðu gegn öllu ofbeldi.

⁵¹ Um er að ræða stjórnarmeðlimina Gísli Gíslason, Ragnhildi Skúladóttur, Orra Hlökkversson, Ásgeir Ásgeirsson, Þorstein Gunnarsson, Jakob Skúlason, Inga Sigurðsson, Tómas Þóroddson og Valgeir Sigurðsson.

Ef tilkynningar um mál sem tengjast einelti eða ofbeldi (m.a. kynferðisofbeldi) koma inn á borð sambandsins er tryggt að þau fari í viðeigandi ferli. Allir verkferlar slíkra mála hafa verið endurbættir og hafði fyrsta bylgja #Metoo m.a. áhrif þar á. Jafnréttisáætlun og jafnréttisstefna sambandsins hafa verið uppfærðar og er þar fjallað sérstaklega um kynferðislegt ofbeldi. Þá hefur KSÍ staðið fyrir vinnustofu um kynferðisofbeldi fyrir aðildarfélög sín og bætt fræðslu um kynferðisofbeldi inn í námsefni þjálfaramenntunar.

Eins og gefur að skilja eru mál sem varða kynferðisofbeldi vandmeðfarin og kallar meðferð þeirra á fagleg, vönduð og ekki síður yfirveguð vinnubrögð. Ef grunur er um lögbrot er ávallt hvatt til aðkomu lögregluyfirvalda og eins er leitað aðstoðar hjá Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsmála, sem er sérfræðingur ríkisins í meðferð slíkra mála.

KSÍ getur ekki tjáð sig um einstök mál sem upp kunna að koma á opinberum vettvangi vegna trúnaðar og persónuverndarmála. Rétt er þó að ítreka að KSÍ gerir engar tilraunir til að þagga niður ofbeldismál eða hylma yfir með gerendum. Dylgjum um slíkt er alfarið vísað á bug.

KSÍ er ávallt tilbúið til að gera betur og víkur sér ekki undan málefnalegri gagnrýni á starf sambandsins. Því er samtalið um ofbeldismál mikilvægt og ábendingum sem eru til þess fallnar að bæta hag iðkenda og áhugafólks um knattspyrnu vel tekið.⁵²

Samhliða birtingu yfirlýsingarinnar á heimasíðu sinni birti KSÍ einnig hlekki á jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun sambandsins sem og á heimasíðu samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs sem starfar eftir lögum nr. 45/2019.

Í viðtölum við úttektarnefndina lögðu flest þeirra sem sátu í stjórn á þessum tíma áherslu á að þegar yfirlýsingin var send út í nafni KSÍ hefðu þau ekki haft neina vitneskju um að tilkynningum og ábendingum um ofbeldi leikmanna hefði verið komið á framfæri við formann og, eftir atvikum, einstaka starfsmenn KSÍ. Miðað við það hefði ekki verið óeðlilegt að samþykkja yfirlýsinguna á sínum tíma. Ef Guðni hefði sagt þeim áður frá þeim málum sem höfðu verið rædd við hann hefði yfirlýsingin orðið allt annars efnis. Taldi stjórnarfolk jafnframt að enda þótt Klara hefði haft vitneskju um málin hefði það staðið Guðna nær að upplýsa stjórnina um þau, enda væri staða Klöru í skipuriti KSÍ þannig að erfitt væri fyrir hana að greina stjórninni frá málum ef formaður gerði það ekki.

Fimmtudagur 19. ágúst 2021 – yfirlýsing birtist undir nafni 96 kvenna þar sem fullyrt er að Guðni Bergsson hafi sagt ósatt í yfirlýsingunni 16. ágúst.

Yfirlýsingu KSÍ frá 17. ágúst var svarað fimmtudagsmorguninn 19. ágúst með grein Hönnu Bjargar Vilhjálmisdóttur sem birtist á visir.is kl. 9:01 undir fyrirsögninni „Mikil er skömm þín, KSÍ“. Auk Hönnu Bjargar rituðu alls 95 konur undir greinina. Í greininni sagði m.a.:

KSÍ varpar frá sér allri ábyrgð í yfirlýsingu sinni kallar málflutning minn „dylgjur“. Þetta er áhugavert í ljósi þess að þolendur kynferðisofbeldis eru gjarnan sagðir með dylgjur þegar þeir stíga fram og segja frá ofbeldinu. KSÍ hvorki svarar fréttafólki né sýnir minnsta áhuga



á að vita yfir hvaða upplýsingum ég bý yfir um ofbeldi af hálfu landsliðsmanna. Gefur þess í stað út einhliða yfirlýsingu um að það séu dylgjur að halda því fram.

Hversu kaldar geta kveðjurnar verið til þolenda? Í yfirlýsingu KSÍ er ekki eitt orð um eða til þeirra. Ekki snefill af samkennd eða skilningi. Skeytingarleysið er algert. KSÍ sýnir engan vilja til að axla ábyrgð, enga auðmýkt, samkennd, tengsl við raunveruleikann og sannleikann. Auðvitað vissu Guðni og forysta KSÍ af umræddu kynferðisofbeldi. Það eru of mörg sem vita að Guðni segir ósatt í yfirlýsingunni til að unnt sé að halda öðru fram. Frá því að greinin mín um KSÍ og kvenfyrirlitningu birtist sl. föstudag hefur rignt yfir mig skilaboðum og símtölum. Öll á einn veg; stuðningur, hvatning og staðfestingar um ofbeldi af því tagi sem er tíundað í greininni. Eina undantekningin var aðili sem hafði áhyggjur af því að allt landsliðið lægi undir grun. Þar er þó hvorki við mig né þolendur að sakast heldur KSÍ sem þegir og gerendur sem hafa fengið tækifæri til að stíga fram og axla ábyrgð, en ekki gert.⁵³

Tuttugu mínútum eftir að greinin birtist boðaði Guðni Bergsson stjórn KSÍ á Teams-fund í hádeginu daginn eftir, 20. ágúst. Samkvæmt tölvupósti Guðna var tilgangur fundarins að fara „aðeins yfir málin saman“. Formlegur stjórnarfundur yrði næsta fimmtudag en „ágætt væri að taka stöðuna aðeins“.

Föstudagur 20. ágúst 2021 – KSÍ fullyrðir að brot einstakra leikmanna hafi ekki borist inn á borð KSÍ.

KSÍ bárust þessa daga sífellt fleiri fyrirspurnir frá fjölmiðlum, m.a. um hvort sambandið hefði haft vitneskju um ásakanir á hendur landsliðsmönnum í fótbolta um að þeir hefðu beitt kynferðisofbeldi eða annars konar ofbeldi eða hvort KSÍ hefði haft afskipti af slíkum málum. Þá var óskað eftir upplýsingum um hvort KSÍ hefði hvatt til aðkomu lögreglu yfirvalda eða leitað aðstoðar hjá samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs ef og þegar grunur væri um lögbrot. Einnig bárust KSÍ fyrirspurnir um hvort vitneskja væri innan sambandsins um atvik sem tengdust frásögn um að tveir landsliðsmenn hefðu beitt unga konu kynferðislegu ofbeldi í kjölfar landsleiks í Danmörku árið 2010.⁵⁴

Ómar Smárason, deildarstjóri samskiptadeildar KSÍ, mun hafa svarað einhverjum af þessum fyrirspurnum. Í svari sem Ómar sendi til fréttamiðilsins Kjarnans 20. ágúst sagði m.a. að KSÍ gæti ekki tjáð sig um eða vísað til einstakra mála. Síðan sagði:

Kvartanir um meint brot einstakra leikmanna hafa ekki borist inn á borð KSÍ. Berist sambandinu slíkar kvartanir liggja fyrir skýrir verkferlar. Eins og fram kemur í yfirlýsingu á heimasíðu sambandsins 17. ágúst sl., leggur sambandið áherslu á fagleg vinnubrögð þegar fram koma ábendingar eða kvartanir um meint ofbeldi sem með einum eða öðrum hætti má

⁵³ <https://www.visir.is/g/20212144920d/mikil-er-skomm-thin-ksi>

⁵⁴ <https://kjarninn.is/skyring/alvarlegar-asakanir-um-thoggun-skekja-ksi-fum-og-fat-i-vidbrogdum-sambandsins/>

rekja til starfsemi innan hreyfingarinnar. KSÍ tekur skýra afstöðu gegn ofbeldi og hvers konar ofbeldi verður ekki liðið innan hreyfingarinnar.

Hvað verkferla varðar þá er rétt að taka fram að í kjölfar fyrstu #Metoo byltingarinnar var farið yfir þá verkferla sem þá voru til staðar og þeir endurbættir eftir þörfum og eftir tilvikum í samráði við aðra arma íþróttahreyfingarinnar. Allir slíkir verkferlar eru jafnframt í stöðugri þróun enda hefur þjóðfélagið, sem betur fer, tekið miklum framförum þegar kemur að því að eiga við mál af þeim toga sem þú vísar til í fyrirspurninni.

Af þeim gögnum og upplýsingum sem úttektarnefndin hefur aflað verður ráðið að uppleggið að svarinu hafi komið frá almannatengslafyrirtækinu KOM sem sinnti ráðgjöf um málið að beiðni Guðna Bergssonar. Ómar mun aftur á móti hafa lagt til að KSÍ segði frá málinu nákvæmlega eins og það væri, m.a. um að forsvarsmenn KSÍ hefðu frétt af umræddri frásögn af meintu ofbeldi landsliðsmanns snemmsumars á þessu ári en ekki borist formlegt erindi um málið. Á þá tillögu var hins vegar ekki fallist.

Sama dag, 20. ágúst, var haldinn óformlegur Teams-fundur stjórnar KSÍ. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í viðtölum úttektarnefndarinnar við þá einstaklinga sem sátu þennan fund fór stjórnarfolk að beina fleiri spurningum til Guðna og Klöru á fundinum en engin fundargerð er til af þeim fundi. Í viðtali við úttektarnefndina greindi stjórnarmaðurinn Ingi Sigurðsson frá því að á þessum fundi hefði í fyrsta sinn verið staðfest að í frásögn Z á samfélagsmiðlum væri verið að vísa til C og D. Guðni hafi hins vegar gert lítið úr málinu og sagt að þetta væri bara á samfélagsmiðlum. Stjórnarfolk hafi hins vegar bent á hvernig tekið væri á svona hlutum á vinnustöðum þar sem ekki væri óalgengt að kalla til utanaðkomandi ráðgjafa til að aðstoða við málin. Á fundinum mun einnig hafa verið rætt að Guðni myndi fá Hönnu Björgu á sinn fund og afla frekari upplýsinga frá henni um hvaða mál hún ætti við í skrifum sínum.

Í viðtölum við stjórnarfolk bar flestum saman um að Guðni hefði í kjölfar fundarins ítrekað verið beðinn um að funda með Hönnu Björgu vegna málsins en erfiðlega hafi gengið að koma þeim fundi á. Borghildur Sigurðardóttir mun einnig um svipað leyti hafa óskað sérstaklega eftir því við Guðna að einstaklingar með fagþekkingu á jafnréttismálum kæmu að málinu.

Miðvikudagur 25. ágúst – haft eftir formanni KSÍ á vef Fréttablaðsins að KSÍ hafi ekki fengið tilkynningar eða ábendingar um ofbeldi landsliðsmanna.

Í viðtölum úttektarnefndarinnar kom fram að X, starfsmaður KSÍ, hafi rætt við Arnar Þór Viðarsson þegar leið að því að tilkynnt yrði hvaða leikmenn yrðu í landsliðshópnum fyrir



leiki Íslands gegn Rúmeníu, N.-Makedóníu og Þýskalandi í byrjun september. Mun hún hafa sagt Arnari Þór frá því að málið væri að verða erfiðara og erfiðara innan KSÍ og hún haldi að Y myndi hætta störfum ef Arnar veldi C í liðið.

Y og Arnar Þór ræddu í kjölfarið saman. Y sagði í viðtali við nefndina að fyrstu viðbrögð Arnars Þórs hefðu verið að það væru tvær hliðar á hverju máli og hann gæti illa dæmt um hvað gerðist. Y lýsti því fyrir nefndinni að hún hefði fullan skilning á því að Guðni, Klara og Arnar Þór væru í erfiðri stöðu en hún hefði upplifað hlutina eins og ekki væri vilji til að taka þetta alvarlega. Í viðtali Arnars Þórs við nefndina lýsti hann hins vegar því að hann hefði í samtali sínu við Y gert sér grein fyrir hversu alvarlegt málið væri fyrir fjölskyldu hennar og hversu þungt það lægi á henni. Á þeim tíma hafi verið umræða um að C myndi tala við þolanda, hugsanlega í gegnum milligöngu annarra. C hafi hins vegar greinst með Covid í aðdraganda landsleikjanna og Arnar Þór segir þá hafa tekið sameiginlega ákvörðun um það að hann yrði ekki í hópnum vegna veikindanna.

Arnar Þór tilkynnti síðan landsliðshóp sinn miðvikudaginn 25. ágúst. Í viðtali sem birtist sama dag á vef Fréttablaðsins kl. 17:13 er haft eftir Guðna Bergssyni að KSÍ hafi ekki fengið inn á sitt borð tilkynningar um að leikmenn landsliða Íslands hafi undanfarin ár beitt einhvers konar ofbeldi og að hann vísi á bug fullyrðingum í pistli Hönnu Bjargar sem áður er vitnað til. Í blaðinu er m.a. haft orðrétt eftir Guðna:

Við höfum ekki fengið neinar tilkynningar né ábendingar um slíkt inn á okkar borð síðan ég tók við formennsku en hins vegar erum við meðvituð um frásagnir á samfélagsmiðlum. Það er auðvitað erfitt að alhæfa hvort að slík mál hafi komið inn á borð sambandsins frá upphafi en ef að við fáum ábendingu um að leikmaður okkar hafi eða sé að beita ofbeldi, þá skoðum við það auðvitað og grípum til aðgerða eins og við á og hægt er.⁵⁵

Fimmtudagur 26. ágúst 2021 – formaður KSÍ fullyrðir í Kastljósi RÚV að KSÍ hafi ekki fengið kvörtun né ábendingu um að einhver væri sekur um kynferðisbrot. – Öll stjórn fær vitneskju um að mál Z tengist starfsmanni KSÍ.

Guðni Bergsson fór þennan dag í viðtal hjá Kastljósi RÚV þar sem hann var til svara vegna opinberrar gagnrýni sem fram hafði komið á KSÍ vegna viðbragða sambandsins við frásögnum um kynferðisbrot leikmanna. Klara mun eindregið hafa ráðið Guðna frá því að fara í það viðtal. Samkvæmt upplýsingum sem úttektarnefndin fékk við athugun sína á málinu mun Ómar Smárasón, deildarstjóri samskiptadeildar KSÍ, hafa dregið sig út úr allri ráðgjöf um málið í

⁵⁵ <https://www.frettabladid.is/frettir/gudni-segir-ksi-ekki-hafa-fengid-tilkynningar-um-ofbeldi-leikmanna/>

kjölfar þeirrar ákvörðunar Guðna að fara í viðtalið. Einnig hafi almannatengslafyrirtækið KOM veitt Guðna þau ráð að hann ætti ekki að fara í viðtalið. Í tölvupósti til úttektaarnefndarinnar sagði Guðni að KOM hafi ráðið honum frá því að mæta í viðtalið hjá RÚV þar sem ekki hafi ríkt traust um að RÚV myndi gæta hlutlægni og hlutleysis í sínum fréttaflutningi. Lýsti Guðni jafnframt þeirri afstöðu að miðað við efnistökin mætti segja að það hefði komið í ljós, bæði í vöntun RÚV á að afla sér upplýsinga um málið og hunsun þeirra upplýsinga sem hann lét í té sem skiptu verulegu máli að hans viti.

Í viðtalinu sem tekið var upp um daginn í höfuðstöðvum KSÍ en sýnt um kvöldið sagði Guðni að hann teldi þá gagnrýni sem fram hefði komið ómaklega og að KSÍ hafi rýnt alla sína ferla strax eftir fyrstu #metoo-bylgjuna. Í viðtalinu sagði Guðni enn fremur:

Okkur er mjög umhugað um öryggi okkar iðkenda og almennings og hegðun okkar iðkenda gagnvart umhverfinu. Við höfum vissulega ekkert farið varhluta af þeirri umræðu sem hefur verið upp á síðkastið og undanfarin ár, við tökum mið af því, en við verðum að fá einhvers konar tilkynningu eða eitthvað slíkt, frá vitnum eða þolendum, og ef það gerist gætum við þess að þolandinn fái ákveðna aðstoð og hjálp og við tökum á því af ábyrgð og festu, og við stöndum svo sannarlega gegn öllu ofbeldi, ekki síst kynbundnu og kynferðisofbeldi, við gerum það.

Í viðtalinu sagði Guðni enn fremur að mál væru sett í ákveðið ferli kæmi inn kvörtun um leikmenn en KSÍ yrði „alla vega að fá einhvers konar tilkynningu eða eitthvað slíkt, hvort sem það er frá vitnum eða þolendum“.

Í viðtalinu var Guðni einnig spurður hvort svona mál hefðu komið upp hjá KSÍ. Þeirri spurningu svaraði Guðni á eftirfarandi hátt:

Ekki með formlegum þætti, en við höfum verið meðvituð núna nýverið um umræðu á samfélagsmiðlum, en við höfum ekki fengið kvörtun eða ábendingu um að einhver tiltekinn hafi gerst sekur um kynferðisbrot.

Á fundi stjórnar KSÍ sem hófst kl. 16:06 sama dag upplýsti Guðni stjórnina um viðtalið og að hann teldi það hafa gengið ágætlega.⁵⁶ Einn stjórnarmeðlima, Ásgeir Ásgeirsson, mun þá hafa spurt Guðna hvort það væri rétt að stúlkan sem setti færslu á Instagram um að tveir landsliðsmenn hefðu nauðgað sér eftir landsleik væri tengdadóttir starfsmanns KSÍ. Guðni staðfesti það en að sögn stjórnarfólks mun öllum hafa verið verulega brugðið við þær fréttir.

⁵⁶ Fundinn sóttu Guðni Bergsson formaður, Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ásgeir Ásgeirsson, Ingi Sigurðsson, Orri Hlöðversson, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Guðjón Bjarni Hálfðánarson sem tók sæti í stjórn í forföllum Magnúsar Gylfasonar.



Guðni mun hafa upplýst stjórnina á fundinum um að hann hefði rætt við C sem væri tilbúinn að koma heim til Íslands um leið og hann gæti og að C opnaði á það að eiga fund með Z. Guðni mun einnig sagst hafa verið búinn að ræða við þá sem tengdust Z.

Í framhaldinu spurði stjórnarfolk Guðna hvers vegna ekki væri búíð að upplýsa stjórnina um þetta og hvort búíð væri að tala við Y. Stjórnarfolk gerði í kjölfarið verulegar athugasemdir við framgöngu Guðna. Samkvæmt frásögnum stjórnarmanna mun gagnrýnin einkum hafa komið frá Borghildi Sigurðardóttur, Valgeiri Sigurðssyni og Inga Sigurðssyni. Undir lok fundarins mun Ingi Sigurðsson hafa spurt Guðna hvað ætti að gera. Kom þá fram í máli Guðna að þau Klara væru búin að bjóða Hönnu Björgu að koma og eiga fund með þeim í KSÍ. Ingi mun í kjölfarið hafa spurt sérstaklega hvort komið yrði á fundi með C ef Z og Y, tengdamóðir hennar, væru tilbúnar að eiga fund með honum. Guðni mun hafa svarað þeirri spurningu játandi og einnig þeirri hvort til stæði að eiga fund með Hönnu Björgu og fá fram hvort hún væri með frekari upplýsingar. Fundi var síðan slitið kl. 19:22.

Borghildur Sigurðardóttir, annar varaformanna KSÍ, greindi úttektarnefndinni frá því að hún hefði vikurnar á undan ítrekað spurt Guðna um Y og mál tengdadóttur hennar. Henni hefði þótt Guðni tala helst til mikið um að ekki væri búíð að nafngreina leikmennina og fara bara alveg inn á einhverja lögfræðilínu.

Föstudagur 27. ágúst 2021 – tengdamóðir Z sendir tölvupóst á stjórn um frásögn sína sem starfsmaður KSÍ – Þórhildur Gyða upplýsir um sitt mál.

Föstudaginn 27. ágúst kl. 8:01 sendi Y allri stjórn KSÍ sem og öllum starfsmönnum KSÍ svohljóðandi tölvupóst undir yfirskriftinni „Að gefnu tilefni – ÁBENDING!“:

Þar sem frásögn mín sem starfsmanns KSÍ til að verða 25 ára og tengdamóður þolandans, flokkast ekki sem ábending í eyrum og augum formanns KSÍ samkvæmt viðtali í Kastljósi sem og fleiri fjölmiðlum, sendi ég hér með formlega ábendingu um meint kynferðisofbeldi tveggja landsliðsmanna eftir landsleik Danmerkur og Íslands á Parken 7.september 2010.

Meðfylgjandi er frásögn tengdadóttur minnar sem ég er marg búin að ræða um við Guðna og einnig fylgja með skilaboð sem tengdadóttir mín fékk nýverið frá fyrrum vinkonu þessara leikmanna.

Í skjali sem fylgdi tölvupóstinum var að finna frásögn Z sem rakin er hér að framan þar sem greint er frá því að tveir leikmenn A-landsliðsins hefðu nauðgað henni erlendis fyrir ellefu árum. Þá fylgdi tölvupóstinum annað viðhengi sem var skjáskot af Instagram-skilaboðum til Z frá ótilgreindum aðila sem eru svohljóðandi:

Sæl [Z],

Ég er búinn að skrifa þessi skilaboð cirka 100 sinnum og stroka út því ég veit í rauninni ekkert hvað ég get sagt. Ég trúi samt á það að viðurkenna mistök sín og taka ábyrgð og ætla þess vegna að henda þessu til þín.

Ég man eins og það hafi gerst í gær þegar ég fékk símtal frá vini mínum út af þessu atviki sem þú lentir í 2010.

Þetta voru vinir mínir sem gerðu þér þetta. Það hafði spurst út að þú ætlaðir að kæra þá og vinahópurinn átti að fara á fullt að reyna að koma í veg fyrir það til þess að skemma ekki þeirra mannorð.

Alger bilun ég veit.

Þessir strákar höfðu allt valdið í höndum sér. Frægð og frama, peninga, vinsældir og voru ekkert eðlilega sannfærandi þegar þeir sögðu að þú hefðir viljað þetta allan tímann og að þetta væri kjaftæði. Þeir gátu ekki einu sinni staðið saman heldur bentu á hvorn annan og sögðu að hinn hefði gert þetta. Ég var algerlega heilapvegin og tók með þeim stöðu.

Þú dróst þetta svo til baka og þeir héldu bara áfram með lífið einsog ekkert hefði gert, dauðfegnir að þurfa ekki að taka neina ábyrgð.

Ég hef svo oft hugsað um þetta atvik, og nú mörgum árum seinna þegar ég er búin að slíta öllum mínum samskiptum við þá fyrir löngu út af svo mörgum furðulegum atvikum þar sem ég var neydd til að ljúga fyrir þá og taka með þeim stöðu þá sé ég [...]

Mér finnst ógeðslegt að hugsa til þess hvernig ég tók afstöðu með þeim gegn þér.

Mig langaði bara að biðja þig afsökunar þó að þú hafir fullan rétt á að kasta því út á hafsauga. Ég er stolt af þér að koma með þetta fram, ég trúi þér og ég stend með þér ef þú ætlar með þetta mál lengra.

Þorsteinn Gunnarsson, stjórnarmaður í KSÍ, lýsti tölvupóstinum sem kom frá Y þennan morgun í viðtali við nefndina sem algjörri sprengju. Hann liti svo á að Y hafi tilkynnt þetta og ekkert annað. Stjórnin hefði aldrei verið látin vita af þessu heldur hafi bara átt að sópa málinu undir teppið.

Guðni Bergsson svaraði tölvupósti starfsmannsins kl. 8:36 á svohljóðandi hátt en pósturinn var jafnframt sendur á alla stjórn KSÍ og starfsmenn KSÍ:

Takk fyrir þetta [Y]. Hérna held ég að um misskilning sé að ræða.

Ég vísaði til þessa þegar spurt var um hvort að við værum að hylma yfir kynferðisbrotamönnum og í því samhengi svaraði ég að við hefðum ekki fengið formlegar tilkynningar eða ábendingar um slíkt frá þeim sem hefðu forræði á máli eða væru vitni að slíku. Var ég þá að tala um árábil í mínum huga. Við fréttum síðan af máli tengdadóttur þinnar, eða alla vega ég, í gegnum samfélagsmiðla í sumar.

Síðan þá höfum við verið að takast á við stöðuna í þessu 11 ára gömlu máli og verið í sambandi við [Y] um það og reynt að veita henni stuðning.

Þetta er gríðarlega erfitt mál að takast á við fyrir okkur en við erum að reyna og á meðan liggjum við einnig nýverið undir árásum um þöggun, hylmingu og lygar. Við höfum aldrei neitað fyrir þetta mál sem slíkt og munum ekki gera. Vandamálið er m.a. að það er engin



nafngreining og er ekki enn þótt að við vitum hverjir eiga í hlut. Við erum líka bundin ákveðnum trúnaði. Það er ekki óeðlilegt að svona mál taki einhvern tíma að „leysa úr“ ef það er þá hægt. Það var aldrei ætlun mín [Y] að neita fyrir tilvist þessa máls. Þessi svör sneru að því hvernig það komst til okkar vitundar og að við værum ekki að hylma yfir einum né neinum í svona málum. Mér þykir það leitt að þér hafi sárnað yfir þessu svari.

Borghildur Sigurðardóttir svaraði tölvupósti formannsins með tölvupósti á allt stjórnarfolk klukkustund síðar sama dag með svohljóðandi hætti:

Í mínum huga erum við nú komin með formlega ábendingu um þetta mál og við þurfum að setja það í rétt ferli. Að mínu viti erum við nú komin á þann stað að þurfa að taka ákvörðun um framhaldið. Í mínum huga getum við aldrei réttlætt val á landsliðsmanni sem liggur undir jafn alvarlegum ásökunum þó að þær hafi ekki farið í kæru. Við þurfum að horfa á að okkar hlutverk er að vernda knattspyrnuna á Íslandi og standa vörð um hana. Eins og staðan er núna liggur ímynd hennar undir skemmdum og við verðum að sporna við því.

Gísli Gíslason, annar varaformanna KSÍ, tók undir orð Borghildar í tölvupósti og sagði að nú yrði að „virkja þá ferla sem við höfum“. Stjórnarmennirnir Ásgeir Ásgeirsson, Valgeir Sigurðsson og Ingi Sigurðsson tóku í kjölfarið strax undir orð varaformanna í tölvupóstum. Í tölvupósti Inga, sem sendur var á stjórn kl. 10:37, sagði að formleg ábending væri komin fram og það yrði að koma þessu máli „í faglegan farveg sem miðar að því að standa með polendum og verja ímynd knattspyrnuhreyfingarinnar“.

Guðni Bergsson svaraði þeim pósti með tölvupósti á alla stjórnina kl. 10:48 en í tölvupóstinum sagði:

Við höfum verið að fara yfir málin með [Y] og þá líka hvað væri best að gera í stöðunni fyrir nokkrum vikum með hliðsjón af því m.a. að hún vill ekki nafngreina mennina. Það höfðu ekki komið ábendingar frá [Y] með það nema um möguleika að þau ræddu saman polandi og meintur gerandi. Það hefur verið hlutast til um það.

En á þessu stigi er ég sammála því að setja þetta nú í formlegt ferli þótt að í sjálfu sér væri best að [Y] hafi skýrt umboð en við gerum ráð fyrir því að það liggi fyrir og ræðum við [Y] um næstu skref og þá að setja sig í samband við polanda og bjóða henni aðstoð.

Í tölvupóstum Ragnhildar Skúladóttur og Orra Hlöðverssonar sem sendir voru í kjölfarið var tekið undir með Borghildi og nefnt að KSÍ gæti ekki annað en „brugðist við þannig að gjörðirnar hafi afleiðingar“. Orri tók jafnframt undir með Borghildi í tölvupósti og nefndi jafnframt að það sem fram hefði komið gæfi stjórn KSÍ færi á að „taka málið meira inn“ á sitt borð og „auka virkni“ stjórnarmanna við meðferð þess. Formaður KSÍ svaraði að bragði að það „væri búið að senda á viðkomandi að þetta sé komið í farveg“. Í viðtali úttektarnefndarinnar við Y

kvaðst hún aftur á móti ekki hafa fengið nein frekari viðbrögð frá Guðna eftir þann tölvupóst sem hann sendi henni sama dag. Hún kannaðist því ekki við að málinu hefði verið komið í einhvern sérstakan farveg gagnvart henni eftir atburði dagsins.

Þennan dag hafði fréttastofa RÚV samband við Guðna og greindi honum frá því að fréttastofan hefði vitneskju um kvörtun Arnars Þórs Guttormssonar til KSÍ í mars 2018 um að B hefði beitt dóttur hans líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Var Guðna gefinn kostur á að skýra mál sitt í viðtali við fréttastofuna sem tekið var upp síðar þennan dag í höfuðstöðvum KSÍ.

Í viðtalinu sagði Guðni að það hefðu verið mistök að segja í Kastljósviðtalinu kvöldið áður að engin tilkynning hefði borist KSÍ um kynferðisbrot af hálfu leikmanns í landsliði karla í knattspyrnu. Aðspurður um hvers vegna hann svaraði á þann veg sem hann gerði sagði Guðni:

„Ja, ég gerði það eftir bestu vitund. Mig minnti að þetta brot hefði verið ofbeldisbrot og ekki af kynferðislegum toga. En miðað við það sem þú sendir á mig og ég las svo yfir þá sé ég að svar mitt var ekki nákvæmt og í raun og veru ekki rétt miðað við þessa atvikalýsingu. Og ég biðst velvirðingar á því að sjálfsögðu.“

En þú fékkst lýsingu á atvikum þegar þú áttir í samtölum við foreldra stúlkunnar?

„Já, það var atvikalýsing. Gerandi var ekki með sömu sögu að segja um það en alla vega eins og ég sagði þá minntist ég þess þannig að þetta hefði verið ofbeldisbrot,“ segir Guðni.

Sama dag áttu Guðni og Klara fund með Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur, verkefnastýru jafnréttismála á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, en Kolbrún situr einnig í stjórn ÍSÍ. Á fundinum mun hafa verið rætt hvort KSÍ ætti að teygja sig til Z gegnum tengdamóður hennar. Mun Klara í því sambandi hafa látið þau orð falla að Guðni hefði klúðrað tækifærinu til þess með því að segja ekki satt og það væri að koma KSÍ um koll. Þegar Guðni bar fyrir sig að hann yrði að gæta trúnaðar mun Klara hafa svarað því að það þyrfti ekki að upplýsa um allt. Um það sem upplýst væri þyrfti hins vegar að segja sannleikann. Kolbrún Hrund sagði í viðtali við nefndina að hún hefði skynjað það á fundinum að skilningur Klöru og Guðna á stöðunni væri mjög ólíkur. Hún hefði þó ekki þá upplifun að Guðni væri meðvitað að reyna að fela eitthvað eða þagga eitthvað niður.

Kl. 18:14 sendi Guðni Bergsson síðan tölvupóst á stjórnarfolk KSÍ þar sem hann greindi því frá viðtali sínu við fréttastofu RÚV:



Það kemur viðtal í kvöld í fréttum sem reyndist erfitt. Rifjað var upp mál gagnvart [B] sem var leyst með fullri sátt málsaðila á sínum tíma í mars 2018. Hann var síðan ekki með okkur á HM eins og þið munið og tókst á við sín meiðsli.

Þetta var í minningunni hjá mér ofbeldismál frekar en kynferðisofbeldismál en í einni lýsingunni sem ég mundi ekki eftir var gripið í klop þolenda. Þar sem ég svaraði því að kynferðisbrotamál hefðu ekki verið tilkynnt til okkar í gær í Kastljósi þá var það mótsögn við þetta.

Síðan var spurt hvort að svona maður ætti að vera valinn í landslið. Þannig að þetta var erfitt satt best að segja.

Sex mínútum síðar sendi Gísli Gíslason, annar varaformanna KSÍ, tölvupóst á stjórn og framkvæmdastjóra þar sem spurt var hvað væri um „framvinduna í dag“. Í svari Guðna við þeim tölvupósti sem sent var rúmlega 20 mínútum síðar greindi hann frá því að hann hefði látið Y vita „að þetta væri komið í viðeigandi farveg og þau farið yfir það eftir helgina“. Y hefði hins vegar ekki mætt þann dag og Klara hefði talið ráðlegt að gefa henni smá tíma. Guðni hefði síðan verið að funda um daginn með Kolbrúnu Hrund sem hefði verið fengin til aðstoðar, en síðan hefði „B-málið“ riðið yfir.

Ásgeir Ásgeirsson brást við þessum pósti Guðna með að lýsa því í tölvupósti kl. 19:04 til stjórnar og framkvæmdastjóra að eftir póstin frá Y um morguninn og stjórnarfund daginn áður fyndist honum „hljóð og mynd ekki fara saman“. Kvaðst stjórnarmaðurinn jafnframt vera „gáttaður yfir því að stjórn skuli ekki hafa komið saman í dag og gefið út tilkynningu um afdráttarlausu afstöðu okkar um næstu skref í þessu máli“. Guðni svaraði póstinum 15 mínútum síðar með pósti á stjórn og framkvæmdastjóra en í svarinu sagði:

Þetta kom skyndilega þegar við vorum að funda með Kolbrúnu um [B]. Málið kom algjörlega óvænt. Það þurfti að fara í forgang og við funduðum með lögmönnum, almannatenglum og með blaðamann á línunni til að ákveða það.

Þetta fékk forgang en ég svaraði [Y] aftur varðandi ferlið sem við myndum fara í betur síðar yfir eftir helgina þar sem hún var ekki við. Við viljum fyrst tala við [Z] líka. Við förum yfir þetta á morgun.

Á meðan stjórnarfolk KSÍ átti í ofangreindum tölvupóstsamskiptum birtist í fréttum RÚV viðtal við Þórhildi Gyðu Arnarsdóttur, dóttur Arnars Þórs Guttormssonar, sem hafði átt í tölvupóstsamskiptum við Guðna Bergsson og starfsmenn KSÍ um kæru hennar á hendur B í mars 2018. Í fréttum var upplýst um samskipti Arnars Þórs við Guðna fyrir hönd KSÍ. Sagði Þórhildur að hún furðaði sig á að formaður KSÍ fullyrti að engin tilkynning hefði borist sambandinu um kynferðisbrot leikmanna. Fyrir nefndinni lýsti Þórhildur því að hún hefði orðið afar undrandi þegar Guðni sagði í sjónvarpinu kvöldið áður að KSÍ hefði ekki fengið neina tilkynningu, þar sem samskipti foreldra hennar við hann á sínum tíma hefðu verið mjög góð.

Í viðtalinu við RÚV sagði Þórhildur einnig að lögmaður á vegum KSÍ hefði boðið henni þagnarskyldusamning sem hún hefði hafnað.⁵⁷ Sjálfur hafi landsliðsmaðurinn svo gengist við brotinu og greitt miskabætur.

Viðtalið við Guðna sem tekið var upp fyrr um daginn var einnig sýnt í sjónvarpsfréttum RÚV um kvöldið. Í fréttum RÚV um kvöldið var einnig fjallað frekar um tölvupóstsamskipti Guðna og föður Þórhildar í mars 2018 en fleiri fréttir um þau samskipti birtust síðar um kvöldið á öðrum miðlum.

Laugardagur 28. ágúst 2021 – fundur stjórnar KSÍ.

Kl. 12:00 þennan dag hófst fundur stjórnar KSÍ sem haldinn var á Teams.⁵⁸ Fyrr um morguninn sendi Guðni tölvupóst á stjórn og framkvæmdastjóra þar sem framvindan í samskiptum hans við Arnar, föður Þórhildar Gyðu, var rakin. Í póstinum sagði m.a.:

Þetta voru samskipti í 3 daga á meðan við vorum í ferð í USA. [B] síðan spilaði ekki í ferðinni né á HM og um nokkurt skeið. Það er síðan vissulega hans hlið á þessum atburði eins og gengur en á endanum voru greiddar 6 milljónir í miskabætur vegna þessa. Hann taldi sig ekki eiga annarra kosta vól af því að hann vildi komast á HM.

Þetta voru síðustu „afskipti“ mín af málinu en þarna má sjá ósk föðursins um algjöran trúnað af minni hálfu. [B] gerði svo sátt við stelpuna með sínum lögmönnum og hennar lögmanni. KSÍ hafði alls enga aðkomu að því og enginn á okkar vegum hitti hana svo ég viti. Lögmaður [B] er búinn að staðfesta það við Vísi að svo sé og það hefur birst þar en ekki í fyrirsögn.

Á fundinum var einnig rætt hvernig Guðni hefði farið með tilkynningu föður Þórhildar Gyðu frá í mars 2018. Guðni hafi í því sambandi sagt að hann hefði ekki gert neitt rangt og málið hefði verið leitt til lykta.

⁵⁷ Eins og rakið er í kafla 3.3. benda þau gögn sem úttektarnefndin hefur aflað og þær upplýsingar sem fram hafa komið í viðtölum ekki til þess að KSÍ hafi haft aðkomu að tillögu um gerð slíks samnings. Jafnframt lýsti Þórhildur því í viðtali við úttektarnefndina að hún hefði dregið þá ályktun að Hörður Felix Harðarson væri tengdur KSÍ vegna þess að nafn hans hafi verið að finna á heimasíðu sambandsins, en fram hefur komið að Hörður Felix hafi gætt hagsmuna B.

⁵⁸ Fundinn sátu, auk formanns og framkvæmdastjóra, þau Gísli Gíslason og Þórhildur Sigurðardóttir, varaformenn, Ásgeir Ásgeirsson, Ingi Sigurðsson, Orri Hlöðversson, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson, Þorsteinn Gunnarsson og Guðjón Bjarni Hálfðánarson, sem kom inn sem varamaður Magnúsar Gylfasonar. Þá sátu fundinn landshlutafulltrúarnir Jakob Skúlason, Björn Friðþjófsen og Tómas Þóroddsson.



Tölvupósturinn sem Y sendi stjórninni daginn áður var einnig til umræðu á fundinum. Á fundinum lýsti stjórnarfolk miklum áhyggjum af því hvort yfirlýsingar og upplýsingar sem birtar höfðu verið opinberlega fyrir hönd KSÍ hefðu verið réttar. Þannig mun stjórnarmaðurinn Ingi Sigurðsson hafa spurt Guðna sérstaklega hvenær þeim Klöru hefðu fyrst borist upplýsingar um mál Z, tengdadóttur Y. Greindi Guðni stjórn þá frá nafnlausu bréfinu frá 3. júní og að í kjölfarið hafi verið rætt við Y.

Í viðtali við úttektarnefndina lýsti stjórnarmaðurinn Valgeir Sigurðsson því að stjórnarfolk KSÍ sem sat fundinn þennan dag hefði orðið fyrir gríðarlegum vonbrigðum. Fólki hafi liðið eins og það hefði orðið fyrir lest og það hefði spurt sig hvar það væri eiginlega statt. Trúverðugleiki KSÍ út á við væri fókinn út um gluggann og hið sama gildi um traustið til formanns frá stjórn. Fyrir honum hafi fundurinn fyrst og fremst fjallað um traust þótt það hafi ekki beinlínis verið nefnt á fundinum.

Stjórnarmaðurinn Orri Hlöðversson tók í sama streng í viðtali sínu við nefndina. Þessa helgi hafi um 80–90% stjórnar upplifað það að þeim væri haldið fullkomlega í myrkrinu af hálfu formanns og framkvæmdastjóra. Orri taldi að í málsmeðferðinni hefðu augljóslega átt sér stað stjórnumarleg mistök sem fólust í því að stjórn var ekki höfð með í ráðum fyrr í ferlinu.

Eftir þriggja tíma fundahöld var gert hlé á fundinum á milli kl. 15:00 og 15:40. Í hléinu mun hafa það verið rætt í stjórn að kallaðir yrðu til fleiri sérfræðingar til að aðstoða KSÍ. Þannig sendi Ragnhildur Skúladóttir tölvupóst á stjórn KSÍ og framkvæmdastjóra kl. 15:32 þar sem hún setti fram þá hugmynd að Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir kæmi á fund stjórnar KSÍ til að vera stjórninni innan handar. Guðni Bergsson tók strax vel í þá hugmynd og svaraði henni um hæl að Kolbrún kæmi til þeirra eftir 20 mínútur. Kolbrún mun hafa fengið þau skilaboð frá Guðna að KSÍ væri að missa þetta úr höndunum og þau þyrftu aðstoð.

Þegar Kolbrún kom niður í höfuðstöðvar KSÍ greindu Guðni og Klara henni frá því að þau þyrftu aðstoð. Það þyrfti að fara yfir verkferla og athuga hvað KSÍ gæti gert betur, þar sem KSÍ skorti þekkingu á þessum málum. Kolbrún kvaðst vera tilbúin að liðsinna þeim svo framarlega sem það væri í lagi gagnvart ÍSÍ þar sem hún væri í stjórn.



Stjórnarfundurinn hélt síðan áfram kl. 15:40 og sendi þá annar varaformanna KSÍ, Gísli Gíslason, stjórnarfólki og framkvæmdastjóra lista yfir atriði sem honum þætti að þyrfti að vera í því sem frá þeim færi:

1. *Polendur beðnir afsökunar á að ekki hafi verið brugðist við með þeim hætti sem nauðsynlegt var.*
2. *KSÍ mun skerpa á öllum ferlum og viðbrögðum við ofbeldismálum og gæta sérstaklega að stöðu brotþola. Þetta verði m.a. gert í samvinnu við ÍSÍ.*
3. *Þiggja boð Bleika fílsins/Öfgar um aðstoð vegna viðbragða við ofbeldismálum.*
4. *Fordæma allt ofbeldi þ.m.t. kynbundið ofbeldi.*
5. *Taka skýrt fram að þeir sem gerast sekir um ofbeldi – eða brjóti gegn ákvæðum hegningarlaga um kynferðisofbeldi leiki ekki fyrir Íslands hönd í landsleikjum.*
6. *Mál [C] – tilkynnt um að það fari í feril.*
7. *Ítreka að KSÍ kom ekki að samningum [B] við brotþola og bauð engan svonefndan þöggunarsamning. Það þarf að vera skothelt!*
8. *Að mál [B] kom aldrei inn á borð stjórnar KSÍ.*
9. *Annað.....*
10. *[B] þarf að gera hreint fyrir sínum dyrum vegna liðar 7.*

Tómas Þóroddsson óskaði eftir því í tölvupósti að bætt yrði við að stjórnin hefði hvorki vitað né verið látin vita um þau mál sem Y hefði tilkynnt um og tók Gísli undir það. Í framhaldinu lagði Þorsteinn Gunnarson til í tölvupósti að fram kæmi að skipuð yrði nefnd óháðra aðila sem myndu kryfja þessi mál innan KSÍ frá 2010. Þá yrði lögð fram umbótaáætlun og greint frá því að upplýsingum hefði verið haldið frá stjórninni. Þá lagði Þorsteinn áherslu á að stutt yrði við bakið á starfsfólki KSÍ.

Kl. 17:35 sendi Orri Hlöðversson, stjórnarmaður sem er jafnframt formaður ÍTF, hagsmunasamtaka þeirra félaga sem reka lið í tveimur efstu deildum í knattspyrnu karla og kvenna, svohljóðandi póst á stjórnina:

Sæl öll, þetta eru góðir efnislegir punktar sem hér eru að koma fram. Ég vil vera hreinskilinn og staldra við hvernig við mætum kröfu (hversu víðtæk sem hún kann að vera) um hvernig við ætlum, sem einstaklingar og hópur, að taka ábyrgð á þeirri stöðu sem málið er komið í. Ég kallaði saman stjórn ÍTF áðan og einstaka formenn félaga hafa líka verið í sambandi síðustu klukkutímana og það er þessi punktur sem stendur þar upp úr. Ég er viss um að við komumst ekki framhjá því að tækla hann – alveg sama hversu efnisleg gæðin eru mikil í okkar yfirlýsingu núna. Myndi vilja að við ræddum þetta sérstaklega á eftir.



Þegar fundur stjórnar KSÍ hófst að nýju klukkan 18:00 mun Orri hafa hafa greint stjórn frá þeim umræðum sem ættu sér stað innan ÍTF um stöðu mála og um stöðu formanns og framkvæmdastjóra. Fyrir um daginn hafði á vefsíðu Fréttablaðsins birst stutt viðtal við Birgi Jóhannsson, framkvæmdastjóra ÍTF, þar sem haft var eftir honum að mál KSÍ yrðu rædd á stjórnarfundum ÍTF þennan dag. Þá sagði Birgir að það væri „zero tolerance“ fyrir kynferðisbrotum í íþróttahreyfingunni og „stuðningur við þolendur væri alla leið“.

Sama dag barst tölvupóstur frá ÍTF til aðildarfélaga samtakanna þar sem fram kom að ÍTF væri að afla upplýsinga um málefni stjórnar KSÍ. Í póstinum sagði að það væri skoðun stjórnar ÍTF að „hlutaðeigendur að málinu eigi að axla ábyrgð“ og að ÍTF hygðist síðan boða til formannafundar við fyrsta tækifæri.

Stjórnarfundur 29. ágúst – Guðni Bergsson segir af sér.

Næsta dag hófst síðan annar fundur stjórnar KSÍ klukkan 10:00 þar sem nokkrir stjórnarmanna voru staddir í höfuðstöðvum KSÍ á meðan aðrir sóttu fundinn á Teams. Nokkrir stjórnarmeðlimir greindu úttektarnefndinni frá því að Guðni hefði haft samband við þau persónulega fyrir fundinn og óskað eftir stuðningi þeirra við þá hugmynd að hann myndi víkja tímabundið sem formaður KSÍ á meðan farið yrði yfir málin af hlutlausum aðila. Sú hugmynd mun almennt hafa fengið litlar undirtektir.

Þegar fundurinn hófst munu stjórnarmenn hafa rætt um að formanni hafi orðið á mistök sem hann yrði að axla ábyrgð á. Guðni mun hafa reynt að útskýra Kastljósviðtalið og borið því við að hann hafi verið beðinn um að halda trúnað við föður Þórhildar Gyðu. Þá hefði KSÍ ekki borist formleg tilkynning um ofbeldi þótt Guðni hefði verið búinn að ræða við Y um mál tengdadóttur hennar. Rakti Guðni að hann teldi sig ekki vera búinn að missa stuðning aðildarfélaga KSÍ. Þá bar Guðni einnig fyrir sig að málið hefði komið upp á sumarleyfistíma og hann hafi ekki vitað hvernig bregðast ætti við því. Stjórnarmenn munu ekki hafa verið sáttir við þessar skýringar og þá einkum það að hafa skrifað undir yfirlýsingu þar sem rangt var farið með staðreyndir málsins um hvaða vitneskja væri innan KSÍ um frásagnir af ofbeldisbrotum leikmanna.

Guðni lagði í kjölfarið fram þá tillögu að hann myndi stíga tímabundið til hliðar sem formaður á meðan úttekt yrði gerð á viðbrögðum sambandsins við þeim málum sem upp hafa komið í tengslum við þær upplýsingar sem fram komu í Kastljósi og fréttum RÚV um kynferðisbrot.

Í framhaldi af því viku Guðni og Klara af fundi tímabundið og var þá rædd tillaga hans. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í viðtölum úttektaarnefndarinnar við það stjórnarfolk sem sat fundinn munu einungis tveir stjórnarmenn hafa stutt tillögu Guðna um að hann viki sæti. Tóku stjórnarmennirnir jafnframt fram að þau myndu fylgja vilja meirihluta stjórnar.

Guðni tók síðan aftur sæti á fundi stjórnar og var þá rætt um tillögu hans. Fram kom að tillaga formanns hefði ekki náð fram að ganga og tók hann í kjölfarið þá ákvörðun að segja af sér embætti formanns þegar í stað vegna meðferðar og stöðu þeirra mála sem voru tilefni fundarins. Vék hann þá þegar af fundi og tók Gísli Gíslason við stjórn fundarins sem fyrsti varaformaður. Klara tók síðan aftur sæti á fundinum og var henni falið að kalla saman starfsmannafund kl. 16:00. Þar yrði tilkynnt um afsögn Guðna Bergssonar sem formanns KSÍ, rætt um þau verkefni sem fyrir lægju og fleira.

Á fundinum var síðan rædd staða B í hópnum og voru skoðanir stjórnarmanna nokkuð skiptar um það atriði. Einstakir stjórnarmenn lýstu þeirri skoðun að B hefði klárað þau mál sem rætt var um í fréttum í sátt við þolendur og því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hann spilaði með landsliðinu eða að stjórn setti landsliðsþjálfarann undir pressu með þetta atriði.

Aðrir bentu á að vera hans í landsliðinu gæti skapað úlfúð í samfélaginu sem myndi trufla undirbúning landsliðsins fyrir leikina þrjá sem voru í vændum. Samhliða þessu ræddi stjórnin við Arnar Þór Viðarsson um að stjórnin væri að íhuga að senda frá sér yfirlýsingu um að B yrði ekki með. Í viðtölum stjórnarfólks við úttektaarnefndina sögðu stjórnarmenn að Arnar hefði ekki tekið þessum fréttum illa en hefði engu að síður beðið stjórnina um að tala við sig áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Það hefði farist fyrir. Í B var hins vegar hringt þar sem hann var á leiðinni út í flugvél til Íslands og honum sagt að hann þyrfti ekki að mæta í landsliðsverkefnið.

Í framhaldinu samþykkti stjórnin að B yrði ekki með landsliði Íslands í komandi landsliðsglugga í ljósi upplýsinga sem fram hafa komið, stöðu mála og til að tryggja umgjörð komandi leikja og hnökralausa þátttöku Íslands í undankeppni HM. Þannig yrði skapað svigrúm til að fara betur yfir stöðu leikmannsins.



Pennan sunnudag fékk Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir símtal frá Ragnhildi Skúladóttir um kl. 14:20 þar sem hún greindi henni frá því að afsögn Guðna væri væntanleg. Ragnhildur lýsti því að hana langaði að tala við Hönnu Björgu og þann hóp sem hefði helst staðið að umfjöllun um meðferð KSÍ á frásögnum um kynferðisofbeldi leikmanna. Kolbrún hafði síðan samband við Hönnu og var ákveðið að Hanna Björg kæmi til fundar í KSÍ kl. 15:00.

Á fundi sem haldinn var sama dag hittu Hanna Björg og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, sem fylgt hafði Hönnu á fundinn, Borghildi Sigurðardóttur, annan varaformanna KSÍ, og Ragnhildi Skúladóttur. Borghildur og Ragnhildur spurðu Hönnu og Steinunni út í hvernig þær gætu brugðist við málinu og mun þá Hanna Björg hafa sagt að hún væri ósátt við að einungis konurnar úr stjórn KSÍ væru á fundinum. Hún treysti ekki stjórn KSÍ og sér fyndist að þau ættu öll að víkja. Borghildur og Ragnhildur svöruðu því að þær væru búnar að vera lengi mótvægi við karlamenninguna í knattspyrnunni og það væri ekkert endilega gott að þær vikju úr stjórn. Hanna Björg tók undir það en sagði að þær yrðu að vera tilbúnar að hlusta á þolendur. Það væru ofbeldismál innan hreyfingarinnar og það væri verið að stilla upp mönnum fyrir hönd Íslands sem væru ofbeldismenn.

Borghildur eða Ragnhildur mun í kjölfarið hafa sett nöfn þeirra landsliðsmanna sem valdir höfðu verið í verkefnið á borðið og spurt Hönnu Björgu og Steinunni hvort það væru einhverjir í hópnum sem þær hefðu heyrt um að væru ofbeldismenn en B var ekki á þeim lista. Eftir að þeim var sýndur listi yfir endanlegan hóp leikmanna sem yrðu með í hópnum fyrir landsleikina þrjá munu þær hafa sagt Borghildi og Ragnhildi að þær hefðu ekki vitneskju um að neinn eftirstandandi leikmanna væri ofbeldismaður.

Hlé var gert á stjórnarfundum kl. 16:00–16:40 meðan stjórn fundaði með starfsfólki KSÍ og tilkynnti starfsfólki um afsögn Guðna. Þegar fundurinn hélt áfram kl. 16:40 tók Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir sæti á fundinum og ræddi við stjórn um framhaldið. Kolbrún samþykkti að fara fyrir faghópi sem settur yrði á laggirnar til að leiða vinnu með utanaðkomandi fagaðilum til að endurskoða öll viðbrögð við kynferðisbrotum og ofbeldi innan knattspyrnuhreyfingarinnar.⁵⁹

Í framhaldi af umræðum um stöðu mála samþykkti stjórn KSÍ síðan svohljóðandi yfirlýsingu sem birt var á heimasíðu sambandsins:

⁵⁹ Hópurinn skilaði tillögum sínum til KSÍ 4. nóvember 2021. Sjá: <https://www.ksi.is/library/Skrar/Fraedsla/Lokask%3%bdrsla%20starfsh%3%b3ps%20KS%3%8d%20l.pdf>

Kæru þolendur, við í stjórn Knattspyrnusambands Íslands trúum ykkur og biðjum ykkur innilega afsökunar. Við vitum að við sem ábyrgðaraðilar höfum brugðist ykkur og við ætlum okkur að gera betur. Stjórnin hefur fundað undanfarna daga um þær alvarlegu ásakanir sem beinst hafa að sambandinu að undanfögnu um þöggun kynferðisbrota. Við lítum málið afar alvarlegum augum. Nú þegar hefst vinna með utanaðkomandi fagaðilum um að endurskoða öll viðbrögð við kynferðisbrotum og hvernig staðið var og verður að stuðningi við þolendur. Faghópur verður settur á laggirnar og heitir stjórn KSÍ því að taka á þessum málum af alvöru og festu og fylgja ráðleggingum faghópsins. Við viljum auk þess biðja þolendur eða aðra sem hafa upplýsingar um alvarlegt ofbeldi innan hreyfingarinnar að leita til okkar. Við munum taka vel á móti ykkur, við viljum að málin fari í viðeigandi farveg og viljum tryggja að ábyrgð ofbeldis verði sett á réttan stað, á herðar gerenda en ekki þolenda.

Við ætlum að lagfæra þá hluti sem farið hafa aflaga og skoða frá grunni þá menningu sem við lýði er innan knattspyrnuhreyfingarinnar með það fyrir augum að öll sem að starfi þess koma fái upplifað velferð og öryggi, um leið og hlustað er á þolendur og tillit tekið til þeirra hagsmuna.

Vegna yfirlýsingar sem stjórnin sendi frá sér þann 17. ágúst sl. þar sem brugðist var við ásökunum um ofbeldi leikmanna karlalandsliðsins, er rétt að taka fram að yfirlýsingin byggðist á takmörkuðum upplýsingum sem þá lágu fyrir hjá stjórn, en þar vantaði gögn og frekari upplýsingar, sem hafa komið í ljós á síðari stigum. Við biðjum Hönnu Björgu Vilhjálmssdóttur og aðra sem stóðu í framlínu þess að benda á ofbeldið innan KSÍ afsökunar á yfirlýsingunni sem gerði lítið úr þeirra ásökunum og var laus við alla ábyrgð og einlægni.

Fyrir liggur að formaður stjórnar KSÍ hefur sagt af sér og þannig gengist við ábyrgð á meðferð þeirra mála sem til umfjöllunar hafa verið. Þar til annað verður ákveðið munu varaformenn stjórnar sinna verkefnum sem eru á hendi formanns. Allir stjórnarmenn hafa íhugað stöðu sína. Til að tryggja órofna starfsemi sambandsins þá er niðurstaða stjórnar að skynsamlegt sé að hún sitji áfram fram að næsta ársþingi KSÍ sem haldið verður í febrúar á næsta ári en þá verður kosið til stjórnar.

Við viljum ítreka að almennt starfsfólk KSÍ hefur unnið verk sín af alúð og trúmennsku og ber enga ábyrgð á þeirri atburðarrás sem hefur verið í gangi.

Þessi mikla bylgja sem dunið hefur á síðustu vikur hreyfði við okkur öllum. Sem hluti af stærstu sjálfbæðaliðahreyfingu á Íslandi skiptir máli hvað KSÍ segir og gerir. Við höfum aldrei verið jafn meðvituð um þetta eins og núna og munum leita hjálpar samfélagsins til að gera róttækar breytingar, hlúa að þolendum og vera hluti af lausninni. Þetta verkefni mun taka tíma, en við ætlum að hefjast handa strax.

Knattspyrnuhreyfingin er hluti af samfélaginu, og við þurfum öll sem samfélag að gera betur í því að taka utan um þolendur og berjast gegn kynferðisofbeldi.

Af tölvupóstsamskiptum stjórnarfólks þennan dag má ráða að Arnar Þór Viðarsson, þjálfari A-landsliðs karla, var ekki alls kostar sáttur með að stjórn hefði tilkynnt að B væri útilokaður frá landsliðinu í komandi leikjum. Þennan dag var sendur innan stjórnarhópsins tölvupóstur með efnisheitinu „SOS Arnar er brjálaður við þurfum að aðstoða hann“. Í þeim samskiptum kemur m.a. fram að varaformenn KSÍ, Borghildur Sigurðardóttir og Gísli Gíslason, hafi síðar um kvöldið átt fund með Arnari Þór og Eiði Smára Guðjohnsen, aðstoðarþjálfara



A-landslíðsins, þar sem gleymst hafi „að fara yfir næstu skref með landsliðsþjálfurunum og hvernig [eigi] að tækla framhaldið með landsliðið“.

Í viðtölum við úttektarnefndina kom fram að varaformenn KSÍ hefðu greint Arnari frá þeirri skoðun sinni að ef B yrði valinn í landsliðshópin þá yrði farsí í kringum næstu þrjá heimaleiki liðsins. Gísli Gíslason, annar varaformanna KSÍ, lýsti því t.d. í viðtali við nefndina að fólk hefði komið inn á skrifstofur KSÍ og sýnt þar ógnandi hegðun og að starfsfólk KSÍ hefði auk þess fengið ljóta tölvupósta.

Síðar um kvöldið, kl. 21:30, var haldinn í Fjósinu að Hlíðarenda fundur formanna 26 félaga í samtökunum ÍTF þar sem fjallað var um málefni KSÍ. Á fundinum mun Orri Hlöðversson, formaður ÍTF og stjórnarmaður KSÍ, hafa farið yfir atburðarás síðustu daga. Í kjölfarið voru umræður um stjórn og framkvæmdastjóra KSÍ. Samkvæmt minnispunktum framkvæmdastjóra ÍTF voru 29 einstaklingar mættir til fundarins, þar af tveir fulltrúar frá Val, tveir frá Stjörnunni og tveir frá KA, en alls tjáðu sig 18 aðilar á fundinum um þessi málefni.

Orri lýsti því í viðtali við nefndina að málflutningi hans á fundinum um að það væri niðurstaða stjórnar að eingöngu formaður KSÍ færi frá hefði verið hafnað og þau sjónarmið orðið yfirsterkari að stjórnin ætti öll að fara frá og endurnýja umboð sitt á aukapingi. Samkvæmt minnispunktum framkvæmdastjóra var það einróma niðurstaða fundarins að ÍTF sendi ályktun á aðildarfélög ÍTF þar sem stjórn og framkvæmdastjóri KSÍ væru hvött til að axla ábyrgð, boða til aukapings þar sem umboð stjórnarmanna yrði endurnýjað en stefnt væri að því að senda ályktunina út um hádegi næsta dag. Fundi var síðan slitið kl. 23:30.

Mánudagur 30. ágúst 2021 – ályktun formanna ÍTF send KSÍ.

Stjórn KSÍ kom saman til fundar kl. 11:00 í höfuðstöðvum KSÍ og á Teams.⁶⁰ Á fundinum var rætt um væntanlega yfirlýsingu formannafundar ÍTF í kjölfar fundar samtakanna frá kvöldinu áður og um það hvort boða ætti til aukapings samkvæmt lögum. Einnig var rætt um að Gísli Gíslason, annar varaformannanna, myndi ræða stöðu mála við forseta ÍSí og að Klara myndi ræða við forsvaraðila hjá UEFA og FIFA.

⁶⁰ Til fundarins mættu Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ingi Sigurðsson, Orri Hlöðversson, Ragnhildur Skúladóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Guðjón Bjarni Hálfðánarson. Þá voru viðstaddir fundinn Valgeir Sigurðsson, Ásgeir Ásgeirsson og Magnús Gylfason. Þá voru á fundinum Björn Friðþjófsson, Tómas Þóroddsson og Jakob Skúlason sem fulltrúar landshluta en auk þeirra tók Bjarni Ólafur Birkisson sæti á fundinum kl. 17:00.

Fundinum var síðan frestað kl. 12:30 en hann hófst að nýju kl. 17:00. Var þá tekin til umfjöllunar yfirlýsing ÍTF sem borist hafði upp úr hádegi sama dag. Í yfirlýsingunni sagði að það væri samhljóða niðurstaða fundarins frá 29. ágúst að „yfirlýsing KSÍ [gengi] allt of skammt og nauðsynlegt [væri] að framkvæmdastjóri og stjórn [öxluðu] sameiginlega ábyrgð“. Í yfirlýsingunni sagði enn fremur:

Með það fyrir augum að endurbyggja traust innan knattspyrnuhreyfingarinnar og almennings gagnvart KSÍ er það mat ÍTF að boða þurfi til auka ársþings samkvæmt lögum KSÍ. Þar sem kosin verður bráðabirgðastjórn sem situr fram að næsta ársþingi sem haldið verður í febrúar 2022. Framkvæmdastjóri KSÍ og hluti stjórnar hefur setið lengi og í ljósi stöðu sinnar bera þau ábyrgð á þeim málum sem til umfjöllunar hafa verið síðustu daga. Knattspyrnuhreyfingin getur ekki samþykkt að núverandi stjórn KSÍ og framkvæmdastjóri sambandsins muni leiða vinnu við að lagfæra þá hluti sem farið hafa aflaga og skoða frá grunni þá menningu sem við lýði er innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Á fundinum var einnig lagt fram bréf frá níu félögum í 2., 3. og 4. deild þar sem þess var krafist að boðað yrði til aukabings þar sem sitjandi stjórnarmenn gætu endurnýjað umboð sitt. Gísli Gíslason greindi stjórn einnig frá samtali sínu við Lárus Blöndal, forseta ÍSÍ, um stöðu mála.

Í ljósi yfirlýsingar ÍTF og framkominnar óskar neðri deildar félaga taldi stjórnin sér ekki lengur sætt í embætti þar sem svo stór hluti aðildarféлага sambandsins lýsti vantrausti á stjórnina til að leiða þau verkefni sem vinna þyrfti fram að ársþingi í febrúar 2022. Taldi stjórnin því þann möguleika einan í stöðunni að segja af sér.

Fundinum var síðan frestað að nýju til að greina afleiðingar og þá stöðu sem afsögn stjórnar gæti haft fyrir Knattspyrnusambandið og leita lausnar til að mæta vilja aðildarfélaganna. Taldi stjórnin mikilvægt að eiga samtal við forseta ÍSÍ vegna málsins sem og fulltrúa UEFA og FIFA, m.a. til að stefna ekki komandi verkefnum sambandsins í hættu. Ásgeir Ásgeirsson tilkynnti afsögn sína úr stjórn KSÍ og yfirgaf fundinn.

Á fundinum greindi Klara frá samtali sínu við fulltrúa UEFA og FIFA vegna málsins og afleiðingar þess ef stjórnin segði af sér. Samkvæmt því sem fram kom í máli Klöru voruðu UEFA og FIFA bæði við því að stjórn segði öll af sér. Í samskiptum Klöru við UEFA mun m.a. hafa komið fram að ef KSÍ yrði án starfandi stjórnar gæti komið til þess að FIFA tæki yfir stjórn sambandsins. Kanna þyrfti hvort það hefði þær afleiðingar að öll landslið KSÍ misstu keppnisrétt sinn í öllum mótum á vegum FIFA.



Gert var hlé á stjórnarfundinum kl. 18:00 og fundinum síðan haldið áfram kl. 19:00. Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, tók þá sæti á fundinum í gegnum fjarfundarbúnað og ræddi mikilvægi þess að réttkjörin stjórn KSÍ sæti áfram fram að aukabíngi í þeim tilgangi að tryggja órofna starfsemi sambandsins. Stjórn KSÍ setti í því sambandi fram skilyrði um að hún fengi til þess stuðning frá ÍTF og aðildarfélögum KSÍ. Forseti ÍSÍ bauðst til þess að vinna að því að afla þess stuðnings en vék síðan af fundinum.

Á fundinum var síðan farið yfir sameiginlega yfirlýsingu KSÍ, ÍSÍ og ÍTF um að óskað væri eftir því að knattspyrnuhreyfingin fengi svigrúm til að framfylgja ákveðinni aðgerðaáætlun svo hægt væri að bæta með sem skjótustum hætti úr málum. Mörg krefjandi verkefni lægju fyrir, m.a. varðandi mótaöld og þátttöku í alþjóðlegum mótum. ÍSÍ og félög innan ÍTF styðji KSÍ til þeirra verka, samhliða framkvæmd skilgreindra úrbótaáðgerða.

Rætt var ítarlega um stöðu mála og samþykkt samhljóða að stjórnin segði af sér en sæti fram að aukabíngi sem boðað yrði til við fyrsta tækifæri. Stjórn KSÍ samþykkti síðan samhljóða eftirfarandi yfirlýsingu:

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 30. ágúst að boða með fjögurra vikna fyrirvara til aukabíngs í samræmi við 13. grein laga KSÍ. Fundarboð með upplýsingum um þingdag, dagskrá og fyrirkomulag þingsins verða sendar aðildarfélögum á næstu dögum.

Stjórnin vill af þessu tilefni koma eftirfarandi á framfæri:

- 1. Vinna faghóps um endurskoðun viðbragða við kynferðisbrotum og ofbeldi innan hreyfingarinnar og hvernig staðið var og verður að stuðningi við þolendur verður áfram í forgangi.*
- 2. Stjórn, varafulltrúar og landshlutafulltrúar hafa ákveðið að segja af sér og munu skila umboði sínu eigi síðar en þegar til aukabíngsins kemur.*
- 3. Þessi niðurstaða er í samræmi við áskoranir Íslensks Toppfótbolta, óskir fulltrúa félaga sem sent hafa áskorun um aukabíng og þrýsting frá samfélaginu.*
- 4. Stjórnin hefur fundað með forseta ÍSÍ um framgang málsins og um það hvernig best verður haldið um starfsemi KSÍ fram að aukabíngi svo starfsemin haldist órofin.*
- 5. Fundað verður með fulltrúum UEFA og FIFA um stöðu málsins og fyrirhuguð stjórnarskipti þannig að ekki þurfi að koma til afskipta knattspyrnusambandanna að starfsemi sambandsins.*
- 6. Ásgeir Ásgeirsson hefur tilkynnt að hann segi sig hér með frá trúnaðarstörfum fyrir KSÍ. Stjórnin færir starfsfólki KSÍ og sjálfboðaliðum í hreyfingunni bestu kveðjur og þakkar fyrir frábært samstarf og hvetur það til að vinna áfram af trúmennsku og dugnaði í þágu íslenskrar knattspyrnu.*

Úttektarnefndin hefur fengið þær upplýsingar að Guðni Bergsson hafi aldrei rætt við Z þetta sumar þrátt fyrir að Y hefði komið því á framfæri við Guðna að tengdadóttir hennar væri

reiðubúin að tala við hann. Í kjölfar afsagnar Guðna mun Klara hafa ætlað að ræða við Z fyrir hönd KSÍ. Í viðtölum við úttektarnefndina kom fram að Klara hefði hins vegar orðið fyrir miklu áreiti og fengið fjölmargar hótanir í kjölfar afsagnar stjórnar og fjölmiðlaumfjöllunar og m.a. verið ráðlagt að sækja ekki barn sitt á leikskóla. Þriðjudaginn 31. ágúst 2021 mun Klara hafa yfirgefið höfuðstöðvar KSÍ og tilkynnt stjórn að hún væri farin og vissi ekki hvort hún kæmi aftur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin fékk mun það hafa gerst í beinu framhaldi af samtali Klöru við Guðna Th. Jóhannesson, forseta Íslands. Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari U-17 ára landsliðs drengja, mun hafa hlaupið á eftir Klöru og séð til þess að hún yrði sótt í vinnuna. Borghildur Sigurðardóttir mun síðan, að beiðni starfsfólks KSÍ, hafa hringt í Z.

Y sagði upp störfum hjá KSÍ eftir að vinna úttektarnefndarinnar hófst eftir að hafa starfað í meira en tvo áratugi hjá sambandinu.

3.5. Önnur mál

Samkvæmt þeim upplýsingum sem úttektarnefndin hefur aflað hefur KSÍ frá árinu 2010 fengið ábendingar eða tilkynningar um tvö önnur mál sem varða kynferðisofbeldi. Annað málið mun varða knattspyrnudómara sem hafi hlotið dóm fyrir nauðgun en sá einstaklingur mun tafarlaust hafa verið látinn hætta dómgæslu í kjölfar þess að dómur um sakfellingu kom til vitneskju KSÍ. Beiðni mannsins um að hann fengi að dæma leiki á meðan mál hans væri í áfrýjunarferli var hafnað af hálfu KSÍ og hefur hann ekki dæmt leiki síðan fyrir sambandið. Hitt málið mun varða hegðun einstaklings sem sinnti tímabundnu verkefni sem verktaki í keppnisferð eins af yngri landsliðum Íslands og beindist að starfsmanni hótels sem liðið dvaldi á. Sá verktaki mun ekki hafa sinnt neinum verkefnum fyrir KSÍ eftir að sambandið fékk vitneskju um málið.

Auk þess er nefndinni kunnugt um tvö mál frá árinu 2010 þar sem KSÍ hefur þurft að taka á kynferðislegri áreitni af hálfu einstaklings sem sinnt hefur verkefnum innan knattspyrnuhreyfingarinnar á vegum KSÍ.⁶¹ Þar sem umboð úttektarnefndarinnar nær einungis til þess að fjalla um vitneskju innan stjórnar og starfsmanna KSÍ um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi

⁶¹ Kynferðisleg áreitni er skilgreind í 5. tölul. 2. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, sem „hvers kyns kynferðisleg hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu þess sem fyrir henni verður, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.“



telur nefndin ekki rétt að fjalla sérstaklega um atvik þeirra mála í þessum kafla skýrslunnar.⁶² Meðferð kvartana um kynferðislega áreitni er hins vegar einn þeirra þátta sem nefndin hefur litið til við úttekt sína á öðrum atriðum í þessari skýrslu, m.a. um hvort hvort einhverjar þær aðstæður séu uppi innan KSÍ sem hamla þátttöku kvenna í starfsemi sambandsins.

3.6. Niðurstöður

3.6.1. Vitneskja innan stjórnar og meðal starfsmanna KSÍ um frásagnir af kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi

Eins og rakið er í kafla 1.1. hér að framan er eitt af meginverkefnum úttektarnefndarinnar að staðreyna eins og kostur er hvaða vitneskja hafi verið innan stjórnar og/eða meðal starfsmanna KSÍ um að leikmenn landsliða eða aðrir sem starfa fyrir KSÍ hafi beitt kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi á árunum 2010–2021.

Í samræmi við þær upplýsingar sem úttektarnefndin hefur aflað og raktar eru í kafla 3 hér að framan telur úttektarnefndin ljóst að bæði Guðni Bergsson, formaður KSÍ, og Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri, hafi 3. júní 2021 haft vitneskju um að frásögn Z um alvarlegt kynferðisofbeldi, sem birtist í opinni færslu á Instagram tæplega mánuði áður, tengdist C og D, leikmönnum í A-landsliði Íslands hjá KSÍ. Þá er ljóst að Y, tengdamóðir Z, ræddi málið ítrekað við þau sama sumar og hafði milligöngu um boð frá tengdadóttur sinni sem Guðni Bergsson bar síðan undir C. Þá er jafnframt ljóst að Y ræddi málið við einstaka samstarfsmenn innan KSÍ í trúnaði.

Úttektarnefndin telur hins vegar ekki unnt að slá því föstu að stjórnarfolk í KSÍ hafi haft vitneskju um að Y hafi greint Guðna, Klöru eða einstökum starfsmönnum frá þessari frásögn tengdadóttur sinnar fyrr en á stjórnarfund 28. ágúst 2021, eftir að Y hafði rætt málið ítrekað og Guðni auk þess rætt við C um málið. Þrátt fyrir að Borghildur Sigurðardóttir, annar varaformanna KSÍ, hafi lýst því fyrir nefndinni að hún hafi áttað sig á tengslum Y við Z í upphafi ágúst 2021 og upplýst Klöru um þau verður ekkert ráðið af athugun nefndarinnar um að henni hafi verið kunnugt um að Y hefði rætt málið innan KSÍ. Sama gildir um annað stjórnarfolk KSÍ.

⁶² Nefndin telur engu að síður rétt að geta þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur fengið var brugðist skjótt við því máli af hálfu KSÍ. Þá varðar málið hvorki leikmann landsliða Íslands né neinn af föstum starfsmönnum sambandsins.

Ekki verður heldur ráðið að Instagram-færsla Z hafi verið tengd við tiltekna leikmenn A-landsliðsins á vettvangi stjórnar fyrr en á óformlegum Teams-fundi stjórnar 20. ágúst 2021. Að því er varðar ábendingar Guðna Bergssonar um að stjórn hafi átt að vera þessi tengsl ljós þar sem umræða um málið tengt færslu Z hafi verið víða í samfélaginu, þá telur úttektarnefndin ekki unnt að horfa framhjá því að tölvupóstsamskipti í stjórn mánudaginn 16. ágúst 2021 gefa eindregið til kynna að stjórnarfólki hafi verið ókunnugt um þetta. Þannig spurðist stjórnarmaðurinn Ingi Sigurðsson sérstaklega fyrir um það í tölvupósti til stjórnar þennan dag hvaða upplýsingar lægju fyrir hjá KSÍ varðandi það sem getið er um í pistli Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur frá 13. ágúst 2021. Í tölvupósti Guðna Bergssonar sem sendur var hálfri annarri klukkustund síðar svaraði Guðni á þann veg að „engin mál“ keppnisfólks KSÍ hefðu borist sambandinu „formlega eða verið á okkar borði síðan [hann] tók við sem formaður“.

Þá telur úttektarnefndin jafnframt ljóst að stjórnarfólki hafi verið ókunnugt um að Guðna, Klöru og öðru starfsfólki KSÍ hafði í mars 2018 borist frásögn föður Þórhildar Gyðu Arnarsdóttur um að hún hefði kært C til lögreglu fyrir líkamsárás og kynferðislega áreitni.

Að því er varðar frásögn um að lögregla hafi verið kölluð að dvalarstað A, leikmanns A-landsliðs karla, 5. júlí 2016 telur úttektarnefndin liggja fyrir að þáverandi formaður, Geir Þorsteinsson, sem og Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri, og annað starfsfólk KSÍ fékk upplýsingar um að lögregla hafi verið kvödd til að dvalarstað landsliðsmannsins. Samkvæmt þeim upplýsingum sem úttektarnefndin hefur fengið hefur nefndin þó ekki getað sannreynt að starfs- eða stjórnarfólk KSÍ hafi á tímabilinu 5. júlí 2016 til 22. september 2021, þegar þessi nefnd hóf störf, fengið upplýsingar frá eiginkonu A, einhverjum sem henni tengist eða öðrum sem varð beint vitni að því að hún hafi sætt heimilisofbeldi umrætt kvöld. Hefur nefndin þá m.a. litið til þess að nágranninn X sem hafði á sínum tíma samband við KSÍ hefur ekki getað sagt nefndinni deili á því hvaða starfsmann hann ræddi við, en samtali hans við starfsmanninn var lýst með talsvert öðrum hætti gagnvart nefndinni en því samtali sem fyrrverandi starfsmaður KSÍ, Gunnar Gylfason, átti við ótilgreindan einstakling og lýsti fyrir nefndinni.

Þegar frá eru talin ofangreind mál er það ályktun úttektarnefndarinnar að starfsfólk og stjórn KSÍ hafi frá ársbyrjun 2010 til 22. september 2021 haft vitneskju um tvö önnur mál þar sem þeim var gert viðvart um frásagnir af kynferðisbrotum einstaklinga sem komu fram á vegum KSÍ. Þau mál eru rakin í kafla 3.5. hér að framan.

3.6.2. Um það hvort nauðgunar- og þöggunarmenning sé til staðar innan KSÍ

Úttektarnefndinni hefur einnig verið falið það verkefni að skoða ásakanir sem fram hafa komið um m.a. svokallaða „nauðgunar- og þöggunarmenningu“ innan sambandsins. Við afmörkun á því hvað fellur undir starfssvið nefndarinnar að þessu leyti telur nefndin óhjákvæmilegt að hafa í huga að framangreind hugtök eru í eðli sínu nokkuð rúmt skilgreind af fræðimönnum og engri lagalegri skilgreiningu er til að dreifa. Eins og rakið er í kafla 1.2. hér að framan hefur nauðgunarmenningu í senn verið lýst sem flóknu samspili hugmynda sem ýtir undir kynferðislegan yfirgang karla og viðheldur ofbeldi gegn konum, sem og menningu „sem ýtir undir og viðheldur kynferðislegu ofbeldi gegn konum og samþykkir það ofbeldi og ótta kvenna við ofbeldið sem norm“.

Úttektarnefndin telur ljóst að í samfélagi þar sem kynferðisofbeldi er jafnalgengt og hér á landi verði varla hjá því komist að álykta að einhvers konar nauðgunar- eða þöggunarmenning í þeim rúma skilningi sem að framan er rakin sé til staðar í fjölmörgum stofnunum, fyrirtækjum og samtökum og samfélaginu öllu. Þegar orðin „nauðgunar- og þöggunarmenning“ eru sett í samhengi við þær ásakanir og gagnrýni sem komið hafa fram á hendur KSÍ í opinberri umræðu telur nefndin rétt að skilgreina hlutverk sitt að þessu leyti þannig að það taki fyrst og fremst til þess að athuga hvernig KSÍ brást annars vegar við tilkynningum og frásögnum um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og hins vegar þeirri gagnrýni sem kom opinberlega fram um hvernig KSÍ tæki á þessum málum. Við mat á viðbrögðum KSÍ að þessu leyti telur nefndin jafnframt nauðsynlegt að líta til stöðu leikmanna gagnvart KSÍ sem og að hafa hliðsjón af þeim lögum og reglum sem gilda um meðferð tilkynninga með upplýsingum um að einstaklingur sé grunaður eða kærður vegna refsiverðrar háttsemi. Í því sambandi hefur nefndin einkum horft til þeirra sanngirnis-, gagnsæis- og áreiðanleikareglna sem settar eru fram í núgildandi persónuverndarlögum og áður voru í eldri persónuverndarlögum og reglum stjórnarskrár sem lýst er í kafla 2 hér að framan.

Ef litið er fyrst til frásagnar um þann leikmann A-landsliðs karla sem auðkenndur er sem A í þessari skýrslu, sbr. kafla 3.2., þá telur nefndin liggja fyrir að þáverandi formaður KSÍ, framkvæmdastjóri, meðlimur landsliðsnefndar og starfsmaður KSÍ höfðu vitneskju um að lögreglan hefði verið kölluð að dvalarstað leikmannsins í júlí 2016 vegna tilkynninga um ólæti og grun um heimilisofbeldi.

Að sama skapi er ljóst að leikmaðurinn var ekki í verkefni á vegum KSÍ og þannig ekki á vinnustað sambandsins þegar atburðurinn átti sér stað. Einstaklingur sem sat í landsliðsnefnd A-landsliðsins og hitti A og eiginkonu hans daginn eftir hefur auk þess í samskiptum við nefndina lýst því að hann hafi ekki fengið neinar upplýsingar á þeim fundi eða séð neitt sem benti til þess að heimilisofbeldi hefði átt sér stað. Eftir því sem úttektarnefndin kemst næst var heldur engin kæra lögð fram vegna málsins.

Í ljósi þess sem að framan er rakið og með vísan til þeirra laga og reglna sem giltu við meðferð upplýsinga um grun um ofbeldi og refsiverða háttsemi og raktar eru í kafla 2 hér að framan verður ekki séð að KSÍ hafi haft rúmt svigrúm til að fjalla frekar á vettvangi sambandsins um þær upplýsingar sem KSÍ fékk um útkall lögreglu að dvalarstað A, þótt landsliðsþjálfari hefði vissulega ávallt svigrúm til að velja A ekki í landsliðsverkefni. Þá hefur nefndin ekki getað staðreynt að starfs- eða stjórnarfolk KSÍ, eða aðrir á vegum sambandsins, hafi heyrt eða fengið með öðrum hætti vitneskju um frásagnir af því að A hafi beitt eiginkonu sína refsiverðu ofbeldi.

Hvað sem því líður telur nefndin engu að síður athugunarvert að þáverandi formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, hafi rætt við almannatengil vegna málsins, einkum þegar horft er til þeirra skýringa hans til nefndarinnar að málið hafi aldrei verið „formlega á borði KSÍ og um einkalíf leikmannsins var að ræða“ og að það tengdist ekki verkefni á vegum KSÍ. Telur nefndin að í ljósi þeirrar afstöðu þáverandi formanns að málið tengdist hvorki né væri til umfjöllunar hjá KSÍ hafi sú ráðstöfun að ræða málið við almannatengil, sem síðan fékk greitt fyrir þá vinnu sína, bent til þess að formaður KSÍ vildi hafa áhrif á umfjöllun fjölmiðla um málið. Þessi viðbrögð formanns KSÍ við máli sem hann sjálfur taldi vera einkamál leikmannsins og utan verkefna KSÍ hafa að mati nefndarinnar einkenni þöggunarmenningar.

Í samræmi við yfirlýsingu stjórnar KSÍ frá 29. ágúst 2021 um aukinn stuðning og samstöðu með þolendum telur úttektarnefndin að framvegis fari betur á því að KSÍ bjóði maka leikmanns og leikmanni hvoru um sig aðstoð fagaðila ef sambandinu berst ábending um hugsanlegt ofbeldi.

Að því er varðar mál B sem rakið er í kafla 3.3. hér að framan þá fær úttektarnefndin ekki betur séð en að KSÍ hafi brugðist þegar í stað við um leið og sambandið fékk vitneskju um



að leikmaðurinn væri til rannsóknar hjá lögreglu vegna kæru um ofbeldi og áreitni gagnvart konu á skemmtistað haustið 2017. Fyrir liggur að frásögnin var í beinu framhaldi borin undir leikmanninn og í kjölfarið tekin sú ákvörðun að hann skyldi sendur heim úr ferð landsliðsins og færi til Íslands í skýrslutöku hjá lögreglu. Af tölvupóstsamskiptum sem nefndin hefur undir höndum er jafnframt ljóst að Guðni Bergsson var sem formaður KSÍ í samskiptum við lögreglu um að leikmaðurinn kæmi þangað til skýrslutöku. Þá hefur úttektarnefndin engin gögn fundið eða aðrar vísbendingar fengið sem gefa til kynna að KSÍ hafi boðið kæranda í málinu þagnarskyldusamninga eða komið með öðrum hætti að slíkum tilboðum. Samkvæmt því sem að framan er rakið telur nefndin sig ekki hafa neinar forsendur til að álykta að KSÍ hafi með einum eða öðrum hætti reynt að aftra því að mál B kæmi til meðferðar hjá lögreglu eða latt kæranda frá því að leita réttar síns í málinu.

Hvað snertir frásögn Z á samfélagsmiðlinum Instagram um kynferðisofbeldi af hálfu tveggja manna sem birtist 9. maí 2021 telur úttektarnefndin sýnt að Guðni og Klara hafi, ásamt Arnari Þór Viðarssyni, þjálfara A-landsliðsins, 3. júní 2021 fengið upplýsingar í gegnum Y, starfsmann KSÍ og tengdamóður Z, að mennirnir í frásögninni væru C og D, leikmenn A-landsliðs karla í knattspyrnu.

Úttektarnefndin telur jafnframt liggja fyrir að Guðni og Y hafi rætt málið ítrekað og að Guðni hafi einnig rætt málið við C, annan leikmannanna. Þá fær nefndin ekki ráðið af viðtölum sem hún tók við Y, Guðna og Klöru að Z hafi haft í hyggju að kæra C og D eða ræða málið frekar í fjölmiðlum á þeim tíma. Þá hafi það heldur ekki verið ósk Z að C hætti að spila fyrir landsliðið.

Af viðtölum við Y og annað starfsfólk KSÍ verður ráðið að Guðni og Klara hafi verið ráðvillt um hvernig taka ætti á málinu. Í því sambandi má þó að nokkru leyti taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá þeim báðum að erfitt hafi reynst að taka á málinu þar sem óljóst var hvaða væntingar Z hafði um viðbrögð KSÍ til málsins. Þá ber starfsfólki og öðrum sem komu að málinu sem ráðgjafar almennt saman um að Guðni hafi ekki meðvitað verið að þagga málið niður, en málið hafi vissulega meira verið á hans hendi en Klöru.

Eins og rakið er í kafla 3.4. ber Y og Guðna ekki saman um hvort hugmyndin að því að ræða sættir í málinu hafi komið frá Guðna. Hvað sem því líður og hverjar sem hugmyndir þáverandi formanns voru í samtölum hans við Y telur nefndin engu að síður óheppilegt að Y hafi sem almennur starfsmaður KSÍ verið sett í þá stöðu að hafa milligöngu um boð til og

frá tengdadóttur sinni sem greint hafði frá ofbeldi af hálfu leikmanna landsliðsins til KSÍ og formanns. Þannig telur nefndin að formanni hafi átt að vera ljóst að staða Y gat að þessu leyti verið til þess fallin að vekja hjá henni ótta um starfsöryggi sitt. Slíkt gat enn fremur skapað þrýsting á Z og Y að halda málinu í þagnargildi og fara ekki með það lengra, jafnvel þótt formaður og framkvæmdastjóri hefðu á engan hátt ætlað sér það og sjálf ekki litið svo á að Y hefði ástæðu til að óttast um starf sitt.

Þegar tekin er afstaða til þess hvernig KSÍ brást við opinberum ásökunum um hvernig tekið væri á tilkynningum eða ábendingum um kynferðisofbeldi og annars konar ofbeldi á vettvangi sambandsins verður ekki hjá því komist að benda á það að Guðni Bergsson lét sem formaður sambandsins ítrekað frá sér yfirlýsingar um að KSÍ hefði ekki fengið neinar tilkynningar eða ábendingar af þessum toga inn á sitt borð síðan hann tók við formennsku. Í því sambandi má vísa til ummæla Guðna í Fréttablaðinu 25. ágúst og í Kastljósi RÚV daginn eftir sem rakin eru í kafla 3.4. hér að framan. Þá var með vitund Guðna send yfirlýsing í nafni samskiptastjóra KSÍ 20. ágúst 2021 um að „kvartanir um meint brot einstakra leikmanna [hefðu] ekki borist inn á borð KSÍ“ og „að skýrir verkferlar lægju fyrir um slíkar kvartanir sem bárust“. Þessi yfirlýsing var send þrátt fyrir að samskiptastjóri hefði lagt fram tillögu um að send yrði yfirlýsing sem væri í samræmi við þá vitneskju sem KSÍ hafði þá undir höndum.

Ljóst er að þessar yfirlýsingar sem formaður gaf í nafni KSÍ til fjölmiðla og almennings voru villandi, enda var formaður KSÍ á sama tíma með á borði sínu tilkynningu Y um ofbeldi gagnvart tengdadóttur sinni, auk þess sem formaðurinn var á sama tíma í samskiptum við leikmann landsliðsins vegna málsins. Þá samræmdust þessar yfirlýsingar ekki heldur því að KSÍ hafði rúmlega þremur árum áður fengið í sínar hendur tilkynningu um kæru á hendur leikmanni vegna ofbeldis sem varð til þess að hann var sendur heim úr æfingaferð landsliðsins.

Auk þess telur nefndin að fullyrðing, sem birtist í tilkynningu frá KSÍ 17. ágúst 2021, um að tryggt væri þegar mál sem tengdust ofbeldi (m.a. kynferðisofbeldi) færu í viðeigandi ferli ef þau kæmu inn á borð sambandsins og að ávallt væri hvatt til aðkomu lögregluyfirvalda þegar grunur væri um lögbrot hafi ekki heldur gefið rétta mynd af meðferð þessara mála innan KSÍ. Verður í því samhengi að benda á að ekki verður séð að formaður eða nokkur annar fyrir hönd KSÍ hafi hvatt Y eða Z til að leita til lögreglu vegna málsins sem frásögn Z laut að. Þá er rétt að benda á að forvarnar- og viðbragðsáætlun sem tæki á kynbundnu



ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni og átti samkvæmt jafnréttisáætlun KSÍ að vera tilbúin 15. apríl 2021 var það ekki.

Úttektarnefndin telur að framangreindar yfirlýsingar sem fram komu fyrir hönd sambandsins í máli formanns og í opinberum tilkynningum hafi verið til þess fallnar að gera lítið úr málum þeirra kvenna sem greint höfðu frá ofbeldi í sinn garð. Í því sambandi tekur nefndin fram að enda þótt gæta hafi þurft trúnaðar við konurnar og einnig gagnvart þeim leikmönnum sem frásagnirnar beindust að jafngildir sá trúnaður ekki því að KSÍ hafi opinberlega þurft að neita fyrir tilvist slíkra mála. Að mati nefndarinnar má til sanns vegar færa að yfirlýsingarnar hafi borið með sér ákveðin merki þöggunar- og nauðgunarmenningar, þar sem því var í reynd hafnað í yfirlýsingunum að mál kvennanna hefðu komið til vitundar KSÍ. Að því leyti endurspegluðu þessar yfirlýsingar fyrir hönd KSÍ ekki að frásagnir kvennanna væru í reynd teknar alvarlega.

Við mat á því hvort meðferð þessa máls sé merki um þöggunar- og nauðgunarmenningu innan KSÍ sem samtaka verður ekki hjá því litið að þáverandi formaður KSÍ veitti stjórn KSÍ villandi upplýsingar um stöðu mála þegar stjórnarmaður spurðist sérstaklega fyrir um það í tölvupósti til formanns, með afriti á stjórn, hvaða upplýsingar lægju fyrir hjá KSÍ um ofbeldismál í tilefni af skoðanapistli Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur sem birtist 13. ágúst 2021. Þeirri fyrirspurn svaraði formaðurinn með tölvupósti til stjórnar á þann veg að að engin mál keppnisfólks KSÍ hefðu borist formlega „eða verið á borði“ sambandsins síðan hann tók við sem formaður.

Í ljósi þessa telur nefndin ekki hægt að fullyrða að framganga stjórnar, framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna í tengslum við þessar yfirlýsingar beri einkenni þöggunar- og nauðgunarmenningar. Í þessu samhengi verður jafnframt að benda á að gögnin sem nefndin hefur undir höndum og viðtöl nefndarinnar við starfs- og stjórnarfólk sem og aðra sem komu að málinu bera vott um að bæði stjórnarfólk og framkvæmdastjóri sambandsins hafi á fundum og í tölvupóstum harðlega gagnrýnt yfirlýsingar formannsins í fjölmiðlum, auk þess sem samskiptastjóri KSÍ gerði tillögu um að efni yfirlýsingar yrði annað en það sem á endanum birtist.

Ef frá eru taldar ofangreindar yfirlýsingar formanns og KSÍ í fjölmiðlum og til stjórnar í

tengslum við mál leikmannanna B, C og D fær úttektarnefndin ekki séð að meðferð frásagna um ofbeldi innan KSÍ beri merki nauðgunar- og þöggunarmenningar umfram það sem almennt gerist í samfélaginu. Þannig hefur nefndin ekki ráðið annað af þeim málum sem hún hefur fengið vitneskju um í athugun sinni en að KSÍ hafi sem samtök að jafnaði brugðist greiðlega við í kjölfar þeirra ábendinga sem sambandinu hafa borist um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og gert viðeigandi ráðstafanir í framhaldinu eftir atvikum málsins hverju sinni. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur undir höndum hafa einstaklingar sem þiggja greiðslur af KSÍ ekki sinnt áfram verkefnum á vegum sambandsins eftir að KSÍ hafa borist ábendingar um kynferðisbrot þeirra eða á meðan mál þeirra eru til meðferðar í refsivörslukerfinu. Þá liggur fyrir að leikmaðurinn B var sendur úr landsliðsverkefni beint í kjölfar þess að ábending barst um að lögregla hefði til meðferðar kæru á hendur honum árið 2018.



4. kafli: Eru einhverjar aðstæður uppi innan KSÍ sem hamla þátttöku kvenna í starfi sambandsins?

Í þessum kafla verður skoðað hvort einhverjar aðstæður séu uppi innan KSÍ sem hamli þátttöku kvenna í starfi sambandsins. Þetta er gert í tengslum við fullyrðingar sem fram hafa komið í opinberri umræðu um að KSÍ sé karllægt og fráhrindandi fyrir konur. Í því sambandi verður skoðað hvort skipulag KSÍ eða aðrir þættir í starfseminni séu hamlandi fyrir þátttöku kvenna í starfinu.

Til þess að setja stöðu KSÍ í samhengi verður byrjað á að fjalla um stöðu kvenna innan íþróttasambandsins bæði hérlandis og erlendis. Staða kvenna í íþróttastarfi á Íslandi verður skoðuð en staða kvenna innan KSÍ verður skoðuð sérstaklega. Fjallað verður um hvað KSÍ hefur gert á undanförunum árum til þess að vinna að auknu kynjajafnrétti innan knattspyrnunnar og farið yfir hver upplifun þeirra einstaklinga sem komu til viðtals við nefndina var varðandi þátttöku kvenna í starfi KSÍ. Í lok kaflans eru ályktanir dregnar.

4.1. Staða kvenna innan íþróttasambandsins

4.1.1. Erlendar rannsóknir

Íþróttir hafa löngum verið vettvangur karla og hafa konur þurft að berjast fyrir því að fá að tilheyra heimi íþróttanna.⁶³ Konur voru útilokaðar frá íþróttaiðkun allt þar til á miðri 19. öld þegar þeim var leyft að stunda léttu líkamsrækt sér til heilsuþótar.⁶⁴ Á þeim tíma þótti ekki við hæfi að konur stunduðu íþróttir, þær væru aðeins fyrir karlmenn og fullyrt að kvenlíkaminn myndi ekki þola það álag sem fylgdi íþróttaiðkun.⁶⁵ Konur höfðu lengi vel mjög takmarkaðan keppnisrétt á Ólympíuleikunum. Sem dæmi mættu 65 vaskar konur til leiks í Antwerpen 1920 en 2626 karlar.⁶⁶ Ein allra merkustu tímamót í íþróttasögu kvenna voru árið 1972 þegar Bandaríkjaþing samþykkti breytingar á almennu háskólalöggjöfinni („Higher Education Act“) sem gildir um allar menntastofnanir á háskólastigi sem þiggja greiðslur frá ríkinu. Með breytingunum var nýjum kafla bætt í lögin um að hvers kyns kynbundin

⁶³ Lemmon, M. (2019). *Evening the playing field: women's sport as a vehicle for human rights*. *The International Sports Law Journal*, 19, 238–257. <https://doi.org/10.1007/s40318-019-00148-5>

⁶⁴ Woods, R.B. og Butler, B.N. (2020). *Social Issues in Sport* (4. útgáfa). Human Kinetics.

⁶⁵ Collins, T. (2013). *Sport in Capitalist Society*. Taylor and Francis.

⁶⁶ Schultz, J. (2018). *Women in Sport*. Oxford University Press.

mismunun væri bönnuð innan gildissviðs laganna. Þessi kafli varð IX. kafli laganna og draga breytingarnar nafn sitt af kaflanum („Chapter IX“).⁶⁷

Markmið breytinganna var að auka jafnrétti í bandarísku menntakerfi en íþróttastarf í Bandaríkjunum fer að miklu leyti fram innan menntakerfisins. Í kafla IX fólst að: i) karl- og kvenstúdentar ættu að hafa sambærileg tækifæri til þátttöku í íþróttum, ii) framhalds- og háskólar þyrftu að veita skólastyrki vegna íþróttar í hlutfalli við þátttöku kynjanna og iii) að sanngirni yrði gætt milli kynja hvað varðaði aðgengi að aðstöðu til æfinga og keppni sem og veitingu annarra fríðinda, svo sem aðgengi að íþróttatengdri heilbrigðisþjónustu. Áður en IX. kafli var staðfestur hallaði verulega á íþróttakonur innan skólakerfisins í Bandaríkjunum, einungis 2% af þeim fjármunum sem veitt var til íþróttar var úthlutað til kvennaíþróttar. Í dag er þetta hlutfall 40%. Sáttmálinn virðist einnig hafa haft mjög jákvæð áhrif á þátttöku stúlkna í íþróttum. Þátttaka þeirra hefur tífaldast innan framhaldsskóla en fimmfaldast innan háskólanna.⁶⁷

Þrátt fyrir að IX. kafli hafi skilað talsverðum árangri og hann sé gott dæmi um hversu mikil áhrif stjórnvöld geta haft á kynjajafnrétti í íþróttum er íþróttakeimurinn enn að mestu karlaheimur. Mikill munur er á verðlaunafé kynjanna í mörgum íþróttum og launamunur kynjanna er líklegast hvergi meiri. Sem dæmi voru meðallaun körfuknattleiksmanna í bandarísku karlaatvinnumannadeildinni (NBA) 80 sinnum hærri en meðallaun körfuknattleikskvenna í þeirra atvinnumannadeild (WNBA) árið 2018.⁶⁸ Talið er að fimm launahæstu knattspyrnukonurnar árið 2017 hafi samtals verið með lægri árslaun en knattspyrnumaðurinn Carlos Tevez einn þénaði á viku.⁶⁹ Greiðslur FIFA til þátttökupjóða á heimsmeistaramóti karla 2018 voru 400 milljónir dollara en greiðslur til þátttökupjóða á heimsmeistaramóti kvenna 2019 voru 30 milljónir dollara.⁷⁰

Þennan gífurlega mun á greiðslum eftir kyni má skýra með miklum mun á tekjum FIFA vegna þessara tveggja móta. Tekjur af heimsmeistaramóti karla 2018 voru 6 milljarðar dollara en tekjur FIFA af kvennamótinu 2019 voru 73 milljónir dollara. Eflaust má skýra, a.m.k. að hluta,

⁶⁷ Title IX Education Amendments of 1972, 20 U.S.C. Åð 1681 (1972). <https://www.justice.gov/crt/title-ix-education-amendments-1972>

⁶⁸ Berri, D. (2019). The relative success story of the WNBA. Í N. Lough og A.N. Geurin (ritstj.) *Routledge Handbook of the Business of Women's Sport* (191–203). Routledge.

⁶⁹ HRnews. (2017, 21. apríl). *The football gender gap must get the boot!* <http://hrnews.co.uk/football-gender-gap-must-get-boot/>

⁷⁰ Hussain, I., Jawahar, I.M. og Stone, T.H. (2020). Wage and Gender Discrimination: An Analysis of the U.S. Women's National Soccer Team. *The Journal of Total Rewards*, 29(1), 14–27.



Þennan gífurlega mun á tekjum með því hversu mikill munur er á umfjöllun um kvenna- og karlaknattspyrnu.⁷¹ Slíkur munur á umfjöllun er ekki óþekktur innan íþróttasíðna en rannsóknir benda til þess að umfjöllun um kvennaíþróttir sé 2–10% af heildarumfjöllun um íþróttir en það hlutfall er ekki í takt við þáttökuhlutfall kvenna í íþróttum. Sem dæmi eru konur 40% þeirra sem stunda íþróttir í Bandaríkjunum en fjölmiðlaumfjöllun um kvennaíþróttir þar er 4% af heildarumfjöllun um íþróttir. Þetta hlutfall hefur ekki hækkað í 25 ár þrátt fyrir að þátttaka kvenna hafi aukist til muna á sama tíma.⁷²

Þessi munur á umfjöllun um karla- og kvennaíþróttir verður eflaust að einhverju leyti skýrður með því að áhugi á karlaíþróttum sé einfaldlega meiri en á kvennaíþróttum. Hins vegar benda erlendar rannsóknir til þess að umfjöllun um kvennaíþróttir sé ólík umfjöllun um karlaíþróttir. Umfjöllun um kvennaíþróttir er líklegri til þess að vera upptalning á staðreyndum og sagt er frá kvennaíþróttum með mun minni eldmóði en sagt er frá íþróttum karla. Fræðimenn telja að ólíklegt sé að slík umfjöllun skapi aukinn áhuga og eftirspurn eftir umfjöllun um kvennaíþróttir sem aftur hefur áhrif á tekjur til kvennaíþróttar.⁷³

Líkt og þegar kemur að umfjöllun fjölmiðla eru konur í miklum minnihluta í stjórnunar- og leiðtogastöðum innan íþróttasíðna. Svo virðist sem hlutfall kvenna í slíkum stöðum hafi ekki aukist í takt við aukna þáttöku kvenna í íþróttum.⁷⁴ Því eru það fyrst og fremst karlmenn sem taka stefnumótandi ákvarðanir og ákvarðanir um úthlutun fjármagns innan íþróttahreyfingarinnar.⁷⁵

Rannsóknir hafa sýnt fram á skýr tengsl milli hlutfalls kvenna í stjórnunar- og leiðtogastöðum innan íþróttar og þess hvernig fjármunum er varið. Karlmenn í stjórnunar- og leiðtogastöðum innan íþróttar eru líklegri en konur í sömu stöðum til þess að leitast við að viðhalda því

⁷¹ Petty, K. og Pope, S. (2018). A New Age for Media Coverage of Women's Sport? An Analysis of English Media Coverage of the 2015 FIFA Women's World Cup. *Sociology*, 53(2), 486–502. <https://doi.org/10.1177/0038038518797505>

⁷² Schultz, J. (2018). *Women in Sport*. Oxford University Press.

⁷³ Cooky, C., Messner, M.A. og Musto, M. (2015). "It's Dude Time!" A Quarter Century of Excluding Women's Sports in Televised News and Highlight Shows. *Communication & Sport*, 3(3), 261–287. <https://doi.org/10.1177/2167479515588761>

⁷⁴ Vadhera, N. (2018). Impact of title IX on women's participation in sports: A drastic revolution in the arena of sports. *International Journal of Physiology, Nutrition and Physical Education*, 3(2), 512–519.

⁷⁵ Adriaanse, J.A. (2017). Quotas to Accelerate Gender Equity in Sport Leadership: Do they work? Í S. Leberman og L.J. Burton (ritstj.), *Women in sport leadership: Research and practice for change* (bls. 62–82). Routledge.

forskoti sem karlar innan íþróttanna hafa.^{76 77} Því má segja að skortur á konum í stjórnunar- og leiðtogastöðum innan íþróttahreyfingarinnar sé bæði orsök og afleiðing þess kynjahalla sem sjá má innan íþróttanna um allan heim.

Vísbendingar eru um að það sé erfiðara að fá konur en karla í stjórnunar- og leiðtogastörf innan íþróttahreyfingarinnar⁷⁸ og að konur hafi minni áhuga á slíkum störfum.⁷⁹ Margar ástæður hafa verið nefndar fyrir því að svo sé. Meðal annars hefur verið nefnt að stjórnir íþróttafélaga séu oft á tíðum einhvers konar karlklúbbar og að konur sem koma til starfa þurfi að aðlagast sig að þeirri menningu sem þar er innanborðs. Slíkt sé fráhrindandi fyrir konur sem kunna að hafa áhuga á störfum innan hreyfingarinnar.⁸⁰ Þrátt fyrir yfirlýstan vilja til að auka hlut kvenna í stjórnunar- og leiðtogastörfum virðist svo vera sem karlar sem þegar eru í stjórnnum séu líklegri og viljugri til þess að tilnefna aðra karla, fremur en konur, í slíkar stöður þegar þær losna. Kynjakvóti er lausn sem margir hafa bent á sem leið til þess að auka kynjajafnrétti í íþróttum og hefur verið nefnt í því sambandi að hlutfall kvenna (eða karla eftir atvikum) ætti ekki að vera minna en 30–40%.^{81 82}

Þrátt fyrir að rannsóknir hafi bent til þess að kynjakvótar hafi margvísleg jákvæð áhrif er þó mikilvægt að allir þeir sem taka þátt í stjórnunarstörfum hafi einlægan áhuga á þeim störfum en séu ekki einungis í störfum til að fylla upp í kynjakvóta.

4.1.2. Staðan á Íslandi

Árið 2020 voru 109.614 einstaklingar skráðir iðkendur og 217.378 einstaklingar skráðir félagsmenn innan ÍSÍ. Hlutfall kvenna af iðkendum var 40,5% og 47,1% af skráðum félagsmönnum. Líkt og um heim allan hallar á konur í stjórnnum innan íþróttahreyfingarinnar

⁷⁶ Tranter, R., Medd, R. og Braund, C. (2016). *Gender Balance in Global Sports Report. Women on Boards*. <https://www.womenonboards.net/womenonboards-AU/media/AU-Reports/2016-Gender-Balance-In-Global-Sport-Report.pdf>

⁷⁷ Yiamouyiannis, A. og Osborne, B. (2012). Addressing Gender Inequities in Collegiate Sport: *Examining Female Leadership Representation Within NCAA Sport Governance*. *SAGE Open*, 2(2), 1–13. <https://doi.org/10.1177/2158244012449340>

⁷⁸ Claringbould, I. og Knoppers, A. (2012). Paradoxical Practices of Gender in Sport-Related Organizations. *Journal of Sport Management*, 26(5), 404–416. <https://doi.org/10.1123/jsm.26.5.404>

⁷⁹ Burton, L.J. (2015). Underrepresentation of women in sport leadership: A review of research. *Sport Management Review*, 18(2), 155–165. <https://doi.org/10.1016/j.smr.2014.02.004>

⁸⁰ Claringbould, I. og Knoppers, A. (2007). Finding a 'Normal' Woman: Selection Processes for Board Membership. *Sex Roles*, 56, 495–507. <https://doi.org/10.1007/s11199-007-9188-2>

⁸¹ Wicker, P., Feiler, S. og Breuer, C. (2020). Board gender diversity, critical masses, and organizational problems of non-profit sport clubs. *European Sport Management Quarterly*, 1–21. <https://doi.org/10.1080/16184742.2020.1777453>

⁸² Adriaanse, J.A. (2017). Quotas to Accelerate Gender Equity in Sport Leadership: Do they work? Í S. Leberman og L.J. Burton (ritstj.), *Women in sport leadership: Research and practice for change* (bls. 62–82). Routledge.



á Íslandi. Þó virðist hlutfall kvenna í stjórnnum hérlandis vera hærra en gengur og gerist annars staðar. Árið 2019 var hlutfall kvenna í aðalstjórnnum íþróttafélaga innan vébanda ÍSí 34%, hlutfall kvenna í stjórnnum sérsambanda 31% og hlutfall kvenna í stjórnnum íþróttahéraða 39%. Hlutfall karla og kvenna var jafnast í framkvæmdastjórn ÍSí en sjö konur (44%) voru í stjórninni.⁸³ Í dag, 2021, er hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn ÍSí hins vegar 33%.⁸⁴ Til samanburðar er áætlað að hlutfall kvenna í stjórnnum innan íþróttahreyfingarinnar í Evrópu sé undir 20%.⁸⁵ Það er þó ekki svo að það halli einungis á konur í stjórnnum innan íþróttahreyfingarinnar en hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja á vinnumarkaði á Íslandi árið 2020 var 26,5%.⁸⁶

Í meistararitgerð Helenu Jónsdóttur frá árinu 2021⁸⁷ var skoðuð staða kvenna í stjórnnum íþróttafélaga á Íslandi sem buðu upp á meistaraflokk karla og kvenna í a.m.k. handbolta, fótbolta eða körfubolta. Í ljós kom að konur voru 48% stjórnarmanna í þeim 16 íþróttafélögum sem tóku þátt. Hlutverk kvenna í stjórnunum voru hins vegar ólík hlutverkum karla. Karlar voru formenn í 93% þátttökufélaga á meðan konur voru ritarar stjórnar í 89% félaga. Mikill meirihluti þátttökufélaga hafði, með ágætis árangri, leitað leiða til þess að fjölga konum í stjórnnum innan félagsins.

Þegar framkvæmdastjórar þátttökufélaga voru spurðir hverjar þeir töldu helstu hindranir kvenna til að taka þátt í stjórnunarstörfum innan íþróttafélaga töldu flestir að það væri skortur á tíma og áhuga. Fjórðungur framkvæmdastjóra taldi að menningin innan íþróttafélaga væri hindrun fyrir konur. Þriðjungur framkvæmdastjóranna sem þátt tóku í rannsókninni taldi að kynjakvóti gæti verið öflugt tæki til að jafna kynjahlutföll í stjórnnum íþróttafélaga en þriðjungur taldi kynjakvóta ekki vera hjálplegan.

⁸³ Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. (2019, 14. júní). *Aldrei fleiri konur í stjórn ÍSí*. <https://isi.is/frettir/frett/2019/06/14/aldrei-fleiri-konur-i-stjorn-isi/>

⁸⁴ Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (e.d.). Framkvæmdastjórn ÍSí. Sótt 26. nóvember 2021 af <https://isi.is/um-isi/framkvaemdastjorn-isi/>

⁸⁵ Katsarova, I. (2019). *Gender equality in sport: Getting closer every day*. European Parliamentary Research Service. [https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2019/635560/EPRS_BRI\(2019\)635560_EN.pdf](https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2019/635560/EPRS_BRI(2019)635560_EN.pdf)

⁸⁶ Upplýsingar fengnar úr óbirtri rannsókn Helenu Jónsdóttur sem gerð er í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands (KPI).

⁸⁷ Helena Jónsdóttir. (2021). *Gender Equality in Sports: The Gender Pay Gap and Women's Representation in Icelandic Sports Clubs*. [Meistararitgerð]. Háskólinn í Reykjavík.

4.1.3. Knattspyrnusamband Íslands

Saga kvennaknattspyrnu á Íslandi er stutt. Árið 1970 var kvennaknattspyrna viðurkennd sem ný íþrótt á Íslandi. Tveimur árum síðar var fyrsta Íslandsmótið haldið⁸⁸ en til samanburðar var fyrsta Íslandsmót karla haldið 1912.⁸⁹ Árið 1982 spilaði Ísland sinn fyrsta kvennalandsleik og íslenskt félagslið tók í fyrsta sinn þátt í Evrópukeppni árið 2001.

Um þriðjungur iðkenda innan KSÍ er konur en 17% af þjálfurum innan leyfiskerfis KSÍ eru konur.⁹⁰ Staðan er þó betri hér en í löndum sem Ísland ber sig gjarnan saman við. Hlutfall kvenþjálfara er 3% í Danmörku og 12% í Noregi. Mjög fáar konur starfa sem dómara á vegum KSÍ. Keppnistímabilið 2021 voru konur 4% af öllum dómurum innan leyfiskerfisins. Til samanburðar er hlutfall kvendómara 2% í Danmörku og 6% í Noregi.⁹¹

Þegar vinna úttektarnefndarinnar, sem ritar þessa skýrslu, hófst haustið 2021 voru starfsmenn á skrifstofu KSÍ 23. Þar af voru konur fimm (22%) en framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sambandsins eru konur. Þjálfarar í fullri vinnu hjá sambandinu voru sjö,⁹² allt karlmenn. Af 17 meðlimum þeirrar stjórnar sem sagði af sér þann 30. ágúst voru tvær konur (12%).

Í rannsókn Helenu Jónsdóttur um stöðu kvenna í störfum innan knattspyrnuhreyfingarinnar sem nú er í vinnslu í samstarfi við Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands (KÞÍ) og Íþróttafraeðideild Háskólans í Reykjavík kemur fram að hlutfall kvenna í stjórnnum knattspyrnudeilda aðildarfélaga KSÍ er um 25%, sambærilegt hlutfall er 14% í Danmörku en 27% í Noregi. Af þessari yfirferð má sjá að fjöldi kvenna í störfum innan knattspyrnuhreyfingarinnar er ekki í hlutfallslegu samræmi við fjölda kvenkyns iðkenda í knattspyrnu. Einnig virðist hlutfall kvenna í stjórnnum knattspyrnudeilda og KSÍ vera lægra en almennt gengur og gerist innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.

⁸⁸ Sigmundur Ó. Steinarsson. (2017). *Stelpunar okkar: Saga knattspyrnu kvenna á Íslandi frá 1914*. Knattspyrnusamband Íslands.

⁸⁹ Knattspyrnusamband Íslands. (e.d.). *Íslandsmeistarar í karlaflokkum*. Sótt 26. nóvember 2021 af <https://www.ksi.is/mot/fra-upphafi/islandsmeistarar-i-karlaflokkum/>

⁹⁰ Knattspyrnusamband Íslands. (2021). *Heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna: Skýrsla starfshóps*.

Sótt 26. nóvember 2021 af <https://www.ksi.is/um-ksi/frettir/frettasafn/frett/2021/02/01/Heildarendurskodun-a-knattspyrnu-kvenna/>

⁹¹ Upplýsingar fengnar úr óbirtri rannsókn Helenu Jónsdóttur sem gerð er í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands (KÞÍ).

⁹² Arnar Þór Viðarsson, þjálfari A-landsliðs karla, er sá áttundi en hann starfar einnig sem yfirmaður knattspyrnumála.



KSÍ hefur sett sér jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun, sem settar voru í febrúar 2021, með tímasettum aðgerðaáætlunum og skilgreindum ábyrgðaraðilum. Fjölmargar aðgerðir innan jafnréttisstefnunnar og jafnréttisáætlunarinnar snúa að auknu kynjajafnrétti innan knattspyrnunnar, svo sem að auka hlutfall kvenna innan knattspyrnuhreyfingarinnar.⁹³ Nánar er fjallað um jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun KSÍ í kafla 2.2.

Innan KSÍ hefur verið markvisst unnið að því síðastliðin ár að rétta hlut kvenna í þjálfun, dómgæslu og stjórnun. Einnig hefur verið unnið að því að samræma umgjörð í kringum kvenna- og karlalandslið og er samdóma álit þeirra sem hafa með landsliðsmál KSÍ að gera að umgjörð kvenna- og karlaliða sé mjög sambærileg í dag en það hafi ekki endilega verið svo á árum áður.

Eins og sakir standa er mikill munur á tekjum KSÍ vegna A-landsliðs karla og kvenna. Meirihluti tekna KSÍ vegna landsliða kemur vegna A-landsliðs karla. Sem dæmi má nefna fékk KSÍ 1,1 milljarðs króna greiðslu frá UEFA þegar karlalandsliðið vann sér inn þátttökurétt á EM karla 2016. Greiðslur fyrir sama árangur kvennalandsliðsins, þ.e. að vinna þátttökurétt á EM kvenna 2017, voru 36 milljónir króna.⁹⁴

Engu að síður hefur stjórn KSÍ á undanförunum árum tekið stefnumarkandi ákvarðanir í því skyni að rétta hlut kvenna. Þannig ákvað stjórnin árið 2018 að jafna bónusgreiðslur karla- og kvennalandsliða vegna árangurs í keppnisleikjum að undanskildum leikjum í lokakeppnum stórmóta.⁹⁵ Þá samþykkti stjórn KSÍ árið 2021 að hafa ákvæði um fæðingarorlof í nýrri reglugerð KSÍ nr. 16/2021, um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.⁹⁶ Í reglugerðinni er fæðingarorlof skilgreint á eftirfarandi hátt: Að lágmarki 14 vikna launað leyfi sem samningsbundinn kvenkyns leikmaður hefur rétt á að taka frá skyldum sínum gagnvart samningsfélagi vegna meðgöngu eða fæðingar. Þar kemur m.a. fram að leikmaður þurfi að nýta að lágmarki átta vikur af 14 vikna fæðingarorlofi eftir fæðingu barns. Í 19. gr. reglugerðarinnar eru sérstök ákvæði um samningsgerð við kvenleikmenn. Þar kemur m.a. fram að félag geti ekki sagt einhliða upp samningi við leikmann sem er eða hefur orðið barnshafandi, tekur fæðingarorlof eða vegna þess að leikmaður hefur nýtt sér réttindi tengd

⁹³ Knattspyrnusamband Íslands (e.d.). *Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun*. Sótt 26. nóvember 2021 af <https://www.ksi.is/um-ksi/ymsar-upplýsingar/jafnréttisstefna-og-jafnréttisaaetlun/>

⁹⁴ Kolbeinn Tumi Daðason. (2018, 4. janúar). *Stelpunar fá 100 þúsund krónur á stig eins og strákarinnir*. Vísir. Sótt 26. nóvember 2021 af <https://www.visir.is/g/2018180109545>

⁹⁵ Knattspyrnusamband Íslands. (2018, 4. janúar). *Sami stigabónus til leikmanna A-landsliða karla og kvenna*. Sótt 26. nóvember 2021 af <https://www.ksi.is/um-ksi/frettir/frettasafn/frett/2018/01/04/Sami-stigabonus-til-leikmanna-A-landslida-karla-og-kvenna/>

⁹⁶ Knattspyrnusamband Íslands. (2021, 10. september). *Ákvæði um fæðingarorlof í reglugerð um samninga kvenkyns leikmanna*. Sótt 26. nóvember 2021 af <https://www.ksi.is/um-ksi/frettir/frettasafn/frett/2021/09/10/Akvaedi-um-faedingarorlof-i-reglugerd-um-samninga-kvenkyns-leikmanna/>

meðgöngu eða barneign sem kveðið er á um í reglugerðinni. Jafnframt er kveðið á um að leikmaður hafi rétt á að snúa aftur að loknu fæðingarorlofi til að sinna íþróttalegum skyldum sínum gagnvart samningsfélagi, að fenginni staðfestingu frá meðferðaraðila og óháðum lækni (völdum af leikmanni og félagi) um að það sé leikmanninum óhætt. Enn fremur er sérstaklega tekið fram að leikmanni skuli veitt tækifæri og svigrúm til brjóstagjafar/næringar ungbarns á meðan leikmaður sinnir íþróttalegum skyldum gagnvart samningsfélagi. Að mati nefndarinnar er ótvírætt að reglugerðin felur í sér miklar réttarbætur fyrir knattspyrnukonur hérlandis. Til viðbótar er nú, þegar þetta er ritað, í gangi vinna innan sambandsins sem miðar að því að auðvelda verulega landsliðskonum sem eru mæður ungra barna að taka þátt í landsliðsverkefnum en sinna móðurhlutverkinu á sama tíma.

Fræðsluvið KSÍ hefur einnig markvisst unnið að því að fjölga kvenþjálfurum. Meðal aðgerða sem ráðist hefur verið í er að halda þjálfaranámskeið sem einungis eru ætluð konum. Þá hafa þátttökugjöld verið felld niður á sömu námskeiðum til að freista þess að auka áhuga kvenna. Einnig hefur verið boðið upp á þjálfaranámskeið fyrir áhugasamar landsliðskonur á meðan á landsliðsverkefnum stendur. Samkvæmt nýlegum kröfum UEFA þarf a.m.k. ein kona að vera í öllum þjálfarateymum kvennalandsliða.⁹⁷

Eins og áður hefur verið nefnt eru konur einungis 4% af dómurum innan leyfiskerfis KSÍ. Árið 2017 var gert átak í að leita að konum sem gætu haft áhuga á dómgæslu og haldin námskeið og ráðstefna fyrir hóp kvenna sem lýstu áhuga á dómarastörfum. Átakið skilaði þó á endanum fáum konum í dómgæslu. Nýtt átak til þess að fjölga konum í dómgæslu hófst aftur árið 2020. Þegar þetta er ritað er ekki ljóst hver árangurinn af því átaki er.

Eins og nefnt var hér að framan eru konur í miklum minnihluta í starfsemi KSÍ og svo virðist sem hlutfall kvenna í stjórnnum innan knattspyrnuhreyfingarinnar sé minna en innan íþróttahreyfingarinnar almennt. Stjórn KSÍ er kjörin á ársþingi en þar eiga 143 þingfulltrúar seturétt sem aðildarfélög KSÍ tilnefna. Undanfarin ár hefur verið viðvarandi kynjahalli á ársþinginu. Hlutfall kvenna af þingfulltrúum var rúm 5% á árunum 2015–2019. Metfjöldi kvenna meðal þingfulltrúa var á ársþingi árið 2020 þegar 12 (11%) konur mættu til leiks.⁹⁸ KSÍ hefur þó sent hvatningu síðustu ár til aðildarfélaga um að tilnefna konur til setu á ársþingi.

⁹⁷ Union of European Football Associations. (2020). *Regulations of the UEFA European Womens's Championship*. <https://documents.uefa.com/v/u/NGFetVrdlgnYoTB1KKwpsQ>

⁹⁸ Knattspyrnusamband Íslands. (2021). *Heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna: Skýrsla starfshóps*. <https://www.ksi.is/umksi/frettir/frettasafn/frett/2021/02/01/Heildarendurskodun-a-knattspyrnu-kvenna/>



Á ársþinginu 2020 var samþykkt að setja kynjakvóta á vegum sambandsins. Markmiðið með honum er að konur verði a.m.k. 30% fulltrúa í stjórnnum og ráðum á vegum KSÍ. Síðan kynjakvótinn var settur 2020 hefur fjöldi kvenna í stjórnnum og ráðum á vegum KSÍ aukist. Rétt er að taka fram að þær konur sem hafa boðið fram krafta sína til setu í stjórn KSÍ hafa í langflestum tilfellum fengið góða kosningu.

Árið 2021 var gefin út yfirlagsmikil skýrsla á vegum KSÍ um heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna. Fjögur markmið voru sett fram: i) að stúlkur fái að vaxa og dafna í fótbolta á eigin forsendum í heilbrigðu umhverfi, ii) að fleiri stúlkur æfi fótbolta, iii) að fá fleiri konur í leiðtogahlutverk í fótboltanum, þ.e. í stjórnnum og ráðum, sem þjálfara, sjálfboðaliða og dómara, iv) að auka gæði og samkeppnishæfni knattspyrnu kvenna og v) að styrkja stöðu kvenna í hreyfingunni allri. Alls voru 19 tillögur að aðgerðum, sem margar eru nú þegar komnar til framkvæmda, settar fram í skýrslunni. Sem dæmi um tillögur sem settar voru fram var að taka upp leyfiskerfi í efstu deild kvenna, sambærilegt því sem er í efstu deildum karla, með það að markmiði að efla kvennaknattspyrnu á efsta stigi hérlandis, breyta mótafyrirkomulagi í yngri flokkum, m.a. til þess að minnka brottfall, halda leiðtoganámskeið fyrir konur innan hreyfingarinnar, bæta markaðssetningu á kvennaknattspyrnu og setja upp jafnréttisleiðbeiningar fyrir fræðslufni og fjölmiðlaskrif.⁹⁹

4.3. Eru einhverjar aðstæður uppi innan KSÍ sem hamla þátttöku kvenna í starfsemi KSÍ? – upplifun viðmælenda

Starfsmenn KSÍ, bæði fyrrverandi og núverandi, voru sammála um að þegar litið væri til KSÍ sem vinnustaðar væri ekkert sem ætti að hamla konum að starfa innan hans. Þær konur sem störfuðu hjá KSÍ þegar vinna nefndarinnar stóð yfir nefndu að það væri gott að starfa hjá KSÍ sem kona. Þær könnuðust ekki við að innan skrifstofu KSÍ væri einhvers konar karlaríki og töldu að starfsumhverfið væri jákvætt. Karlkyns starfsmenn, núverandi og fyrrverandi, töldu heldur ekki að einhvers konar kynjamisrétti væri til staðar innan vinnustaðarins og bentu margir á að lykilstarfsmenn, svo sem framkvæmda- og fjármálastjóri, væru konur. Einnig bentu karlmennirnir á að fleiri en eitt dæmi væru um að konur innan KSÍ væru með áratuga starfsreynslu sem væri í það minnsta vísbending um að þeim hafi liðið vel á vinnustaðnum. Einn núverandi starfsmaður nefndi að hann hefði víðtæka starfsreynslu og hefði unnið í

⁹⁹ Knattspyrnusamband Íslands. (2021). *Heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna: Skýrsla starfshóps*. <https://www.ksi.is/umksi/frettir/frettasafn/frett/2021/02/01/Heildarendurskodun-a-knattspyrnu-kvenna/>

mismunandi fyrirtækjum. Hann nefndi að ekkert í stemningunni hjá KSÍ væri eitthvað verra en annars staðar hefði verið. Annar fyrrverandi starfsmaður, karlkyns, nefndi að hann hefði upplifað kvenfyrirlitningu og fordóma úti um allt og í ýmsum störfum en ekki þó innan KSÍ.

Starfsmenn KSÍ, bæði núverandi sem fyrrverandi, voru á einu máli um að mikið hefði verið gert síðustu ár til þess að styrkja stöðu kvenna innan KSÍ. Sérstök áhersla hefur verið á að fjölga konum bæði í dómgæslu og þjálfun eins og reifað hefur verið hér að framan. Margir nefndu einnig að nú væri umgjörð um karla- og kvennalandsliðin nánast alfarið sú sama en svo hefði ekki alltaf verið. Starfsmenn KSÍ voru þó sammála um að erfiðara væri að fá konur til starfa innan knattspyrnuhreyfingarinnar almennt. Konur væru t.d. ólíklegri en karlar til að sækja þau námskeið og viðburði sem KSÍ heldur og tölfræðin um hlutfall kvenna í þjálfun, dómgæslu og stjórnunar- og leiðtogahlutverkum talaði sínu máli. Margar ástæður voru nefndar fyrir þessari stöðu, svo sem að konur hefðu einfaldlega ekki eins brennandi áhuga á fótbolta og karlmenn, þær horfi síður á fótbolta í sjónvarpi, mæti síður á leiki, séu ólíklegri til að spila fótboltatölvuleiki og spjalla saman um fótbolta svo eitthvað sé nefnt. Konur væru hins vegar mjög virkar í starfi barna og unglingaráða en hættu gjarnan afskiptum af knattspyrnu þegar börn þeirra tækju ekki lengur þátt. Einnig var nefnt að vinnutími innan knattspyrnuhreyfingarinnar væri almennt mjög ófjölskylduvænn sem ef til vill hafi frekar letjandi áhrif á konur en karla. Freyr Alexandersson, fyrrverandi þjálfari A-landsliðs kvenna og karla, nefndi að staða kvenna innan knattspyrnuhreyfingarinnar væri samfélagslegt vandamál og nokkuð sem fræðimenn þyrftu að skoða.

Samhljómur var í frásögn starfsmanna sem lýst er hér að framan og frásögn stjórnarmanna. Stjórnarmenn nefndu flestir að stjórn og starfsmenn KSÍ hefðu gert mjög mikið til þess að efla kvennaknattspyrnu og til að ýta undir að konur tækju meiri þátt í störfum innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Stjórnarmenn sögðu frá því að þeir teldu erfiðara að fá konur til starfa innan knattspyrnuhreyfingarinnar en karla. Nefnt var að hreyfingin í heild sinni hefði verið karllæg en konur væru engu að síður velkomnar til starfa. Flestir töldu að eitthvað samfélagslegt hefði áhrif á hversu viljugar konur væru til þess að starfa innan hreyfingarinnar.

Þær konur sem starfað hafa innan stjórnar KSÍ á síðustu árum höfðu ekki orðið varar við kvenfyrirlitningu innan stjórnar KSÍ og skrifstofu. Þær nefndu einnig að konur í framboði til stjórnar KSÍ hafi yfirleitt fengið gott brautargengi. Borghildur Sigurðardóttir, fyrrverandi formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks og núverandi annar varaformanna KSÍ, nefndi að



hún fyndi ekki fyrir neinum leiðindum meðal formanna félaganna eða innan hreyfingarinnar, samstarfið á hinum formlega vettvangi væri gott.

Í viðtölum úttektarnefndarinnar við starfsmenn og stjórnarmenn kom hins vegar fram að konur sem starfa innan knattspyrnunnar fái gjarnan mun harðari, ósanngjarnari og óvægnari umfjöllun en karlmenn í fjölmiðlum, einkum hlaðvörpum. Einnig virðist áhugamenn um knattspyrnu, sem starfa þó ekkert endilega innan hreyfingarinnar, dæma konur harðar en karla. Stjórnarfolk greindi frá því að Borghildur hafi fengið sérstaklega dónaleg skilaboð áður en stjórn KSÍ sagði af sér í ágúst 2021. Hinn varaformaður KSÍ á þeim tíma, Gísli Gíslason, taldi víst að Borghildur hefði fengið fleiri og ljótari skilaboð en hann sjálfur. Einnig var nefnt að það virðist vera viðhorf meðal ákveðinna hópa að konur geti ekki starfað innan knattspyrnunnar.

Í viðtölum úttektarnefndarinnar við viðmælendur sem ekki starfa innan knattspyrnu-hreyfingarinnar kom ekkert fram sem benti til þess að sérstakar hindranir væru fyrir konur að starfa innan KSÍ, hvort sem er á skrifstofu eða í stjórn sambandsins. Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari, nefndi hins vegar að samkvæmt hennar athugunum og þekkingu væri fótboltinn mesta karlavelðið, á heimsvísu, þar væru mestu peningarnir og spillingin mikil (FIFA) og að menn hefðu oft farið fram gegn öllum almennum gildum og viðmiðum. Innan KSÍ væri fín jafnréttisstefna en verk fylgdu ekki orðum. Innan KSÍ þyrfti að setja jafnréttismál á dagskrá og ná til iðkenda og starfsfólks, breyta menningunni og viðhorfum til jafnréttismála. Hanna Björg nefndi líka að ákveðinn árangur hefði náðst, t.d. varðandi landslið kvenna í fótbolta.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra jafnréttismála á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur, nefndi að margt innan knattspyrnuheimsins sendi þau skilaboð til stelpna að þær væru á einhvern hátt lakari en strákar og að vandamál knattspyrnunnar lægi að einhverju leyti í því. Það sé t.d. ekki langt síðan Stöð tvö tók upp strákamót en ekki stelpumót og bikarar séu stærri hjá strákum en stelpum. Þegar stelpurnar koma svo upp í meistaraflokk mæta langtum færri á leiki hjá þeim. Ólöf Tara Harðardóttir, meðlimur Öfga, telur ástandið í fótboltanum ekki vera verra en annars staðar í samfélaginu. Það sé miklu frekar valdastaðan sem getur skapast innan fótboltans sem geti ýtt undir kynbundið ofbeldi líkt og í öðrum geirum.

4.4. Samantekt og ályktanir

Þrátt fyrir að konur séu í miklum minnihluta bæði á skrifstofu KSÍ og í stjórn sambandsins er ekki hægt að draga þá ályktun af þeim viðtölum sem nefndin tók og þeim gögnum sem stuðst hefur verið við að einhverjar þær aðstæður séu uppi innan KSÍ sem hamli þátttöku kvenna í starfi sambandsins. KSÍ starfar hins vegar innan hins alþjóðlega knattspyrnuheims þar sem hallað hefur á konur frá upphafi, líkt og í mörgum öðrum íþróttum. Til dæmis eru tekjur af karlknattspyrnu margfaldar á við tekjur af kvennaknattspyrnu hérlandis sem og erlendis.

Engu að síður er ljóst að KSÍ hefur beitt sér með virkum hætti á síðustu árum til að jafna aðbúnað karla- og kvennalandsliða. Þó er ekki hægt að líta framhjá því að hlutfall kvenna sem starfa innan knattspyrnuhreyfingarinnar er lágt og ekki í takt við hlutfall kvenniðkenda. KSÍ hefur einnig gripið til fjölmargra aðgerða til að auka hlut kvenna innan hreyfingarinnar sem hafa gengið misjafnlega vel en ljóst er þó að stór skref hafa verið stigin í rétta átt á síðustu árum. Úttektarnefndin telur engu að síður sýnt að til þess að auka hlutfall kvenna sem starfa innan knattspyrnuhreyfingarinnar þurfi öll knattspyrnuhreyfingin, ekki einungis KSÍ, að taka höndum saman. Ber þá helst að nefna aðildarfélög KSÍ, sem bera ábyrgð á því að tilnefna þingfulltrúa til setu á ársþingi KSÍ sem fer með æðsta vald knattspyrnuhreyfingarinnar, og ÍTF sem eru hagsmunasamtök liða í tveimur efstu deildum karla og kvenna. Í stjórn ÍTF er engin kona þegar þetta er ritað og hafa því einungis karlmenn ákvörðunarvald í sameiginlegri hagsmunabaráttu liða í efstu deild karla og kvenna. Eins og nefnt var að framan er slík samsetning stjórnna ekki ákjósanleg út frá jafnréttissjónarmiðum.^{100 101} Í þessu sambandi er rétt að minna á að samkvæmt lögum KSÍ eru aðildarfélögin skuldbundin til að vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis o.fl. Ekki er þó hægt að líta framhjá því sem komið hefur fram bæði í erlendum og innlendum rannsóknum, sem og í viðtölum úttektarnefndarinnar, að erfiðara virðist vera að fá konur til starfa innan knattspyrnuhreyfingarinnar en karlmenn. Nú stendur yfir rannsókn á vegum Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands (KþÍ) og Íþróttufræðideildar HR þar sem meginmarkmiðið er að skoða hvers vegna konur skila sér ekki í störf innan knattspyrnuhreyfingarinnar eftir að leikmannaverli þeirra lýkur. Hugsanlega verður hægt að hagnýta niðurstöður rannsóknarinnar til að auka og jafna hlut kvenna innan hreyfingarinnar.

¹⁰⁰ Tranter, R., Medd, R. og Braund, C. (2016). *Gender Balance in Global Sports Report. Women on Boards*. <https://www.womenonboards.net/womenonboards-AU/media/AU-Reports/2016-Gender-Balance-In-Global-Sport-Report.pdf>

¹⁰¹ Yiamouyiannis, A. og Osborne, B. (2012). Addressing Gender Inequities in Collegiate Sport: Examining Female Leadership Representation Within NCAA Sport Governance. *SAGE Open*, 2(2), 1-13. <https://doi.org/10.1177/2158244012449340>



5. kafli: Tillögur að útbótum

Eitt meginverkefni nefndarinnar er að leggja grundvöll að tillögum um umbætur verkferla eða frekari viðbrögð ef ástæða þykir til. Rétt er þó að taka fram að það er ekki hlutverk nefndarinnar að leggja til efnislegar tillögur að úrbótum eða tillögur sem snúast um aðra þætti í starfsemi KSÍ en þá sem þessi skýrsla fjallar um.

5.1. Grundvöllur að tillögum er varða umbætur á verkferlum

Úttektarnefndin telur ljóst að eins og sambandi KSÍ við leikmenn landsliða er háttað hafi KSÍ verulegt svigrúm um hvaða siðferðilegu reglur eða viðmið sambandið setur um val á leikmönnum sem spila fyrir hönd KSÍ. KSÍ getur þannig ákveðið að leikmenn sem hafa hlotið dóm fyrir kynferðislegt eða kynbundið ofbeldi komi ekki til greina í landslið Íslands. Þá getur KSÍ einnig mælt fyrir um að hið sama gildi um leikmenn á meðan þeir hafa stöðu sakbornings í sams konar málum í refsivörslukerfinu. Loks gæti KSÍ að öllum líkindum einnig sett sér það viðmið að ef fram kemur frásögn þolanda um brot leikmanns sem KSÍ telur trúverðuga komi hann heldur ekki til greina í landslið.

Að sama skapi er mikilvægt að hafa í huga að KSÍ hefur ekki frjálsar hendur um hvernig það aflar og vinnur með upplýsingar þar sem fram koma fullyrðingar eða grunsemdir um að einstaklingar, þar á meðal leikmenn, hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi. Þegar KSÍ fær inn á sitt borð tilkynningar og ábendingar um refsiverða háttsemi á borð við kynferðisbrot verður sambandið að fylgja þeim lögum og reglum sem í gildi eru við meðferð slíkra upplýsinga. Ef meðferð upplýsinga fellur undir gildissvið persónuverndarlaga er KSÍ skylt að gæta að meginreglum laganna um að vinnslan sé sanngjörn og gagnsæ, og að upplýsingarnar séu áreiðanlegar. Þá er verulegur vafi um að KSÍ geti gert þeim sem koma til greina í landslið Íslands skylt að leggja fram upplýsingar um kærur úr málaskrá lögreglu eða samþykkja að KSÍ geti aflað slíkra upplýsinga.

Það leiðir af þessum reglum persónuverndarlaga að KSÍ getur að jafnaði ekki unnið með upplýsingar sem sendar eru inn nafnlaust eða í öðrum þeim búningi þar sem ekki er unnt að kanna frekar hvert sannleiksgildi upplýsinganna er. Þá kunna að vera takmarkanir á því að hvaða leyti KSÍ gæti átt frumkvæði að opinberri umfjöllun um að leikmaður hafi ekki verið valinn í landsliðshóp vegna þess að hann hefur annaðhvort verið kærður fyrir kynbundið eða kynferðislegt ofbeldi eða að KSÍ hafi borist frásögn um slíkt brot.

Úttektarnefndin telur að draga megi þann lærdóm af viðbrögðum KSÍ við þeim frásögnum sem bárust um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi leikmanna að það hafi verulega þýðingu við meðferð þessara mála að ákveðin grundvallaratriði liggi fyrir í aðgengilegum reglum eða leiðbeiningum. Þannig telur nefndin mikilvægt að KSÍ geri upp við sig hvaða afleiðingar slíkar upplýsingar geti haft fyrir stöðu leikmanns og hvaða viðmið séu sett í því sambandi. Að öðrum kosti er óvíst í hvaða tilgangi KSÍ vinnur með slíkar upplýsingar sem er til þess fallið að gera viðbrögð sambandsins ómarkviss og ófyrirsjáanleg, þar sem bæði tilkynnanda og þeim sem tilkynningin beinist að er það óljóst hvers vænta má í framhaldinu. Slík meðferð persónuupplýsinga án skýrs tilgangs kann enn fremur að orka tvímælis út frá persónuverndarlögum.

Nefndin telur einnig ljóst að ef KSÍ setur sér reglur eða viðmið um meðferð tilkynninga um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi verði að liggja fyrir hvaða kröfur verði gerðar til efnis upplýsinga til þess að KSÍ geti fjallað um málið í samræmi við áreiðanleikareglu persónuverndarlaga. Í því fælist þá að KSÍ myndi ekki taka til meðferðar upplýsingar sem sendar væru inn nafnlaust eða í öðrum þeim búngi að KSÍ hefði ekki tök á að staðreyna þær.

Að mati úttektarnefndarinnar eru viðbrögð KSÍ í framhaldi af tilkynningu Y um mál tengdadóttur hennar í júní 2021 einnig til merkis um að miklu varði að það liggi ljóst fyrir hver það sé innan KSÍ sem taki við tilkynningum og beri síðan ábyrgð á frekari meðferð þeirra. Í því sambandi hefur fjöldi fyrrverandi og núverandi stjórnarmanna sem og starfsfólk greint nefndinni frá því að verkaskipting milli formanns og framkvæmdastjóra KSÍ hafi oft verið óljós og það hafi komið fyrir að formaður hafi undanfarin ár tekið til sín mál sem að jafnaði heyrðu undir framkvæmdastjóra. Þar sem KSÍ kann í ýmsum tilvikum að hafa verulega fjárhagslega hagsmuni af velgengni landsliða og að A-landslið karla er einn helsti tekjuöflunarliður sambandsins kann að vera rétt að umfjöllun um mál af þessum toga verði í höndum sjálfstæðs aðila innan KSÍ sem KSÍ hefur ekki beint boðvald yfir.

Úttektarnefndin leggur einnig til að KSÍ ljúki boðaðri forvarnar- og viðbragðsáætlun sem taki á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni fyrir vinnustaðinn og átti að vera tilbúin 15. apríl 2021. Þá leggur nefndin til að KSÍ taki til skoðunar hvort rétt sé að setja sérstakar reglur um keppnisferðir á vegum KSÍ rétt eins og eru til staðar innan ÍSí.



5.2. Grundvöllur að tillögum er miða að því að auka hlut kvenna í starfsemi KSÍ

Eins og fjallað var um í 4. kafla eru konur í miklum minnihluta í allri starfsemi KSÍ og knattspyrnuhreyfingarinnar í heild sinni. Brýnt er að leita allra leiða til þess að leiðrétta þann kynjahalla. Leggur úttektarnefndin því til að þær aðgerðir sem lagðar eru til í skýrslu KSÍ frá 2021 um heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna komi til framkvæmda eins fljótt og auðið er. KSÍ er hvatt til þess að halda áfram að hvetja aðildarfélög sín til þess að tilnefna konur sem þingfulltrúa á knattspyrnuþingi en auk þess er lagt til að fjallað verði um kosti þess og galla að taka upp kynjakvóta á þinginu. Lagt er til að KSÍ festi ákvörðun sína um kynjakvóta í stjórn og nefndir í lög sambandsins. Einnig er KSÍ hvatt til þess að nýta heimildir núgildandi laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, til að beita sértækum aðgerðum þegar verið er að ráða í nýjar stöður innan skrifstofu KSÍ. Lagt er til að KSÍ fylgi vel eftir jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun sem sambandið hefur nýlega sett sér. KSÍ er einnig hvatt til þess að tala fyrir kynjajafnrétti á vettvangi FIFA, UEFA og í samfélaginu öllu.

